

**SKOÐUN** Alma Rún R. Thorarensen skrifar um hegningarlög og skálkaskjól vændiskaupenda. 29



**MENNING** Andrea Maack er með gluggainnsetningu í versluninni Fenwick í London. 62



**SPORT** Geir Þorsteinsson þarf að huga að mörgu fyrir umspilsleikina í nóvember. 56







# FRÉTTABLAÐIÐ

**Fimmtudagur**
17. október 2013
244. tölublað 13. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012


## FRÉTTIR



**Gjaldþroti frestað**
Leiðtogar í öldungadeild Bandaríkjaþings kynntu í gær samkomulag sem kemur í veg fyrir greiðslufall ríkissjóðs fram í febrúar. 10

**Ekki fylgst með bólusetningum** Engar sérstakar reglur eru til sem kveða á um að kalla börn inn í bólusetningar 2

**Vilja ekki kirkjuna** Íbúasamtök Vesturbæjar segja rússneska rétttrúnaðarkirkju við Mýrargötu of umfangsmikla. 12

**Efast um forsendur** Bílgreinasambandið segir breytinga þörf eigi áætlanir ríkisins um aukna bílasölu á næsta ári að ganga eftir. 16




24

| | | | |
|---|---|---|---|
| Bolungarvík | 5° | SSA | 4 |
| Akureyri | 4° | SA | 3 |
| Egilsstaðir | 3° | SA | 5 |
| Kirkjubæjarkl. | 5° | SSA | 5 |
| Reykjavík | 6° | SSA | 4 |

**Skýjað að mestu** og lítils háttar væta sunnan- og vestanlands. Strekkingur með S-ströndinni en annars fremur hægur vindur. Hiti 2 til 8 stig. 4

## 2 SÉRBLÖÐ

Vetrardekk | Fólk




# Ákærðir fyrir að lána sjálfum sér út úr VÍS

Sérstakur saksóknari ákærir Lýð Guðmundsson og Sigurð Valtýsson fyrir umboðssvik og brot gegn hlutafélagalögum þegar þeir sátu í stjórn VÍS. Undir eru lán og viðskipti fyrir hundruð milljóna. Rannsóknin á VÍS var upphaflega mun viðameiri.

**DÓMSMÁL** Sérstakur saksóknari hefur gefið út ákæru á hendur Lýði Guðmundssyni, fyrrverandi stjórnarformanni Existu, og Sigurði Valtýssyni, fyrrverandi forstjóra félagsins, fyrir umboðssvik og brot gegn hlutafélagalögum sem stjórnarmenn í Vátryggingafélagi Íslands (VÍS).

Í ákærunni, sem sakborningum hafði ekki verið birt í gærmorgun, eru þrjú ákæruatriði tíunduð: Í fyrsta lagi fimmtíu milljóna lán frá VÍS til Sigurðar sjálfs, í öðru lagi tugmilljóna lán VÍS til félagsins Korks ehf., sem er í eigu bræðranna Lýðs og Ágústs Guðmundssona, og í þriðja lagi kaup VÍS á 40 prósenta hlut í félaginu Reykjanesbyggð ehf. fyrir 150 milljónir. Félagið var í eigu Kristjáns Gunnars Ríkharðssonar, svila Sigurðar.



LÝÐUR GUÐMUNDSSON



SIGURÐUR VALTÝSSON

Lánveitingarnar eru taldar varða við 104. grein hlutafélagalaga, sem kveður meðal annars á um að hlutafélög megi ekki veita stjórnarmönnum lán, og kaupin á Reykjanesbyggð ehf. eru flokkuð sem umboðssvik.

Rannsókn sérstaks saksóknara á VÍS var mun viðameiri í upphafi og beindist þá meðal annars að margra milljarða lánveitingum félagsins til móðurfélagsins Existu. Þá voru sakborningarnir fimm en að minnsta kosti einhverjum þeirra var tilkynnt í gær að málið gegn þeim hefði verið fellt niður. - sh / sjá síðu 8

Ný bók fyrrverandi ráðherra:

## Heiðarleg bók um hrunið

**BÆKUR** Um næstu mánaðamót kemur út bókin Steingrímur J – Frá hruni og heim, á vegum Bjarts.

Þar ræðir Steingrímur J. Sigfússon, fyrrverandi fjármálaráðherra, við Björn Þór Sigbjörnsson um hvernig það var að vera í forystu við að reisa landið úr rústum hrunsins, tildrög þess að stjórn Samfylkingarinnar og Vinstri grænna tók við árið 2009, þungbærar deilur við samherja og gerir upp hin miklu hitamál þessara ára.



STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON

„Það er nokkuð um liðið síðan ég lauk mínum þætti í þessu. Þetta var bara ánægjuleg glíma við að koma þessu saman með mjög öflugum og samviskusömum skrásetjara,“ segir Steingrímur, spurður út í bókina. - fb / sjá síðu 62



**AÐSTAÐAN TEKIN ÚT** Agnes Sigurðardóttir biskup fór í heimsókn á geisladeild Landspítalans í gær. Þjóðkirkjan hefur meðal annarra staðið fyrir söfnun fyrir nýjum línuhraðli fyrir geisladeildina. Samkvæmt áætlun verður hægt að byrja geislameðferð með nýja línuhraðlinum fyrir jól. Ásamt Agnesi eru á myndinni Garðar Mýrdal eðlisfræðingur og Þórarinn Sveinsson læknir. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Leggja til sölu á húsnæði:

## UMFÍ skuldar 200 milljónir

**SAMFÉLAGSMÁL** Ungmennafélag Íslands (UMFÍ) skuldar rúmlega 200 milljónir króna og er því skuldugasta æskulýðsfélag Íslands. Félagið hefur fengið rúman milljarð í styrk frá íslenska ríkinu frá árinu 2001.



JÓN PÁLSSON

Jón Pálsson, fráfarandi gjaldkeri félagsins, bókaði á stjórnarfundi í lok september að það yrði að skera niður bifreiðahlunnindi hjá félaginu, sem meðal annars formaður þess nýtur. Hann vill einnig selja húsnæði félagsins að Sigtúni 42 en í fundargerðinni heldur hann því fram að endar náist ekki saman í rekstri þess og því þurfi að selja það. - vg / bls 4

Forstjóri Landhelgisgæslunnar gagnrýnir fyrirkomulag sjúkraflugs harðlega:

# Vill sjúkraflugið til Gæslunnar

**ÖRYGGISMÁL** Georg Lárusson, forstjóri Landhelgisgæslunnar, segir að fyrirkomulag sjúkraflugs á Íslandi nái ekki nokkurri átt. Hann telur það hagfellt til lengri tíma litið að allt sjúkraflug sé á hendi Landhelgisgæslunnar.

„Að sjúkraflug í þessu litla landi annars vegar sé gert út af velferðarráðuneytinu og hins vegar sjúkra- og neyðarflug af innanríkisráðuneytinu og Landhelgisgæslunni getur ekki verið hagfellt. Þetta er spurning um að hagræða, auka öryggi og spara peninga,“ segir Georg spurður um fyrirkomulag sjúkraflugs á Íslandi og hvort það eigi allt að vera á einni hendi.

Georg segir að LHG hafi á að skipa flugvélum, þyrlum, skipum og öðrum tækjum, sem og víðtækri þekkingu og reynslu við neyðaraðstæður hvers konar.

➜ Þetta er spurning um að hagræða, auka öryggi og spara peninga.

„Þess utan rekur Landhelgisgæslan stjórnstöðvar sem eru opnar allan sólarhringinn og hefur beinar tengingar við viðbragðsaðila í nágrannalöndunum, hvort sem er á sjó eða í lofti.“ - shá / sjá síðu 6










## SPURNING DAGSINS



Birgir, er þetta ekki of mikið maus?

**„Nei, þetta er bara Danni Maus, Eggi Maus, Palli Maus og Biggi Maus.“**

Birgir Örn Steinarsson og félagar í hljómsveitinni Maus ætla að snúa aftur hinn 29. október næstkomandi eftir níu ára hlé.

Stækkunarstjóri ESB segir að stutt hafi verið í niðurstöðu um lykilatriði í aðildarviðræðum:

# Tillit hefði verið tekið til sérstöðu Íslands

**EVRÓPA** Þegar íslensk stjórnvöld ákváðu að hætta aðildarviðræðum við Evrópusambandið var skammt í að niðurstaða næðist, þar sem tekið hefði verið tillit til sérstöðu Íslands.

Þetta fullyrti Štefan Füle, stækkunarstjóri Evrópusambandsins, þegar hann kynnti stöðuna í stækkunarmálum sambandsins á Evrópuþinginu í gærmorgun.

„Ég held að við höfum ekki verið svo langt frá því að geta kynnt íbúum Íslands samkomulag sem myndi taka til greina bæði sérstöðu Íslands og meginreglur Evrópusambandsins og almennar reglur leiksins,“ sagði Füle.

Füle ítrekaði að Evrópusambandið væri hvenær sem er reiðubúið að halda áfram aðildarviðræðum við Ísland, kysu Íslendingar það.

„Okkar megin höfum við ekki dregið okkur í hlé,“ sagði hann. „Ég er enn sannfærður um að við gætum náð niðurstöðu sem yrði öllum aðilum til hagsbóta og jákvæð.“

Í stöðuskýrslu stækkunardeildar framkvæmdastjórnarinnar, sem kynnt var í gær, segir að aðildarviðræðurnar við Ísland hafi verið langt komnar, þótt enn hafi ýmis ágreiningsmál verið óleyst.

Í skýrslunni er fjallað um stöðu aðildarviðræðna við þau átta ríki sem ESB hefur átt í viðræðum við um aðild. Auk Íslands eru þetta Tyrkland og Balkanskagaríkin Albanía, Bosnía og Hersegóvína, Kósóvó, Makedónía, Serbía og Svartfjallaland. -gb




**SKÝRSLAN KYNNT** Štefan Füle flutti ræðu á Evrópuþinginu í gærmorgun.



**EINS OG Í VÍSINDASKÁLDSÖGU** Höfuðstöðvarnar munu heita Campus 2 en þær hafa einnig verið kallaðar geimskipið.

Apple reisir nýjar höfuðstöðvar fyrirtækisins í Kaliforníu:

## Ekki ein slétt rúða í byggingunni

**VIÐSKIPTI Bandaríski tölvurisinn Apple hefur fengið samþykki Cupertino-borgar í Kaliforníu fyrir byggingu nýrra höfuðstöðva fyrirtækisins. Steve Jobs kynnti byggingaráformin fyrir dauða sinn árið 2011.**

**Byggingin, sem er 250 þúsund fermetrar, hefur verið kölluð geimskipið vegna lögunar sinnar en tólf þúsund manns koma til með að vinna í henni. Sex kílómetrar af bognu gleri verða notaðir í bygginguna en áætlaður heildarkostnaður við framkvæmdina er talinn verða sem nemur rúmum sex hundruð milljörðum króna.** -eh

Jafnlaunaúttekt PwC:

## Landsvirkjun fær gullmerkið

**JAFNRÉTTISMÁL** Launamunur kynjanna hjá Landsvirkjun er 1,6 prósent samkvæmt jafnlaunaúttekt PwC en var 12 prósent árið 2003. Konur hafa að jafnaði ögn hærri föst laun en karlar en heildarlaun karla eru ögn hærri. Munurinn er innan þeirra marka sem krafist er til að fyrirtæki hljóti gullmerki PwC.

Hörður Arnarson, forstjóri Landsvirkjunar, segist stoltur af viðurkenningunni og að hann muni vinna áfram að því að bjóða konum jafnt sem körlum samkeppnishæft og gefandi starfsumhverfi. -fbj

Þriðjungur upplifað áreitni:

## Mismunun í lögreglunni

**JAFNRÉTTISMÁL** Tæplega þriðjungur kvenna í lögreglunni telur sig hafa orðið fyrir kynferðislegri áreitni. Þetta kemur fram í niðurstöðum rannsóknar sem ríkislögreglustjóri lét gera í samstarfi við kynjafræðideild Háskóla Íslands.

Í könnuninni kemur jafnframt fram að framgangur kvenna innan lögreglunnar sé mjög hægur, konur upplifa að þær muni ekki ná framgangi í starfi líkt og karlar. Þá upplifa konurnar að gengið sé fram hjá þeim við skipun í stöður í lögreglunni. -fbj

# Enginn fylgist með bólusetningu barna

Engar sérstakar reglur eru til um að kalla börn inn í bólusetningar. Heilsugæslustöðvar hafa misjafnan hátt á að minna foreldra á tíma í ungbarnaeftirliti.

„Börn eru ekki kölluð inn til að fara í eftirlit og bólusetningu. Það er alfarið á ábyrgð foreldra að koma með börnin,“ segir Anna Guðríður Gunnarsdóttir, hjúkrunarfræðingur og verkefnastjóri ung- og smábarnaverndar á heilsugæslustöð Selfoss.

„En við erum í góðri samvinnu við leikskólana og þeir minna foreldra á skoðanir,“ bætir Anna Guðríður við.

Í kjölfar umfjöllunar Fréttablaðsins um bólusetningar barna og skýrslu sóttvarnalæknis, þar sem fram kemur að töluvert hátt hlutfall íslenskra barna er vanbólusett, hefur umræðan um eftirlit heilbrigðisyfirvalda með bólusetningum verið áberandi.

Samkvæmt skýrslunni er hlutfall bólusetninga lægst við tólf mánaða og fjögurra ára skoðun.

„Það líður svo langur tími á milli skoðana eftir fyrsta árið en við minnum alltaf foreldra á að koma í næstu skoðun og bókum jafnvel tíma langt fram í tímann. Svo er það á ábyrgð foreldra og þeirra val að koma í eftirlit og bólusetningar með börnin. Það kemur stundum fyrir að barnið sé veikt í skoðun. Þá er ákveðið að bíða með bólusetningu og nýr tími gefinn. Ef tíminn er afboðaður eða foreldrar gleyma tímanum er lítið sem við getum gert í því. Kerfið okkar býður ekki upp á að við höfum reglulegt eftirlit með mætingu.“

Sesselja Guðmundsdóttir, sviðsstjóri ung- og smábarnasviðs á þróunarsviði Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, segir mjög misjafnt í gegnum tíðina hvernig heilsugæslustöðvar hafi minnt foreldra á að koma í ung- og smábarnavernd.



**UNG- OG SMÁBARNAVERND** Oft er minnt á tíma með bréfi, símleiðis eða öðrum skilaboðum en ekki er um skipulegt eftirlit að ræða. MYND/GETTY

„Sumar stöðvar hafa sent bréf, sumar setja auglýsingu í hverfisblað og aðrir senda skilaboð eða hringja,“ segir Sesselja.

Í haust var ákveðið að byrja að senda öllum foreldrum á höfuðborgarsvæðinu bréf og minna á skoðanir sem helst gleymast hjá foreldrum. Það eru 18 mánaða, tveggja og hálfs árs og fjögurra ára skoðanir þar sem börnin eru einnig bólusett.

„Við ákváðum að samræma þetta hjá heilsugæslustöðvunum með því að senda miðlægt bréf frá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins. Það verður fróðlegt að sjá hvort það skili sér í enn betri þátttöku í þessum skoðunum. Annars er alltaf farið í gegnum bólusetningarsögu barna þegar þau koma í grunnskólann og þá er hægt að bregðast við ef það vantar einhverja bólusetningu,“ segir Sesselja. -ebg



**Það er alfarið á ábyrgð foreldra að koma með börnin.**

*Anna Guðríður Gunnarsdóttir, hjúkrunarfræðingur og verkefnastjóri ung- og smábarnaverndar á heilsugæslustöð Selfoss*


**HAFBERG**

*fiskbúð sælkerans*

**STÓR HUMAR**

**ÞORSKHNAKKAR**

**GLÆNÝ LÚÐA**

**HUMARSÚPA**

**HEITUR MATUR Í HÁDEGINU**

**OPIÐ MÁNUD-FÖSTUD KL 9-18.15 • LAUGARDAGA 11-16**

**Gnoðarvogi 44 • Sími 588 8686**


Tíu vændiskaupamál komin á dagskrá héraðsdóms sama daginn:

# Fjöldi vændiskaupenda ákærður

**DÓMSMÁL** Tíu mál gegn kaupendum vændis eru á dagskrá Héraðsdóms Reykjaness á fimmtudaginn í næstu viku. Nöfn sakborninganna eru ekki birt á dagskránni, þar kemur aðeins fram að hvert kynferðisbrotið á fætur öðru á hendur einstaklingum sem allir eru kallaðir „A“ verði þingfest.

Fréttablaðið hefur upplýsingar um að málin snúist um kaup á vændi og séu hluti af málum sem bárust ríkissaksóknara frá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu í sumar. Alls voru mál 86 ætlaðra kaupenda send ákæruvaldinu og þau snerust meira og minna um kaup á vændi af tveimur konum.

Ekki fást upplýsingar um það hvort gefnar hafi verið út ákærur í fleiri málum en þessum tíu sem komin eru á dagskrá Héraðsdóms Reykjaness. Samkvæmt heimildum blaðsins hafa einhver mál verið felld niður hjá ríkissaksóknara en þó er ljóst að ákært verður í mun fleiri málum en tíu.

Í apríl kynnti sérstakt teymi lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum afrakstur margra mánaða rannsóknar á vændi og mansali á Íslandi. Við rannsóknina var sjónum einkum beint að vændi sem auglýst var á netinu og í smáauglýsingum.



**RANNSÓKNIN KYNNT** Lögreglan kynnti afrakstur rannsóknar sinnar á blaðamannafundi í apríl. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Fram kom í skýrslu greiningardeildar ríkislögreglustjóra að lögregla hefði ekki fundið sannanir fyrir því að mansal þrifist í borginni. - sh


Nýtt kortatímabil
KRINGLUKAST
FIMMTUDAG TIL MÁNUDAGS
OPIÐ TIL 21 Í KVÖLD
NÝJAR VÖRUR
20-50%
AFSLÁTTUR
Kringlan
AF ÖLLU HJARTA
kringlan.is
facebook.com/kringlan.is

## SVONA ERUM VIÐ



**62%** **Íslendinga taka lýsi þrisvar í viku eða oftar.**

**Að jafnaði tekur þjóðin lýsi fjórum sinnum í viku, en alls tekur um helmingur þjóðarinnar lýsi daglega.**

*Heimild: Matís*

Stúdentafélag Háskólans í Reykjavík vill ganga lengra til að jafna stöðu háskólanema á leigumarkaði:

# Aðgangur að húsnæði ætti að vera jafn

**FÉLAGSMÁL** „Stúdentar í háskólum verða að komast að heiman,“ segir Anita Brá Ingvadóttir, formaður Stúdentafélags Háskólans í Reykjavík. „Fólk er heima til 25 ára aldurs því það hefur ekki efni á öðru. Því fagna ég öllum breytingum sem styðja stúdenta í leigumálum.“



**ANITA BRÁ INGVADÓTTIR**

Þingflokkur Bjartrar framtíðar hefur lagt fram frumvarp um breytingu á lögum um húsaleigubætur þannig að stúdentar sem leigja saman á almennum markaði fái greiddar húsaleigubætur eins og þeir sem fá sérstakar stúdentaíbúðir. Flokkurinn vill að stúdentar njóti sama stuðnings hvort sem þeir leigja á námsgörðum eða á almennum markaði.

Stúdentafélag HR fagnar framtaki þingmanna Bjartrar framtíðar en hvetur þá til að huga áfram að því að jafna stöðu háskólanema með því að tryggja jafnan aðgang að húsnæði. „Við viljum sjá framtíðarstefnu í húsnæðismálum allra stúdenta á höfuðborgarsvæðinu, óháð því hvaða nafn, aldur eða sögu skóli þeirra ber. Félagsstofnun stúdenta leigir út fjölmargar íbúðir fyrir stúdenta en þær eru eingöngu fyrir nemendur Háskóla Íslands. Ef litið er almennt til leigumála stúdenta þá er skrýtið að það sé ekki jafn aðgangur að húsnæði.“

Félagsstofnun stúdenta hýsir 1.500 einstaklinga, nemendur og fjölskyldur þeirra, í byggingum sínum. Stúdentar HÍ eiga Félagsstofnun stúdenta og vinnur stofnunin eingöngu í þágu þeirra. FS er sjálfseignarstofnun, þiggur ekki styrki frá ríkinu heldur fjármagnar byggingar með lánum frá Íbúðalánasjóði og eigin féi. -ebg

➜ Félagsstofnun stúdenta hýsir 1.500 einstaklinga, nemendur og fjölskyldur þeirra, í byggingum sínum.

Nýtt viðmót opnað:

## Endurskrifuðu kerfi Mentors

**MENNTUN** Upplýsingakerfið Mentor hefur verið endurskrifað frá grunni og verður það innleitt í áföngum á þessu skólaári og því næsta. Fyrsta skrefið í innleiðingunni er nýtt viðmót sem Illugi Gunnarsson menntamálaráðherra mun opna formlega í Hörpu í dag.

Mentor, sem er þekkingarfyrirtæki á sviði kennslufræði og aðalnámskrár, er eitt mest notaða upplýsingakerfi landsins, að því er segir í fréttatilkynningu. Kerfið er einnig notað í fjórum öðrum löndum í Evrópu. -ibs

Tvær þyrlur til áramóta:

## Sýn af landi brott í skoðun

**ÖRYGGISMÁL** Sýn, þyrla Landhelgisgæslunnar, er farin í reglubundna skoðun og endurbætur. Skoðunin er nokkuð umfangsmikil en auk þess verður þyrlan útbúin nætursjónaukabúnaði. Áætlað er að þyrlan komi ekki til landsins fyrr en eftir áramót.

Flugvélin Sif er nú við landamæraeftirlit á Miðjarðarhafi á vegum Frontex, Landamærastofnunar Evrópusambandsins. Upphaflega var áætlað að flugvélin yrði mánuð á svæðinu en LHG hefur boðið Sif fram til verkefna til áramóta. Á meðan munu þyrlurnar Líf og Gná sinna verkefnum flugdeildar LHG hér heima. -shá

## Leiðrétt

Sameiginlegir tónleikar Viborg Domkirkes Ungdomskor og Gradualekórs Langholtskirkju eru í Langholtskirkju í kvöld, fimmtudag, klukkan 20.

Beðist er forláts á rangri dagsetningu tónleikanna í blaðinu í gær – og áréttað að þeir eru í kvöld.

# UMFÍ skuldar 200 milljónir og afnemur bílahlunnindi

Ungmennafélag Íslands er mjög skuldsett þrátt fyrir miklar tekjur. Fráfarandi gjaldkeri félagsins vill skera niður bifreiðahlunnindi sem formaður félagsins nýtur. Lagði til að höfuðstöðvar UMFÍ yrðu seldar.

**VIÐSKIPTI** Ungmennafélag Íslands (UMFÍ) skuldar rúmlega 200 milljónir króna og er því skuldugasta æskulýðsfélag Íslands. Félagið hefur fengið rúman milljarð í styrk frá íslenska ríkinu frá árinu 2001. Þá fær það vel yfir hundrað milljónir á ári vegna lottótekna en félagið á hlut í Íslenskri getspá.

Fráfarandi gjaldkeri félagsins bókaði á stjórnarfundi í lok september að skera yrði niður bifreiðahlunnindi hjá félaginu, sem meðal annars formaður þess nýtur. Heildarkostnaður vegna bifreiða á síðasta ári var tíu milljónir króna samkvæmt ársreikningi. Gjaldkerinn leggur einnig til róttækar aðgerðir eins og að selja höfuðstöðvar félagsins að Sigtúni 42.

Orðrétt segir í bókun gjaldkerans um húsnæðið: „[…] þrátt fyrir að húsaleiga til eigin reksturs og annarra aðila í húsinu sé með því allra hæsta sem þekkist í Reykjavík nást ekki endar saman í rekstri eignarinnar.“

„Það eru ekki allir sammála gjaldkeranum,“ segir Helga G. Guðjónsdóttir, formaður UMFÍ. Hún segir UMFÍ hafa fengið Deloitte til að meta kosti þess að selja húsnæðið eða leigja og Deloitte hafi metið það sem svo að það væri hagstæðara að eiga húsnæðið. Spurð aftur um álit fráfarandi gjaldkerans svarar Helga: „Við eigum ekki í neinum vandræðum.“

Engu að síður fékk stjórnin samþykkt á síðasta þingi heimild til að selja höfuðstöðvar UMFÍ að Sigtúni. Eins fékk stjórnin heimild til þess að selja veitingahús í eigu félagsins í Þrastarlundi. Mikil vandræði hafa einkennt rekstur Þrastarlundar síðustu ár. Þannig var tap af rekstri Þrastarlundar átta og hálf milljón króna árið 2012. Það er þó nokkuð betra en árið 2011 þegar UMFÍ tapaði 15 milljónum á rekstrinum.



**UMFÍ** Fráfarandi gjaldkeri UMFÍ lagði til að húsnæði félagsins yrði selt.

Aðspurð hverjir séu með hlunnindabifreiðar hjá UMFÍ svarar Helga að það séu þrír sem njóti slíkra hlunninda. Það sé hún sjálf og svo tveir starfsmenn félagsins. „En það stendur til að breyta því,“ bætir hún við. Aðspurð hvað komi til að því verði breytt svarar Helga: „Við ætlum bara að gera það.“

Þegar hún er innt aftur eftir svari svarar hún: „Það hlýtur að vera sparnaðaraðgerð. Við viljum borga niður skuldir.“



**HELGA GUÐJÓNSDÓTTIR**



**JÓN PÁLSSON**

Helga rifjar þá upp áfall sem UMFÍ varð fyrir eftir hrun þegar félagið fjárfesti í verðbréfum hjá VBS fyrir 70 milljónir króna. Félagið reynir nú að endurheimta féð og hefur tekist það að einhverju leyti, auk þess sem UMFÍ hefur kært VBS til sérstaks saksóknara.

„Reksturinn síðustu tíu ár hefur ekki verið nógu góður,“ segir Jón Pálsson, fráfarandi gjaldkeri félagsins, þegar hann er spurður um álit sitt á rekstri UMFÍ síðustu ár, sem einkennst af misheppnuðum hlutabréfaviðskiptum hjá VBS, veitingahúsi sem stendur ekki undir sér og mikilli skuldasöfnun þrátt fyrir traustar tekjur.

„En það eru ekki fasteignir eða veraldlegir hlutir sem þetta á að snúast um heldur starfið sjálft. Þar á fókusinn að vera,“ segir Jón að lokum.

**valur@frettabladid.is**

> **Reksturinn síðustu tíu ár hefur ekki verið nógu góður.**
>
> *Jón Pálsson, fráfarandi gjaldkeri UMFÍ*


# HAFÐU BÍLINN KLÁRAN FYRIR VETURINN!

**SJÖ VERSLANIR** MEÐ MIKIÐ VÖRUÚRVAL




EXPO - www.expo.is

**REYKJAVÍK,** Bíldshöfða 9, Funahöfða 13
**KÓPAVOGUR,** Smiðjuvegi 4a, græn gata
**HAFNARFJÖRÐUR,** Dalshrauni 17
**REYKJANESBÆR,** Krossmóa 4, **SELFOSS,** Hrísmýri 7
**AKUREYRI,** Furuvöllum 15, **EGILSSTAÐIR,** Lyngás 13
**www.bilanaust.is**

Bílanaust — Gæði, reynsla og gott verð!


## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




**HELGIN VERÐUR NOKKUÐ BJÖRT** og fremur hægur vindur ef undan er skilin suðurströndin. Það er heldur að kólna á landinu en engu að síður viðrar ágætlega til útiveru hvort sem um er að ræða haustverk í garðinum eða gönguferðir.




**Á morgun**
Strekkingur allra syðst, annars hægari.




**Laugardagur**
Strekkingur með SA-ströndinni annars hægari.

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 27° | Berlín | 15° | Friedrichshafen | 16° | Las Palmas | 25° | New York | 23° | París | 18° |
| Aþena | 20° | Billund | 14° | Gautaborg | 13° | London | 18° | Orlando | 31° | San Francisco | 20° |
| Basel | 19° | Frankfurt | 15° | Kaupmannahöfn | 13° | Mallorca | 27° | Ósló | 9° | Stokkhólmur | 8° |



**Ingibjörg Karlsdóttir**
veðurfréttamaður

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal jonl@frettabladid.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson gudmundurs@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Ívar Örn Hansen ivarorn@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kolli@365.is, Sigurður Helgi Grímsson sigurdurhg@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is



Láttu hjartað ráða
500g e
Tómatpassata
HIMNESKT
10 KRÓNUR
AF HVERRI SELDRI HIMNESKT VÖRU Í OKTÓBER RENNA TIL LJÓSSINS
LJÓSIÐ
„Tómatvörurnar okkar eru unnar úr lífrænum, dísætum tómötum sem fá að þroskast til fulls á plöntunni. Þær eru enn fremur sykurlausar.“
Solla
BÓNUS
HAGKAUP
HIMNESKT

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Hversu mörg prósent lögreglumanna eru konur?
**2.** Hvar er mest atvinnuleysi á landinu?
**3.** Hvaða hljómsveit stígur aftur á svið eftir níu ára hlé?

**SVÖR:**
**1.** Innan við 13 prósent. **2.** Á Suðurnesjum. **3.** Maus.

Skrifaði umdeilda grein um samskiptamarkaðinn sem var úrskurðuð ólögleg:

# Aðsend grein braut gegn lögum

**DÓMSTÓLAR** „Mér finnst það náttúrulega ótrúlegt að það sé hægt að úrskurða svona grein ólögmæta,“ segir Játvarður Jökull Ingvarsson, framkvæmdastjóri símafyrirtækisins Hringdu.

Neytendastofa úrskurðaði á mánudaginn að aðsend grein, sem Játvarður skrifaði í Morgunblaðið á síðasta ári, væri brotleg gegn lögum um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu. Í greininni eru gerðar athugsemdir við þjónustu Símans og fleiri símafyrirtækja, því velt upp að verðsamráð sé á netmarkaði og fjallað um þjónustu Hringdu. Neytendastofa telur greinina vera samanburðarauglýsingu gagnvart þjónustu Símans, sem kærði Hringdu vegna greinarinnar. Þá voru auglýsingar Hringdu einnig úrskurðaðar brotlegar.

Meðal þess sem Játvarður skrifar um er skoðun hans á ljósleiðurum og ljósneti. „Ef ég væri til að mynda að flytja bíla til landsins, og mér fyndist Samskip betra en Eimskip, mætti ég þá ekki tjá mig um það hvort mér fyndist betra?“ spyr Játvarður að lokum. - vg



**JÁTVARÐUR JÖKULL INGVARSSON**

Fjármálaþing Íslandsbanka:

## Hagvöxturinn muni aukast

**EFNAHAGSMÁL** Hagvöxtur mun aukast um 0,3 prósentustig og verður 1,7 prósent á þessu ári samkvæmt spá Greiningar Íslandsbanka. Ingólfur Bender, aðalhagfræðingur bankans, telur að framkvæmdir í Helguvík komist á skrið á árinu 2015 og hagvöxtur verði 2,7 prósent þá.

„Þetta er ekki mikill hagvöxtur í samanburði við það sem hagkerfið hefur verið að vaxa um á undanförnum áratugum,“ segir Ingólfur. -eh



**REFUR** Ísfirðingar vilja mat á refastofninum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Bæjarráð Ísafjarðar:

## Ríkið borgi refarannsókn

**NÁTTÚRUFAR** Félag refa- og minkaveiðimanna deilir áhuga Náttúrufræðistofnunar á markvissri skráningu og rannsóknum á veiddum refum á Vestfjörðum í samstarfi við Melrakkasetur Íslands og fleiri aðila.

Þetta kemur fram í bréfi veiðimannanna til bæjarráðs Ísafjarðar sem skorar á umhverfisráðuneytið að leggja Melrakkasetrinu til það fjármagn sem til þarf til þessara rannsókna og stofnmats refa á Vestfjörðum. - gar



**FERÐAÞJÓNUSTA** Fatlað fólk nýtir ferðaþjónustu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Leggja til stefnubreytingu:

## Séu í samfloti í akstursþjónustu

**KÓPAVOGUR** Félagsmálaráð Kópavogs hvetur nú bæjarráð til að taka þátt í útboði sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu um akstursþjónustu við fatlað fólk. Kópavogur hefur um árabil staðið utan þessa samstarfs og fengið gagnrýni frá fötluðum vegna þessa. „Þjónustustig Ferðaþjónustu fatlaðra er einfaldlega ekki ásættanlegt í mörgum tilvikum, þó að í öðrum sé það vissulega fullnægjandi,“ sagði til dæmis Kristinn Halldór Einarsson, formaður Blindrafélagsins, á árinu 2010. - gar

# Forstjóri vill sjúkraflugið til Gæslunnar

Fyrirkomulag sjúkraflugs á Íslandi stenst enga skoðun, er mat forstjóra Landhelgisgæslunnar. Mun hagfelldara væri að flugið væri á einni hendi. Ráðherra segir ekkert mæla gegn skoðun en Ríkisendurskoðun snuprar ráðuneyti fyrir seinagang.

**ÖRYGGISMÁL** „Fyrirkomulagið eins og það er nú nær ekki nokkurri átt. Að sjúkraflug í þessu litla landi sé annars vegar gert út af velferðarráðuneytinu og hins vegar sjúkra- og neyðarflug af innanríkisráðuneytinu og Landhelgisgæslunni getur ekki verið hagfellt. Þetta er spurning um að hagræða, auka öryggi og spara peninga,“ segir Georg Lárusson, forstjóri Landhelgisgæslunnar, spurður um fyrirkomulag sjúkraflugs á Íslandi og hvort það eigi allt að vera á einni hendi. „Til að mögulegt sé að halda úti öflugri björgunar-, neyðar- og sjúkraflugsþjónustu þarf reksturinn að vera sterkari,“ segir Georg.



**GEORG LÁRUSSON**

Hann spyr hvað græðist á því að hafa tvær miðstöðvar til að vakta neyðartilfelli; eina á Akureyri ef vantar sjúkraflugvél og aðra í Reykjavík ef vantar sjúkraþyrlu eða stóra vél til að fara til útlanda. „Gæslan hefur sterka innviði sem skiptir öllu máli í þessu sambandi. Auk tækja og víðtækrar þekkingar og reynslu við neyðaraðstæður hvers konar, rekum við stjórnstöðvar sem eru opnar allan sólarhringinn. Landhelgisgæslan getur því auðveldlega tekið að sér annað sjúkraflug í landinu jafnvel þó svo þjónustan verði áfram starfrækt frá Akureyri.

Spurður um kostnað við að Gæslan tæki að sér allt sjúkraflug hérlendis segir Georg ljóst að stofnkostnaður gæti orðið nokkur, og sértekjur af leigu flugvélar Gæslunnar til útlanda myndu rýrna. „Þessari vél var ætlað að vera til taks hér við land til björgunar, eftirlits og öryggis svo sem vegna náttúruhamfara og slysa. Þess vegna væri mjög eftirsóknarvert að vinna hana til baka aftur með því að endurskoða fyrirkomulag sjúkraflugs. Þegar horft er til allra þátta svo sem samræmingar, umfangsmeiri rekstrar, aukins öryggis og hagræðingar hlýtur þetta að vera hagkvæmara fyrirkomulag.“ svavar@frettabladid.is




**Á VETTVANGI** Mýflug hefur annast almennt sjúkraflug síðustu misseri. MYND/HÖRÐUR GEIRSSON

### Ríkisendurskoðun snuprar ráðuneyti

- **Silja Dögg Gunnarsdóttir,** þingmaður Framsóknarflokksins, fékk á mánudag skriflegt svar Hönnu Birnu Kristjánsdóttur innanríkisráðherra við spurningunni hver afstaða hennar væri til þess að LHG taki við öllu almennu sjúkraflugi, eins og lengi hefur verið til skoðunar innan stjórnsýslunnar. Ráðherra svarar spurningunni ekki beint, en sér því ekkert til fyrirstöðu að kanna þá möguleika til hlítar í samstarfi við velferðarráðuneytið.
- **Í úttekt Ríkisendurskoðunar** á sjúkraflugi sem birt var nýlega kemur fram að ekki liggi fyrir nægar upplýsingar til að meta hvort framkvæmanlegt er, og hagkvæmt, að Gæslan annist almennt sjúkraflug á landinu, eins og segir í svari ráðherra. Þar kemur hins vegar ekki fram að Ríkisendurskoðun snuprar ráðuneytin fyrir að hafa ekki gengið úr skugga um hvort svo sé.



**REKNIR AF ÞINGI** Þingmenn Gullinnar dögunar í þingsal. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Gríska þingið:

## Sex þingmenn missa þinghelgi

**GRIKKLAND, AP** Gríska þingið samþykkti í gær að svipta sex þingmenn Gullinnar dögunar þinghelgi svo hægt yrði að sækja þá til saka.

Nokkrir helstu leiðtogar flokksins voru handteknir í síðasta mánuði, sakaðir um að reka flokkinn eins og glæpasamtök. Morð á þekktum tónlistarmanni, sem hafði gagnrýnt útlendingahatur Gullinnar dögunar, varð til þess að stjórnvöld réðust til atlögu gegn flokknum.

Gullin dögun er flokkur harðskeyttra þjóðernissinna sem náði töluverðu fylgi í þingkosningum á síðasta ári, þegar skuldakreppan hafði komið harkalega niður á almenningi í Grikklandi. - gb

Fjórða af 594 verkefnum:

## Fá Evrópustyrk í þararannsókn

**NÝSKÖPUN** Íslenska fyrirtækið Marinox ehf. hlaut á dögunum veglegan rannsóknar- og þróunarstyrk á vettvangi Eurostars-áætlunarinnar sem 33 ríki í Evrópu eru aðilar að.

Verkefni Marinox og samstarfsaðila var metið fjórða besta verkefnið af 594 verkefnum.

Verkefnið snýr að því að fullvinna verðmæt lífvirk efni úr íslenskum stórþörungum, sem meðal annars má nota sem fæðubótarefni eða sem íblöndunarefni í ýmsar neytendavörur.

Marinox er nýsköpunarfyrirtæki sem runnið er undan rifjum Matís. - shá






## DIOR KYNNING Í HAGKAUP 17. - 23. OKTÓBER.

**20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM DIOR MÖSKURUM.**

Sérfræðingar frá Dior verða í Hagkaup Kringlunni, Smáralind, Garðabæ, Skeifunni, Holtagörðum og Akureyri og veita ráðgjöf við val á kremum og förðunarvörum. Kaupauki fylgir við kaup á tveim vörum frá Dior.*

*meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

Opnaði skrifstofu í Noregi:

## Dohop færir út kvíarnar

**VIÐSKIPTI** Íslenska hugbúnaðarfyrirtækið Dohop opnaði í gær skrifstofu í Noregi. Fyrirtækið, sem rekur ferðaleitarvélina dohop.com, hefur hingað til einungis haft aðstöðu á Íslandi. „Við ákváðum að ráða markaðsstjóra í Noregi og sækja þangað af alvöru. Við höfum áður tekið hænuskref þar en langar núna að taka gott hopp inn á markaðinn og sjá hvað við getum gert,“ sagði Kristján Guðni Bjarnason, framkvæmdastjóri Dohop. -hg

Unglingar standa fyrir vinaviku þar sem vinátta og kærleikur eru í fyrirrúmi:

## Vina-Vopnafjörður í eina viku

**VOPNAFJÖRÐUR** Unglingar í æskulýðsfélgi kirkjunnar á Vopnafirði standa nú fyrir Vinaviku á Vopnafirði í fjórða skipti. Stefán Már Gunnlaugsson, sóknarprestur Hofsprestkalls, segir börnin sjálf hafa átt hugmyndina að vikunni.

„Með vinavikunni sýna unglingarnir í verki hvernig hægt er að hafa áhrif á umhverfið með því að gleðja og vekja jákvæð viðhorf. Tilgangurinn er að minna á hin sönnu verðmæti; vináttuna og kærleikann,“ segir Stefán.

Samningur var gerður við bæjarstjórn um að bærinn heiti Vina-Vopnafjörður á meðan á vikunni stendur en fjöldi viðburða er á dagskrá. Dagskránni lýkur með kærleiksmaraþoni á sunnudaginn en þá ganga 30 unglingar í hús og bjóða fram aðstoð sína við létt heimilisverk auk þess sem boðið verður upp á kaffi og veitingar í safnaðarheimilinu. Þá verður andlitsmálun fyrir börn, Vinabingó og bílaþvottur fyrir gesti og gangandi þeim að kostnaðarlausu. -eh



**RÚNTAÐ UM BÆINN** Rúntað um bæinn Krakkarnir á Vopnafirði tóku daginn snemma í gær og dreifðu hjörtum í hús með vinalegum skilaboðum.

Rúmenar ákærðir:

## Ungar konur seldar mansali

**SVÍÞJÓÐ** Karl og kona frá Rúmeníu hafa verið ákærð í Stokkhólmi fyrir mansal. Grunur leikur á að þau hafi neytt fjölda ungra rúmenskra kvenna til að stunda vændi á 18 stöðum í miðborg Stokkhólms.

Dagens Nyheter hefur eftir saksóknara að parið hafi þvingað ungu konurnar til kynlífsþjónustu í Stokkhólmi, Gautaborg og Ósló. Rannsókn lögreglunnar hefur leitt í ljós að konurnar voru á tímabili fluttar fram og aftur milli Stokkhólms og Belfast á Írlandi. -ibs



**ALEXEI NAVALNÍ** Ásamt eiginkonu sinni í réttarsal í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Dómurinn skilorðsbundinn:

## Navalní þarf ekki í fangelsi

**RÚSSLAND, AP** Dómstóll í Kirov í Rússlandi hefur ákveðið að fangelsisdómurinn sem Alexei Navalní hlaut í sumar verði skilorðsbundinn.

Navalní er þekktur bloggari og einn helsti leiðtogi stjórnarandstöðunnar gegn Vladimír Pútín forseta.

Navalní var dæmdur í fimm ára fangelsi í júlí síðastliðnum fyrir fjárdrátt en látinn laus úr fangelsi daginn eftir. Borgarstjórakosningar í Moskvu voru haldnar skömmu síðar og fékk Navalní þar 27 prósent atkvæða.

Stjórn Pútíns hefur, eins og oft áður, verið sökuð um að hafa haft áhrif á dómstólana, bæði þegar hann var dæmdur í fangelsi og eins nú þegar ákveðið er að skilorðsbinda dóminn. - gb

Nýr vefur opnaður:

## Samráð við Hafnfirðinga

**SVEITARFÉLÖG** Vefurinn betrihafnarfjordur.is fór í loftið í gær. Vefurinn er hugsaður sem samráðsvettvangur þar sem bæjarbúum gefst tækifæri til að setja fram hugmyndir um málefni er varða þjónustu og rekstur bæjarins, að því er segir í fréttatilkynningu.

Hafnarfjarðarbær áskilur sér rétt til að nota þær hugmyndir sem fram koma á vefnum.

Í gær var einnig undirritaður samningur við Íbúa ses. um uppsetningu og þróun á vefnum. - ibs

# Hundraða milljóna viðskipti undir í VÍS-máli saksóknara

Alls eru á þriðja hundrað milljóna viðskipti VÍS talin saknæm í ákæru sérstaks saksóknara gegn Lýði Guðmundssyni og Sigurði Valtýssyni. Þrír sem höfðu réttarstöðu sakbornings á fyrri stigum eru ekki ákærðir.

**DÓMSMÁL** Sérstakur saksóknari hefur gefið út ákæru á hendur Lýði Guðmundssyni, fyrrverandi stjórnarformanni Existu, og Sigurði Valtýssyni, fyrrverandi forstjóra félagsins, fyrir umboðssvik og brot gegn hlutafélagalögum sem stjórnarmenn í Vátryggingafélagi Íslands (VÍS).

Ákæruatriðin eru þrjú: Í fyrsta lagi fimmtíu milljóna króna lán sem VÍS veitti Sigurði sjálfum í febrúar 2009 og var ítrekað framlengt og í öðru lagi tugmilljóna lán VÍS til Korks ehf., félags í eigu Lýðs og Ágústs bróður hans, sem var framlengt og hækkað sex sinnum.



Þessar tvær lánveitingar eru taldar varða við 104. grein hlutafélagalaga þar sem meðal annars er lagt bann við því að hlutafélag láni stjórnarmönnum sínum fé. Hámarksrefsing fyrir slíkt brot er tveggja ára fangelsi. Þessi lán eru hins vegar ekki talin varða við umboðssvikaákvæði hegningarlaga, meðal annars af því að lánin voru greidd upp og af þeim varð hvorki tjón né teljandi áhætta á því.

Þriðja atriðið í ákærunni er hins vegar ætluð umboðssvik þegar VÍS keypti 40 prósenta hlut í félaginu Reykjanesbyggð ehf. af Kristjáni Gunnari Ríkharðssyni, svila Sigurðar, fyrir 150 milljónir. Umboðssvik varða allt að tveggja ára fangelsi og sex árum ef sakir teljast mjög miklar.

Ákæran hafði ekki verið birt tvímenningunum í gærmorgun. Hún verður þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur föstudaginn 24. október.

Sérstakur saksóknari réðst í húsleit hjá VÍS vegna rannsóknar á málefnum félagsins í maí 2011 og færði fjóra til yfirheyrslu.

Rannsóknin á VÍS var í upphafi mun umfangsmeiri og snerist meðal annars um samtals 41 lán sem VÍS veitti Existu árið 2008. Þau námu samtals 84,4 milljörðum, þótt útistandandi kröfur VÍS á Existu hafi aldrei verið hærri en sex milljarðar í einu. Þá voru lán til fleiri einstaklinga og félaga til rannsóknar. Ekki hefur verið ákært fyrir þessar lánveitingar.

Enn fremur voru fimm menn með réttarstöðu sakbornings vegna þessara mála; auk Lýðs og Sigurðar voru það þeir Erlendur Hjaltason, meðforstjóri Sigurðar hjá Existu, Bjarni Brynjólfsson, starfsmaður Existu og varamaður í stjórn VÍS, og Guðmundur Örn Gunnarsson, forstjóri VÍS. Þeir þrír síðastnefndu hafa ekki verið ákærðir.

Þetta er önnur ákæran sem sérstakur saksóknari gefur út á hendur Lýði Guðmundssyni. Sú fyrri var vegna hlutafjáraukningar í Existu, þegar aðeins einn milljarður, fenginn að láni frá Lýsingu, var greiddur fyrir 50 milljarða hlutafjáraukningu í félaginu. Í maí var Lýður fundinn sekur og dæmdur til að greiða tveggja milljóna sekt, en saksóknari hafði farið fram á átján mánaða fangelsisdóm. Meðákærði, lögmaðurinn Bjarnfreður Ólafsson, var sýknaður.

stigur@frettabladid.is

**150** milljónum króna af fé VÍS var varið í að kaupa 40 prósenta hlut í félagi í eigu svila Sigurðar Valtýssonar. Sérstakur saksóknari álítur þetta umboðssvik.



### Sagði sig frá hrunmálum vegna sonarins



Í nóvember 2008 sagði Valtýr Sigurðsson, þáverandi ríkissaksóknari, sig frá því verkefni að sinna frumrannsóknum á meintum brotum innan bankakerfisins sem síðar mundu koma til kasta embættis sérstaks saksóknara. Valtýr er faðir Sigurðar Valtýssonar og taldi þau tengsl geta valdið vanhæfi sínu.

Viku áður en hann tilkynnti um ákvörðun sína sagðist hann í viðtali við Morgunblaðið ekki álíta sig vanhæfan í málaflokknum.


**Bílar í ábyrgð**

Nýlegir bílaleigubílar í verksmiðjuábyrgð. Komdu og veldu þann sem hentar þínum þörfum best.

Skoðaðu úrvalið á benni.is



**Chevrolet Spark**
Árgerð 2012 | Ekinn 57.000
Beinskiptur | bensín
**Verð 1.490 þús. kr.**



**Chevrolet Aveo**
Árgerð 2012 | Ekinn 72.000
Beinskiptur | bensín
**Verð 1.790 þús. kr.**



**Chevrolet Cruze**
Árgerð 2012 | Ekinn 75.000
Beinskiptur | bensín
**Verð 1.990 þús. kr.**

Opið virka daga 10:00 - 18:00 og laugardaga 12:00 - 16:00

**Bílabúð Benna Reykjavík**
Notaðir bílar • Bíldshöfða 10
Sími: 590 2035 • notadir@benni.is

**Bílabúð Benna Reykjanesbær**
Nýir og notaðir bílar • Njarðarbraut 9
Sími: 420 3330 • notadir@benni.is

Bílabúð Benna
Sérfræðingar í bílum

# DEBENHAMS

## BLÁA BOMBAN

**VERÐSPRENGJA!**

# 20%

**VIÐBÓTARAFSLÁTTUR**
AF ALLRI ÚTSÖLUVÖRU

GILDIR ÚT MÁNUDAG

Opið í dag frá 11:00 - 21:00

**NÝTT KORTATÍMABIL**

**20%** AFSLÁTTUR AF ÖLLUM SNYRTIVÖRUM*
**BARA Í DAG!**

*Gildir ekki af snyrtivörum frá MAC

Finndu okkur á facebook

*Gerðu lífið skemmtilegra*

DEBENHAMS – SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR

Efla skyndihjálparkunnáttu:

## Rauði krossinn á símaskránni

**FJARSKIPTI** Símaskrá næsta árs verður helguð Rauða krossinum á Íslandi.

Sigríður Margrét Oddsdóttir, forstjóri Já, og Hermann Ottósson, framkvæmdastjóri Rauða krossins á Íslandi, skrifuðu undir samkomulag þess efnis í höfuðstöðvum Rauða krossins á Íslandi í gær.

Í tilkynningu sem Já sendi frá sér vegna samkomulagsins segir að símaskráin verði meðal annars notuð til að miðla upplýsingum um skyndihjálp til landsmanna. -hg

Alþýðusamband Íslands lagði fram tillögur í sextán liðum um hvernig mætti vinna gegn kennitöluflakki:

# Kennitöluflakk kostar tugi milljarða á ári

**EFNAHAGSMÁL** „Samfélagslegt tjón vegna kennitöluflakks fyrirtækja skiptir tugum milljarða á ári þannig að það er svo sannarlega mikið vandamál," segir Halldór Grönvold, aðstoðarframkvæmdastjóri ASÍ, sem segir flakkið bitna á launafólki, heiðarlegum fyrirtækjum og samfélagslegum sjóðum.

„Við höfum sýnt fram á að það má áætla að tjón af kennitöluflakki sé yfir 50 milljarðar á ári, sem er 10 milljörðum meira en árlegur rekstur Landspítalans," segir Halldór.

Sambandið lagði í gær fram tillögu í sextán liðum um aðgerðir til að sporna við þessu. ASÍ telur nauðsynlegt að taka upp strangari reglur varðandi hæfi einstaklinga til að vera í forsvari fyrir félög með takmarkaða ábyrgð. Takmörk verði sett á nafnabreytingar félaga og þá er lagt til að þeir sem ítrekað gerast sekir um kennitöluflakk missi hæfi tímabundið til að stofna eða vera í forsvari fyrir hlutafélög eða einkahlutafélög.

Halldór segir kennitöluflakk meira vandamál hér á landi en annars staðar, sem endurspeglist meðal annars í þeim fjárhæðum sem um ræðir sem og þeirri staðreynd að á Íslandi eru skráð um 30 þúsund einkahlutafélög en í Danmörku, sem er mun fjölmennari þjóð, séu þau 80 þúsund.

Halldór segir mikilvægt að stjórnvöld grípi til aðgerða til að koma í veg fyrir kennitöluflakk. -fbj



**HALLDÓR GRÖNVOLD** Aðstoðarframkvæmdastjóri ASÍ. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**VÍKIN** Sjálfseignarstofnunin Sjóminjasafn Reykjavíkur er á leiðinni að verða yfirtekin af borginni. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Samstaða á milli flokkanna:

## Sameina fjögur söfn í borginni

**REYKJAVÍKURBORG** Sameina á Minjasafn Reykjavíkur, Ljósmyndasafn Reykjavíkur, Víkina-Sjóminjasafn og Viðey.

Í menningar- og ferðamálaráði var jafnframt samþykkt að leggja til við borgarráð Reykjavíkur að rekstur og starfsemi sjálfseignarstofnunarinnar Víkurinnar – Sjóminjasafns Reykjavíkur á Grandagarði yrði yfirtekin með eignum og skuldum stofnunarinnar og safnið gert að borgarsafni. Breytingin á að taka gildi um næstu áramót. Fulltrúar minnihluta Sjálfstæðisflokks í menningar- og ferðamálaráði lýstu sig sammála sameiningunni sem ætlað sé að skila öflugra safni. Ekki sé gert ráð fyrir hagræðingu, að minnsta kosti ekki til að byrja með. - gar

**SKAGAFJÖRÐUR**

### Fimm milljónir í refaveiði

Á tímabilinu 1. september í fyrra og út ágúst á þessu ári voru unnir 317 refir og 125 minkar í sveitarfélaginu Skagafirði. Útlagður kostnaður vegna refaveiðanna var fimm milljónir króna og átta hundruð þúsund vegna minkaveiðanna.

# Gjaldþroti Bandaríkjanna frestað þangað til í febrúar

Leiðtogar repúblikana og demókrata í öldungadeild Bandaríkjanna kynntu í gær samkomulag um að framlengja greiðsluheimild ríkissjóðs. Þar með getur ríkið greitt afborganir af skuldum sínum nokkra mánuði í viðbót. Engin allsherjarsátt hefur þó tekist innan Repúblikanaflokksins og búast má við deilum áfram.

**BANDARÍKIN** Leiðtogar demókrata og repúblikana í öldungadeild Bandaríkjaþings hafa náð samkomulagi í harðvítugri fjárlagadeilu sem nærri var búin að gera ríkissjóð Bandaríkjanna gjaldþrota.

Samkomulagið felst í því að ríkið fær heimild til fjármögnunar til 15. janúar og þar með er tryggt að ekki verður greiðslufall á afborgunum ríkisskulda fyrr en í fyrsta lagi 7. febrúar.

Þetta er því aðeins bráðabirgðalausn. Báðar þingdeildir eiga enn eftir að greiða atkvæði um samkomulagið og er talið að nægilega margir repúblikanar hyggist samþykkja það í fulltrúadeild til að hægt verði að afhenda Barack Obama lögin til undirritunar í tæka tíð áður en ríkissjóður yrði gjaldþrota, sem myndi annars gerast í kvöld. Þá rennur nefnilega út frestur til að hækka skuldaþak Bandaríkjanna, sem hefði verið nauðsynlegt til að ríkissjóður gæti greitt af skuldunum.

Ekki er hróflað við heilbrigðislöggjöf Obama, sem repúblikanar höfðu gert kröfur um að yrði afnumin eða í það minnsta frestað. Þó var samþykkt að bæta ákvæði við heilbrigðislöggjöfina um að kanna þurfi sérstaklega hvort þiggjendur bóta muni í raun þurfa á fé úr ríkissjóði að halda.

Obama Bandaríkjaforseti hefur fagnað samkomulaginu og segist treysta því að geta undirritað lögin fljótlega.

Það voru demókratinn Harry Reid, leiðtogi meirihlutans í öldungadeildinni, og repúblikaninn Mitch McConnell, leiðtogi minnihlutans, sem kynntu samkomulagið í gær eftir langar og strangar samningaviðræður.

„Nú er tími til sátta," sagði Reid. Strax er þó komið í ljós að enn er mikill ágreiningur innan Repúblikanaflokksins um málið.

Búast má við því að sams konar deilur upphefjist á ný þegar þessi stutti viðbótarfrestur rennur út snemma á næsta ári.

gudsteinn@frettabladid.is



**PITSUR Í ÞINGHÚSIÐ** Þingmenn jafnt sem starfsfólk þingsins hefur varla getað gefið sér tíma til að matast undanfarið en sá vandi hefur verið leystur með ýmsum hætti. NORDICPHOTOS/AFP



**SPURNINGUM SVARAÐ** Öldungadeildarþingmaðurinn Ted Cruz, repúblikani frá Texas, reyndi að svara fjölmiðlum þegar fyrstu fréttir af samkomulaginu voru teknar að berast. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

www.volkswagen.is




Volkswagen Polo

Sparar sig vel

Meðaleyðsla aðeins 5,5 lítrar á hverja 100 km

Polo 1.2 bensín kostar aðeins:

2.460.000 kr.

Polo Trendline 1.2 bensín, 70 hestafla, beinskiptur

Das Auto.

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is

Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

Landsvirkjun

# Landsvirkjun er með gull í Jafnlaunaúttekt PwC

Landsvirkjun hefur fengið gullmerkið í Jafnlaunaúttekt PwC. Hjá fyrirtækinu hafa konur að jafnaði örlítið hærri föst laun en karlar á meðan heildarlaun karla eru ögn hærri. Munurinn er langt innan þeirra 3,5% marka sem krafist er til að fyrirtæki hljóti gullmerkið.

Konum hefur fjölgað í stjórnunar- og sérfræðistörfum hjá Landsvirkjun á undanförnum árum. Við erum stolt af þeim árangri sem markviss jafnréttisstefna hefur skilað og vinnum áfram að því að bjóða konum jafnt sem körlum samkeppnishæft og lifandi starfsumhverfi.

Jafnlaunaúttekt
PwC
2013



JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA



**SKÓLAMÖTUNEYTI** Ánægja með matinn er meiri í leikskólum en í grunnskólum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Skólamötuneyti aðlaga sig:

## Ætla að elda uppáhaldsmat

**LÝÐHEILSA** „Stefnt er að því að auka ánægju grunnskólabarna og foreldra með matinn með markvissari hráefniskaupum og auknu gæðaeftirliti,“ segir í tilkynningu frá mötuneytisþjónustu skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar.

Yfir 80 prósent foreldra leikskólabarna eru ánægð með matinn en aðeins rösklega helmingur foreldra grunnskólabarna. Mötuneytissviðið hyggst safna uppskriftum sem börnin eru ánægðust með og laga þær að ráðum Landlæknis um næringarsamsetningu. - gar



**SKÓLANEFNDARFUNDUR** Ísak Arnar Kolbeinsson sat fund skólanefndar Seltjarnarness. MYND/SELTJARNARNESBÆR

Hvati til skoðanaskipta:

## Unglingar sitja nefndarfundi

**SELTJARNARNES** Tímamót voru á Seltjarnarnesi í gær þegar fulltrúi Ungmennaráðs sat sinn fyrsta nefndarfund á vegum bæjarins.

„Nýlega samþykkti bærinn að Ungmennaráð Seltjarnarness skyldi eiga fulltrúa í öllum stærstu nefndum bæjarins með málfrelsi og tillögurétt. Seltjarnarnesbær er eitt fárra bæjarfélaga á landinu til að efla þátttöku ungmenna og hlýða á þeirra sjónarmið í mikilvægum bæjarmálum með þessum hætti,“ segir í tilkynningu frá bænum. Með þessu eigi að auka lýðræði, stuðla að gagnsæjum vinnubrögðum og hvetja til opinna skoðanaskipta. - gar

Veiðifélag Úlfarsár, með blessun Veiðimálastofnunar, hyggst greiða laxi leið upp á efri svæði árinnar:

# Fleyga laxastiga í klappir Úlfarsár

**UMHVERFISMÁL** Veiðifélag Úlfarsár hefur óskað eftir leyfi til að fleyga úr klöpp í Úlfarsá til að auðvelda göngu lax upp ána.

Að því er fram kemur í umsókn Veiðifélagsins til Reykjavíkurborgar hvílir hverfisvernd borgarinnar á Úlfarsá vestan megin vegna náttúrufars og lífríkis. Austan megin sé svæðið á náttúruminjaskrá hjá Mosfellsbæ.

„Undanfarin ár hefur rennsli árinnar verið stýrt með sandpokum til að auðvelda fiskinum uppgöngu,“ segir veiðifélagið. Með því að fleyga úr klöppum ofan við Sjávarfoss þar sem fiskurinn safnist saman muni „skapast náttúrulegur laxastigi“.

Í umsögn kveðst Veiðimálastofnun oft hafa lagt til að uppganga laxa í Úlfarsá yrði auðvelduð. „Líkur eru til að klappir og grynningar í neðsta hluta árinnar torveldi uppgöngu sem leiði til þess að lax leiti upp í ár í nágrenninu,“ segir Veiðimálastofnun. Yfir helmingur veiðinnar úr Úlfarsá komi úr fossinum.

Veiðimálastofnun segir að framkvæmdin ætti að auðvelda fiski að dreifa sér um ána. „Einnig má gera ráð fyrir að veiðiálag minnki og dreifist þar sem fiskar bunkast ekki lengur upp í hyl fyrir neðan klapparhaftið.“ - gar




**ÚLFARSÁ** Hér sést hvar greiða á fiskinum leið. MYND/VEIÐIFÉLAG ÚLFARSÁR.



**RÉTTTRÚNAÐARKIRKJA Á NÝLENDUREIT** Fyrirhuguð bygging rússnesku rétttrúnaðarkirkjunnar við Nýlendugötu var sýnd um þriðjungi of lág á vef Reykjavíkurborgar. Íbúasamtök Vesturbæjar gerðu meðfylgjandi mynd sem á að sýna rétt hlutföll.

# Rússnesk rétttrúnaðarkirkja mætir mótspyrnu í hverfinu

Íbúasamtök Vesturbæjar segja rússneska rétttrúnaðarkirkju við Mýrargötu verða of umfangsmikla og vilja hana burt. Samtökin segja söfnuðinn sjálfan tilbúinn að fara annað fáist til þess ný lóð og bætur frá borginni.

**SKIPULAGSMÁL** „Flutningur kirkjunnar á aðra lóð mun bjarga hlutföllum byggðamynsturs hverfisins og að okkar mati koma í veg fyrir skipulagsslys,“ segir stjórn Íbúasamtaka Vesturbæjar í bréfi þar sem skorað er á skipulagsráð Reykjavíkur að finna aðra lóð en á Mýrargötu fyrir rússnesku rétttrúnaðarkirkjuna.

Athugasemd íbúasamtakanna er ein margra sem borginni bárust vegna fyrirhugaðrar breytingar á deiliskipulagi svo rússneska rétttrúnaðarkirkjan geti byggt ríflega eitt þúsund fermetra kirkju með safnaðarheimili á lóð sem borgin úthlutaði. Aðeins fjögur bílastæði fylgja byggingunum. Stjórn íbúasamtakanna kveðst hafa gengið á fund prests kirkjunnar og aðstoðarmanns hans sem sé rússneskur listfræðingur.

„Þau segjast því miður ekki geta haft bygginguna lægri en sem nemur 22 metrum undir kross þar sem á þeim hvíli sú skylda að virða hefðbundinn stíl og þau hlutföll sem tengjast honum. Þau segja að þau geti ekki byggt í öðrum umfangsminni stíl og að turnarnir verði að vera þrír sem tákn fyrir hina heilögu þrenningu,“ útskýrir stjórn íbúasamtakanna, sem kveður Rússana eftir þrjá fundi hins vegar hafa sagst myndu sætta sig við að byggja á annarri lóð ef hún væri í boði – og ef borgin greiddi útlagðan hönnunarkostnað á núverandi lóð.

„Lóðin sem þeim hefur verið úthlutað við Nýlendugötu er óheppileg þar sem stíll kirkjunnar og stærð er í miklu ósamræmi við nærliggjandi byggð,“ segja íbúasamtökin. „Kirkjan yrði nýtt einkenni og forystumannvirki fyrir Gamla Vesturbæinn, undanþegin öllum höfuðmarkmiðum, eins og segir í deilskipulagstillögunni.“

Nokkrir einstaklingar mótmæla einnig kirkjubyggingunni, segja hana meðal annars of stóra og óttast bílastæðaskort. Mun fleiri, sem bera bæði rússnesk og íslensk nöfn, lýsa hins vegar stuðningi við byggingunа.

„Ég álít að kirkjubyggingin, sem staðsett verður nálægt sjónum og skreytt með miðalda skandinavískum skreytingum og útskurði, verði skrautfjöður fyrir borgina og í samræmi við gamlar íslenskar hefðir,“ segir í 53 samhljóða stuðningsbréfum þar sem útliti kirkjunnar er sagt svipa til byggingar Listasafns Íslands.

> **Þetta virðist vera gott, friðsælt og trúað fólk, en Íslendingar hafa sýnt því dónaskap og lögbrot.**
>
> *Þuríður Kristjánsdóttir, íbúi á Öldugötu*

„Þetta virðist vera gott, friðsælt og trúað fólk en Íslendingar hafa sýnt því dónaskap og lögbrot með því að krafsa á kirkjuna og brjóta útstillingarglugga þeirra um kirkjuhald,“ segir hálfníræð kona sem búið hefur í hverfinu frá því hún fæddist 1928.

„Bygging kirkjunnar hefur átt sér langan aðdraganda, meðal annars með helgun reitsins við hátíðlega athöfn fyrir fáeinum árum og nefndinni þykir ljóst að þetta hús verði til mikillar prýði,“ segir Samstarfsnefnd kristinna trúfélaga sem ræddi málið í september.

gar@frettabladid.is

Spennandi
morgunverðarfundur
um TOK 2014



Ný útgáfa af TOK bókhaldskerfinu, TOK 2014 er væntanleg um næstu mánaðarmót þar sem helsta nýjungin er móttaka og sending rafrænna reikninga.
Af þessu tilefni höldum við **morgunverðarfund** um nýja virkni í TOK bókhaldskerfinu og hvernig nýta má hana sem best. Í lokin fjallar Ingrid Kuhlman frá Þekkingarmiðlun um jákvæð og neikvæð samskipti.

**Staður og stund:**
Föstudagur 18. október, kl. 8.30-10.00 í höfuðstöðvum Advania, Guðrúnartúni 10.
Húsið opnar kl. 8 með ljúffengum morgunverði að hætti hússins.

**Skráning á advania.is/fundir**

advania
Welcome to IT

MIÐBORGIN OKKAR BÝÐUR ÞÉR HEIM

# Bleik borg

## BLEIKT KVÖLD Í MIÐBORGINNI 17. OKTÓBER

Í tilefni af árvekniátaki Krabbameinsfélags Íslands, Bleiku slaufunni, verður Bleikt kvöld í miðborginni í kvöld. Valdir veitingastaðir í ört vaxandi veitingaþorpi Kvosarinnar gefa hluta af ágóða sínum til þessa þarfa málefnis og borgin er böðuð bleiku ljósi.

Fjölmennum í miðborgina, snæðum af bleikum matseðlum á framúrskarandi veitingastöðum í Kvosinni og virðum fyrir okkur ljósadýrðina. Verslum og njótum þar sem hjartað slær.



Kvosin veitingaþorp
Restaurant Village

WWW.MIDBORGIN.IS
GJAFAKORT MIÐBORGARINNAR
Fáanleg í öllum bókaverslunum miðborgar
MUNIÐ BÍLASTÆÐAHÚSIN

MIÐBORGIN OKKAR

Brandenburg/Teikng: Sól Hrafnsdóttir

# SVALAÐU ÞORSTANUM MEÐ AMERÍSKU GOSI





## TOSTITOS
**EKTA AMERÍSKT!**

BEINT FRÁ USA

## NÝTT
**KALORÍULAUST GOS**



Gildir til 27. október á meðan birgðir endast.



BEINT FRÁ USA

**Jolly Rancher og Lifesavers**
Til að smjatta á!



**Kool-Aid**
Búðu til þinn eigin drykk



BEINT FRÁ USA

**Ocean Sprey Cranberry**
Hressandi trönuberjadrykkur - 4 saman í pakka



BEINT FRÁ USA

**Alexia Kartöflur**
Frábærar með öllum mat!



NÝTT

BEINT FRÁ USA

**Hooters**
Heitara verður það ekki!



**Quaker Haframjöl**
Með eplum og kanil

NÝTT
Á AMERÍSKUM DÖGUM



**Dole Tropical Gold**
Með ís eða bara eitt og sér



BEINT FRÁ USA

**Blue Diamond**
Ómótstæðilegt snakk

24 Hagkaup

**OPIÐ**
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan & Eiðistorg

# ALVÖRU STEAK
# Á AMERÍSKUM DÖGUM

★ NÝTT ★
## KLEINUHRINGJA HAMBORGARI
4 kleinuhringir og
2 x 120 g hamborgarar



Bættu við cheddar ostasneið, beikoni og eggi og ameríska getur það ekki verið!

100% FULLMEYRNAÐ GÆÐAKJÖT
TILBÚIÐ BEINT Á PÖNNUNA, OFNINN EÐA GRILLIÐ
LEIÐBEININGAR

ÍSLANDS NAUT
Stolt kjötmeistarans

TILBOÐ 25% afsláttur á kassa



3374 kr/kg
Verð áður 4.499.-

## RIBEYE
hægmeyrnuð - úr framhrygg

TILBOÐ 25% afsláttur á kassa



3374 kr/kg
Verð áður 4.499.-

## ENTRECOTE
úr spjaldhrygg

TILBOÐ 30% afsláttur á kassa



1119 kr/kg
Verð áður 1.599.-

## BRISKET
þarf langan eldunartíma



Kynningar á
Hunt's Pastasósum
Í Skeifunni og Garðabæ
Í dag frá kl 15 til 19.
Í Kringlunni og Smáralind
föstudag 18. okt. frá kl. 15 til 19.
og laugardag 19. okt. frá kl. 14 til 18.

**Hunt's Pastasósur**
Verður pasta í kvöld



**Swiss Miss**
Litir í bolla

BEINT FRÁ USA



**Jack Daniel's Sinnep**
Ekki bara sinnep heldur miklu meira!

BEINT FRÁ USA



**Amerískt Kaffi**
Úrval af ekta kaffi frá Ameríku

BEINT FRÁ USA



**Pop Tarts**
Á morgunverðarborðið á amerískum dögum

★ NÝTT ★
Á AMERÍSKUM DÖGUM
BEINT FRÁ USA



**Lífrænt Glútenlaust Pasta**
Spennandi nýjung!

★ NÝTT ★
Á AMERÍSKUM DÖGUM



1.699 kr/stk

**Red Velvet Kaka**
Flauelsmjúk kaka að amerískum stíl

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

# METSÖLULISTI EYMUNDSSON

VIKAN 09.10.13 - 15.10.13







1 Höndin
Henning Mankell

2 Árleysi alda
Bjarki Karlsson







3 Út að hlaupa - Elísabet Margeirsdóttir / Karen Kjartansdóttir

4 Maður sem heitir Ove
Fredrik Backman







5 Ég skal gera þig svo hamingjusaman - Anne B. Ragde

6 Heilsubók Jóhönnu
Jóhanna Vilhjálmsdóttir







7 Sáttmálinn
Jodi Picoult

8 Iceland Small World
Sigurgeir Sigurjónsson







9 Megas - Textar 1966-2011
Magnús Þór Jónsson

10 Minnisbók Mayu
Isabel Allende

SAMKVÆMT BÓKSÖLU Í PENNANUM EYMUNDSSON UM LAND ALLT

Penninn Eymundsson

Ráðgjafarþjónusta innflytjenda býður upp á ráðgjöf í Borgarbókasafninu:

# Leita ráðgjafar í örvæntingu

**SAMFÉLAG** Mannréttindaskrifstofa Reykjavíkurborgar hefur um nokkurra ára skeið veitt innflytjendum ráðgjöf og upplýsingar um þjónustu Reykjavíkurborgar og var nýlega ákveðið að efla enn frekar þjónustuna og bjóða upp á ráðgjöf í Borgarbókasafninu.

„Fólk er oft mjög örvæntingarfullt og leitar til okkar því það veit ekki hvert það á að snúa sér í kerfinu,“ segir Edda Ólafsdóttir, sérfræðingur innflytjendamála hjá Mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar.

„Hér er veitt alhliða ráðgjöf og tilsögn, til dæmis við að skilja bréf og launaseðla og hreinlega fá skilning á kerfinu. Það eru svo margir sem vita ekki hvernig samfélagið er uppbyggt og finnst gott að fá tækifæri til að tala tungumálið sitt við samlanda sinn. Fólk kemur líka oft frá löndum þar sem velferðarþjónusta er af skornum skammti og þekkir hreinlega ekki réttindi sín,“ segir Edda.

Fjórir ráðgjafar sem tala sex tungumál starfa við þjónustuna.



„Það eru svo margir sem vita ekki hvernig samfélagið er uppbyggt ...

*Edda Ólafsdóttir sérfræðingur innflytjendamála*

Þeir eru allir innflytjendur sem hafa aðlagast íslensku samfélagi vel og tala góða íslensku. -ebg

# Efast um forsendur fyrir meiri bílasölu

**Bílgreinasambandið segir breytinga þörf eigi áætlanir ríkisins um aukna bílasölu á næsta ári að ganga eftir. Í fjárlögum er gert ráð fyrir fimm milljarða króna tekjum ríkisins vegna vörugjalda af bílum. Stöðugleika vantar og hvata til kaupa.**

**VIÐSKIPTI** Að óbreyttu er afar ólíklegt að áætlanir sem settar eru fram um aukna bílasölu í greinargerð með fjárlögum nái fram að ganga. Þetta er mat Jóns Trausta Ólafssonar, formanns Bílgreinasambandsins.



JÓN TRAUSTI ÓLAFSSON

„Auðvitað finnst okkur frábært í Bílgreinasambandinu að gert sé ráð fyrir aukinni bílasölu,“ segir Jón Trausti. „Það eru hins vegar ákveðnir gallar á vörugjöldunum eins og þau eru í dag sem við viljum lagfæra.“

Í tilkynningu sem Bílgreinasambandið sendi frá sér í gær er bent á að í fjárlögunum sem kynnt voru í byrjun mánaðarins sé gert ráð fyrir því að bílasala á næsta ári skili þjóðarbúinu fimm milljörðum króna í vörugjöldum. Gert sé ráð fyrir því að bílasala aukist um sex prósent á árinu 2014 og að seldar verði um 9.500 bifreiðar.

Bílgreinasambandið hefur síðustu misseri lagt áherslu á að yngja þurfi upp bílaflota landsmanna, en hann er orðinn með þeim elstu í Evrópu. Meðal raka er að nýrri bílar séu bæði eyðslugrennri og öruggari.

„Ég finn fyrir því að gríðarlega margir eru komnir í þá stöðu að þurfa að fara að endurnýja bíla sína,“ segir Jón Trausti. Það sem skorti sé festa í vörugjöldum og skattlagningu og vissa varðandi aðra þætti í efnahagslífinu, svo sem um gjaldeyrismál. „Óvissan fær neytendur til þess að hinkra við.“



**BÍLAR Á SÖLU** Bílafloti landsmanna hefur elst síðustu ár á meðan fólk og fyrirtæki hafa haldið að sér höndum í bílakaupum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Bílgreinasambandið segir að lækka þurfi tolla á pallbíla sem notaðir séu í atvinnustarfsemi og á stærri jeppa sem oft á tíðum séu nauðsynlegir vegna búsetu fólks. Þá þurfi að hætta tilfærslum sem plagað hafi bílaleigur.

„Bílaleigurnar hafa verið stærsti kaupandinn á markaðnum og skilað góðum bílum aftur inn á markaðinn sem notuðum, sem aftur hefur auðveldað fólki að skipta,“ segir Jón Trausti. Að auki þurfi þær stöðugleika líkt og aðrir, ekki breytingar sem gerðar hafi verið með mjög skömmum fyrirvörum síðustu ár.

**9.500**

Fjárlögin 2014 gera ráð fyrir að bílasala aukist um sex prósent frá þessu ári og seldir verði um 9.500 bílar.

„Við viljum að menn vinni með það að markmiði að auka tekjurnar fyrir ríkissjóð, en á sama tíma að laga augljósa ágalla á kerfinu,“ segir Jón Trausti. „Við köllum í rauninni bara eftir samráði við þá sem stjórna ríkisfjármálum um það hvernig styrkja megi kerfið.“

olikr@frettabladid.is

Ný minnihlutastjórn Hægri flokksins og Framfaraflokksins kynnt í Noregi:

# Solberg og Jensen teknar við

**NOREGUR** Ný stjórn Hægri flokksins og Framfaraflokksins er tekin við í Noregi. Leiðtogar flokkanna, þær Erna Solberg og Siv Jensen, kynntu ráðherra stjórnarinnar í morgun.

„Allir þessir ráðherrar hafa lofað að gera sitt besta fyrir Noreg næstu fjögur árin og það munum við gera,“ sagði Solberg eftir að hún hafði lesið upp nöfnin á ráðherrunum, sem eru átján talsins.

Solberg, sem er leiðtogi Hægri flokksins, verður forsætisráðherra og Jensen, sem er leiðtogi Framfaraflokksins, verður fjármálaráðherra. Utanríkisráðherra er Børge Brende úr Hægri flokknum.

Kynjahlutföll nýju stjórnarinnar eru jöfn: níu konur og níu karlar eru ráðherrar. Hægri flokkurinn fær hins vegar 11 ráðherra en Framfaraflokkurinn sjö.

Stjórnin verður minnihlutastjórn en nýtur stuðnings tveggja annarra hægri flokka: Venstre og Kristilega þjóðarflokksins.



**NÝJA RÍKISSTJÓRNIN** Siv Jensen og Erna Solberg ásamt öðrum ráðherrum stjórnarinnar. NORDICPHOTOS/AFP

Fyrr í gærmorgun hafði Jens Stoltenberg beðist lausnar fyrir fráfarandi ríkisstjórn sína. - gb

# AEG

FULLKOMIN LÖGUN OG LEIKNI



## Framlengt til mánudags!

# ÞVOTTADAGAR

## 20% afsláttur af öllum þvottavélum, þurrkurum og uppþvottavélum

**Nýkomnir gámar með 600 AEG tæki í þvottahús Íslendinga.**

### ÞVOTTAVÉL LAVAMAT 60260FL

ÍSLENSKT STJÓRNBORÐ

1200 snúninga
Taumagn 6 kg
Öll hugsanleg þvottakerfi
Íslensk notendahandbók

*Listaverð:* 135.900,-
**Þú sparar: 27.180,-**

AEG

TILBOÐSVERÐ – **108.720,-**

### ÞVOTTAVÉL LAVAMAT 60460FL

ÍSLENSKT STJÓRNBORÐ

1400 snúninga
Taumagn 6 kg
Öll hugsanleg þvottakerfi
Íslensk notendahandbók

*Listaverð:* 145.900,-
**Þú sparar: 29.180,-**

AEG

TILBOÐSVERÐ – **116.720,-**

### ÞVOTTAVÉL LAVAMAT 87680FL

ÍSLENSKT STJÓRNBORÐ

1600 snúninga
Taumagn 8 kg
Öll hugsanleg þvottakerfi
Kolalaus mótor
Íslensk notendahandbók

*Listaverð:* 197.900,-
**Þú sparar: 39.580,-**

AEG

TILBOÐSVERÐ – **158.320,-**

### UPPÞVOTTAVÉLAR

*T.d.:*
12 manna stell
5 þvottakerfi
Turbo-þurrkun
Hljóðlát vél: 47db (re 1 pW)
Orkunýtni: A
Þvottahæfni: A
Þurrkhæfni : A

AEG

TILBOÐSVERÐ – *frá* **87.920,-**

### ÞURRKARI LAVATHERM T76280AC

ÍSLENSKT STJÓRNBORÐ

Barkalaus
Rakaskynjari
Taumagn: 8 kg
Íslensk notendahandbók

*Listaverð:* 149.900,-
**Þú sparar: 29.980,-**

AEG

TILBOÐSVERÐ – **119.920,-**

### FRÁBÆRT PAR OG MIKILL SPARNAÐUR:

### ÞVOTTAVÉL OG ÞURRKARI

*Toppurinn!*

LAVAMAT 87680FL & LAVATHERM T86280IC

ÞVOTTAVÉL
1600 snúninga · Taumagn 8 kg
ÍSLENSKT STJÓRNBORÐ
Öll hugsanleg þvottakerfi
Kolalaus mótor
Íslensk notendahandbók

ÞURRKARI
Barkalaus með rakaskynjara
Taumagn: 8 kg
Stafrænn framvinduskjár
Íslensk notendahandbók

*Listaverð á PARINU:* 363.800,-
**Þú sparar: 72.760,-**

AEG

TILBOÐSVERÐ – PARIÐ **291.040,-**



*Athugið! Bjóðum einnig:*

**AEG RYKSUGUR – 20% afsláttur**

**AEG SMÁRAFTÆKI – 25% afsláttur**



**Ertu farin að huga að jólagjöfum? Hér eru glæsilegar jólagjafir á frábærum kjörum.**

# ORMSSON

*AEG hjá ORMSSON síðan 1927*

**Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga frá kl. 11-15**

## LÁGMÚLA 8 · REYKJAVÍK · SÍMI 530 2800 · ORMSSON.IS

| | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **ORMSSON** | **ORMSSON** | **ORMSSON** | **KS** | **ORMSSON** | **ORMSSON** | **ORMSSON** | **ORMSSON** | **ORMSSON** | **GEISLI** |
| KEFLAVÍK | AKRANESI | ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI | SAUÐÁRKRÓKI | AKUREYRI | HÚSAVÍK | VÍK-EGILSSTÖÐUM | PAN-NESKAUPSTAÐ | ÁRVIRKINN-SELFOSSI | VESTMANNAEYJUM |
| SÍMI 421 1535 | SÍMI 530 2870 | SÍMI 456 4751 | SÍMI 455 4500 | SÍMI 461 5000 | SÍMI 464 1515 | SÍMI 471 2038 | SÍMI 477 1900 | SÍMI 480 1160 | SÍMI 481 3333 |




**FISKVEIÐAR Í TÉKKLANDI** Aldagamlar aðferðir við fiskveiðar eru enn notaðar skammt frá bænum Stankov í Tékklandi.




**KLOFIN GATA Á FILIPPSEYJUM** Íbúar í bænum Loboc á Filippseyjum ganga á götu sem varð fyrir miklum skemmdum þegar jarðskjálfti, 7,2 á Richter, reið þar yfir í fyrradag.




**PÍLAGRÍMAR Í SÁDI-ARABÍU** Múslimar víðs vegar að úr heiminum bíða þessi í röðum að geta grýtt þrjá stólpa í borginni Mina, skammt frá Mekka. Athöfnin er liður í fórnarhátíð múslima, en meira en tvær milljónir pílagríma eru í landinu af því tilefni.
FRÉTTABLAÐIÐ/AP

ÁSTAND HEIMSINS







**FELLIBYLUR Í JAPAN** Íbúar í Tókýó þurftu að hafa nokkuð fyrir því að komast leiðar sinnar þegar fellibylurinn Wipha fór yfir skammt frá borginni í gær. Fárviðrið kostaði tugi manna lífið.




**FÓRNARHÁTÍÐ Á INDLANDI** Múslimar í Nýju-Delí streyma frá Jama-moskunni þar í borg að lokinni bænastund í tilefni af fórnarhátíðinni, sem múslimar um heim allan halda hátíðlega þessa dagana.
FRÉTTABLAÐIÐ/AP

BLEIKA KVÖLDIÐ

FIMMTUDAGUR 17. OKT.

*Taktu kvöldið frá!*

Fjöldinn allur af veitingastöðum gefur hluta af ágóða sínum þetta kvöld til Krabbameinsfélagsins til styrktar árvekniátaki Bleiku slaufunnar og baráttunni gegn krabbameini hjá konum. Njótum Bleika kvöldsins með fjölskyldu og vinum — og eigum góða kvöldstund.

Nánari upplýsingar má finna á **bleikaslaufan.is**

bleikaslaufan   Krabbameinsfélagið   bleikaslaufan.is




# LANCÔME KYNNING
## Í LYFJU LÁGMÚLA, LAUGAVEGI OG SMÁRATORGI
### 16. - 18. OKTÓBER

**Þegar þú kaupir Lancôme vörur fyrir 8.900 eða meira færum við þér snyrtibuddu fulla af spennandi vörum:**

~ Visionnaire dropar 7 ml
~ Hypnôe Doll eyes maskari ferðastærð
~ Genifi que augnserum 5 ml
~ Gloss in Love varagloss
~ Bi-Facil augnfarðahreinsir 30 ml
~ Svartur augnblýantur

**20%**
afsláttur af LANCÔME
á kynningunni.



LYFJA
- Lifið heil

Lágmúla 5 – sími 533 2309 / Laugavegi 16 – sími 552 4045 / Smáratorg 1 – sími 564 5600

## Vantar plastmerkingar á brauðið



Erlendar vörur eru plastmerktar í 94 prósentum tilfella en íslenskar vörur aðeins í 64 prósentum tilfella. Þetta leiddi könnun í ljós sem Umhverfisstofnun gerði á plastmerkingum umbúða mat- og hreinlætisvara í völdum verslunum á höfuðborgarsvæðinu í sumar.

Allar plastumbúðir eiga að bera merki sem tilgreinir plasttegund umbúðar. Sú merking er nauðsynleg fyrir skilvirka flokkun og endurvinnslu.

Vakti það sérstaka athygli að umbúðir utan um niðursneidd samlokubrauð voru í engum tilfellum merktar. Mjólkurvörur voru í flestum tilfellum merktar eða í 95 prósent tilfella.

## Fólk fylgist illa með síma- og netnotkun



Áhyggjuefni er hversu litla yfirsýn neytendur virðast hafa yfir eigin síma- og netnotkun. Þetta kemur fram í umfjöllun Neytendasamtakanna, en þeim berst töluvert af fyrirspurnum og kvörtunum frá neytendum sem telja fjarskiptafyrirtæki ekki tilkynna með réttum hætti um gjaldskrárbreytingar.

„Þannig er nokkuð um að hækkanir fjarskiptafyrirtækjanna komi neytendum í opna skjöldu," segir á vef samtakanna.

Könnun þeirra leiðir hins vegar í ljós að löglega sé staðið að slíkum tilkynningum hjá fjarskiptafyrirtækjunum með mánaðarfyrirvara í samræmi við fjarskiptalög.

„Neytendasamtökin hvetja neytendur til að skoða símareikninga sína reglulega og fylgjast með verðhækkunum," segir á vefnum og um leið bent á reiknivél Póst- og fjarskiptastofnunar með samanburði á símakostnaði milli fyrirtækja (reiknivél.is). „Einnig er hægt að skoða gjaldskrár allra fyrirtækja 12 mánuði aftur í tímann á heimasíðu Póst- og fjarskiptastofnunar, pfs.is/neytendur."

- óká

### ➜ Svona eru gjaldskrárbreytingar kynntar

| | |
|---|---|
| **VODAFONE** | tilkynning birt á símareikningi, í heimabanka og á heimasíðu. |
| **NOVA** | tilkynning send með tölvupósti og birt á heimasíðu. |
| **TAL** | tilkynning birt á símareikningi og á heimasíðu. (Einnig hægt að fá kynningar í tölvupósti.) |
| **SÍMINN** | tilkynning birt á símareikningi og á heimasíðu. |
| **HRINGDU** | tilkynning send með tölvupósti og birt á heimasíðu. |








**VANDA ÞARF VALIÐ** Þeir sem ekki vilja hafa varasöm efni í snyrtivörum sínum þurfa að skoða vel innihaldslýsingar við kaup á þeim.

# ESB bannar paraben í snyrtivörum

**Framleiðendur hafa ekki sýnt fram á að fimm paraben séu örugg til notkunar. Fyrirhugað bann góðar fréttir, segir teymisstjóri hjá Umhverfisstofnun.**

Evrópusambandið, ESB, hyggst banna fimm stærstu sameindir parabenefna, þ.e. rotvarnarefna, í snyrtivörum. Framleiðendur hafa ekki afhent Evrópusambandinu gögn sem sýna fram á að þessar tegundir séu öruggar til notkunar og þar sem þær geta mögulega raskað hormónastarfsemi verða þær bannaðar. Evrópsk reglugerð um snyrtivörur tók gildi hér á landi í júlí síðastliðnum. Banninu mun þess vegna verða fylgt eftir hér á landi þegar reglugerðin verður uppfærð.



**BERGÞÓRA SKÚLADÓTTIR**

Í fréttatilkynningu til danskra fjölmiðla fagnar umhverfisráðherra Danmerkur, Ida Auken, banninu. Hún segir það góð tíðindi að þessi efni verði bönnuð þannig að ekki verði lengur hægt að nota þau við framleiðslu snyrtivara eins og krems, sjampós og farða. Umhverfisráðherrann lýsir yfir sérstakri ánægju með að bannið eigi að ná til allra tegunda snyrtivara þannig að það verndi allan almenning og þá ekki síst börn og barnshafandi konur.

Bergþóra Skúladóttir, teymisstjóri efnateymis Umhverfisstofnunar, segir Dani hafa beitt sér mjög í þessum málum. Þeir hafi sjálfir sett bann við ákveðnum parabenum fyrir tveimur árum. „Þessi ákvörðun ESB er góðar fréttir. Þegar bannið tekur gildi hjá ESB mun það gilda á Íslandi líka."

- ibs

### ➜ Svitalyktareyðir mikill ofnæmisvaldur

Fjórða hvert tilfelli snyrtivöruofnæmis er af völdum svitalyktareyðis. Þetta eru niðurstöður rannsókna vísindamanna við Gentofte Hospital í Danmörku. Á vef danska ríkisútvarpsins er haft eftir prófessornum Jeanne Duus Johansen að efni í svitalyktareyði komist auðveldlega inn í líkamann, sérstaklega ef sár myndast við rakstur. Konur eiga frekar á hættu að fá ofnæmi af svitalyktareyði þar sem það er einkum þær sem raka sig undir höndunum. Einkennin geta verði útbrot, roði, bólga, kláði og lítil sár.

### ➜ Hvað eru paraben og hver eru bönnuð?

Á vef Umhverfisstofnunar segir að paraben séu flokkur efna sem séu m.a. notuð sem rotvarnarefni í snyrti- og hreinsivörum fyrir bæði börn og fullorðna.

Um er að ræða að minnsta kosti sex mismunandi sameindir sem eru misstórar og bera nöfnin metýl-, etýl-, própýl-, bútýl-, ísóprópýl- og ísóbútýlparaben. Rannsóknir á dýrum hafa sýnt að paraben raska hormónastarfsemi og að áhrifin aukast með stærð sameindarinnar. Í dag er leyfilegur heildarstyrkur parabena í snyrtivörum háður takmörkunum. Svansvottaðar snyrtivörur innihalda ekki paraben.

Árið 2011 voru própýl-, bútýl-, ísóprópýl- og ísóbútýlparaben og sölt þeirra bönnuð í Danmörku í vörum fyrir börn, þriggja ára og yngri.

Evrópusambandið hefur nú ákveðið að banna stærstu sameindir parabena, það er ísópropýlparaben, ísóbútýlparaben, penýlparaben, benzýlparaben og pentýlparaben, í snyrtivörum.

**NEYTANDINN** Stefán Máni

## Hefur lært að máta jakka betur



„Tvennt kemur upp í hugann sem bestu kaupin, annars vegar sænska Fjällräven-herúlpan sem ég keypti 1997 og minn fyrsti og eini bíll sem ég keypti notaðan árið 2006 eða 2007. Hvort tveggja nota ég enn og hef sama sem ekkert þurft að viðhalda þessum dýrgripum, fyrir utan rennilás eða tvo og bremsuklossa hér og rafgeymi þar. Bíllinn er silfurlitur Toyota Rav4, ýmist kallaður Rumsfeld eða Forstjórinn," segir Stefán Máni Sigþórsson rithöfundur.

„Verstu kaupum reynir maður að gleyma jafnóðum en eitt sinn keypti ég til dæmis rosaflottan mótorhjólaleðurjakka í London sem var svo bara allt í einu of lítill þegar ég kom heim, mjög svekkjandi. Svo keypti ég einu sinni hlutabréf í undradrengjafyrirtækinu Oz. Þeim tókst að galdra allt hlutafé í eigin vasa og leggja svo loftkastalann niður." Stefán Máni segist hafa lært af reynslunni og búi að því í framtíðinni. „Ég er búinn að læra tvennt, það er að sjá í gegnum hinn svokallaða frjálsa markað og máta leðurjakka betur áður en ég kaupi þá."




**20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM ÚLPUM**



**DIDRIKSONS LIAM ÚLPA**
Appelsínugul, blá og svört.
Stærðir: 130–170
**15.992 KR.**
Verð áður 19.990 kr.



**DIDRIKSONS LHTOSE ÚLPA**
4 litir.
Stærðir: 80–120
**11.192 KR.**
Verð áður 13.990 kr.



**DIDRIKSONS SUTTON KULDAGALLI**
4 litir.
Stærðir: 80–140
**11.992 KR.**
Verð áður 14.990 kr.



**COLUMBIA PRETTY ÚLPA**
Barnaúlpur. Þrír litir.
Stærðir: 104–152
**14.392 KR.**
Verð áður 17.990 kr.



**DIDRIKSONS TINDRA ÚLPA**
Þrír litir.
Stærðir: 130–170
**15.992 KR.**
Verð áður 19.990 kr.



**COLUMBIA MINI LAY DÚNÚLPA**
Svört
Stærðir: 104–152
**15.992 KR.**
Verð áður 19.990 kr.



**COLUMBIA ALPINE ÚLPA**
Tveir litir.
Stærðir: 104–152
**11.992 KR.**
Verð áður 14.990 kr.



**DIDRIKSONS RONJA ÚLPA**
Þrír litir.
Stærðir: 36–46
**23.192 KR.**
Verð áður 28.990 kr.



**DIDRIKSONS ALVAR ÚLPA.**
Tveir litir.
Stærðir: S–XXL
**35.600 KR.**
Verð áður 44.500 kr.

**Leitaðu ráða hjá okkur.** Hjá Ellingsen starfa sérfræðingar í öllum deildum. Við veitum faglega og vandaða ráðgjöf og finnum réttu vörurnar sem uppfylla þínar þarfir. Við seljum eingöngu þrautreyndar hágæðavörur sem henta fyrir íslenskar aðstæður.

REYKJAVÍK • Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • mánud.–föstud. 10–18 • laugard. 10–16
AKUREYRI • Tryggvabraut 1-3 • Sími 460 3630 • mánud.–föstud. 8–18 • laugard. 10–16 • **ellingsen.is**

**Ellingsen**
– FULLT HÚS ÆVINTÝRA

PIPAR\TBWA • SÍA • 132959



**SNJALLSÍMAR** Alterna býður farsímanotendum ótakmarkaða notkun fyrir fast gjald.

Alterna hefur innreið sína:

# Boða raunverulega samkeppni

**Farsímafyrirtækið Alterna býður nú, fyrst allra íslenskra farsímafélaga, upp á ótakmarkaðar mínútur og SMS óháð kerfi.**

**„Þetta býður að fólk getur hringt án þess að hafa áhyggjur af inneign eða kostnaði á hverja mínútu í öll símkerfi á landinu,“ segir í tilkynningu fyrirtækisins. Nýjungin er sögð brjóta upp „mjög einsleitt vöruframboð“ fyrirtækjanna sem eru á markaði í dag.**

**„Við mætum full tilhlökkunar til leiks“ er haft eftir Magnúsi Árni Gunnarssyni, markaðsstjóra Alterna, sem boðar „raunverulega“ samkeppni.** - óká



**HÖFUÐSTÖÐVAR OR** Lánshæfismat Orkuveitunnar fer úr stöðugu í jákvætt. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓBERT

Lánshæfismati breytt:

# Segja horfur OR jákvæðar

Matsfyrirtækið Reitun hefur breytt horfum í lánshæfismati Orkuveitu Reykjavíkur úr stöðugum í jákvæðar.

Í tilkynningu Orkuveitunnar segir að helsta ástæða jákvæðs mats nú séu hversu vel hefur gengið að fylgja eftir Planinu, aðgerðaáætlun Orkuveitunnar og eigenda.

Heildareinkunn Reitunar er áfram B+ og kemur fram að Orkuveitan þurfi að styrkja lausafjárstöðu sína, draga úr markaðsáhættu og borga niður skuldir. Gangi það eftir má búast við að lánshæfismat Orkuveitunnar batni. - jjk

Nýr samningur Símans við Farice um gagnatengingu við útlönd gildir til ársloka 2019:

# Margfalda bandbreiddina frá því sem nú er

Síminn hefur samið við Farice um að tryggja netsamband Símans við umheiminn til ársloka 2019. Síminn fær með samningnum margfalda bandbreidd úr landi á við það sem nú er, að sögn Sævars Freys Þráinssonar, forstjóra Símans.

Hann segir að samningurinn tryggi bandbreidd um þrjá sæstrengi, Farice-1 og Danice-strengina til Evrópu, auk Greenland Connect-strengsins til Norður-Ameríku. „Síminn hefur átt í farsælu viðskiptasambandi við Farice um árabil og með þessum samningi styrkjum við enn frekar samband okkar við umheiminn,“ er eftir honum haft í tilkynningu Símans. Með samningnum nái Síminn markmiðum sínum um gæði og öryggi gagnatenginga við útlönd. „Auk þess sem Síminn hefur nú góðan sveigjanleika til að bregðast við hraðri þróun á fjarskiptamarkaði.“

Eftir Ómari Benediktssyni, forstjóra Farice, er haft að Síminn hafi lengi verið einn af helstu samstarfsaðilum félagsins og í upphafi einn af bakhjörlum þess. - óká



**SKRIFAÐ UNDIR** Ómar Benediktsson, forstjóri Farice, og Sævar Freyr Þráinsson, forstjóri Símans, ganga frá samningi. MYND/SÍMINN

# Þurfti að selja vegna skatta

Friðrik Skúlason seldi hugbúnaðarfyrirtækið Frisk Software úr landi í fyrra. Aðalástæðan fyrir sölunni var að hans sögn auðlegðarskattur stjórnvalda. Framtíðarhagnaður af sölu á vörum fyrirtækisins verður nú eftir í útlöndum. Friðrik er ekki bjartsýnn á þróun tæknigeirans og segir Ísland vera fjandsamlegt tæknifyrirtækjum.

„Hér á landi er fólki refsað fyrir að reka fyrirtæki sín skynsamlega og á heiðarlegan hátt,“ segir Friðrik Skúlason, fyrrverandi eigandi hugbúnaðarfyrirtækisins Frisk Software.

Friðrik neyddist að eigin sögn til að selja fyrirtækið á síðasta ári vegna auðlegðarskatts stjórnvalda.

Á þeim tíma var fyrirtækið að hans sögn skuldlaust og nokkurra hundraða milljóna króna virði. Þar sem Friðrik og eiginkona hans, Björg M. Ólafsdóttir, áttu nánast öll hlutabréf í fyrirtækinu voru þau skilgreind sem eigendur stórrar eignar og rukkuð um auðlegðarskatt út frá eigin fé fyrirtækisins.

„Einu tekjurnar sem við höfðum af eigninni voru launin okkar því við vildum ekki greiða okkur út arð heldur nota hann til að byggja fyrirtækið upp. Á sama tíma vorum við rukkuð um svo háan auðlegðarskatt að við höfðum engin laun í fjóra mánuði á ári. Okkur var því refsað fyrir að vilja nota arðinn af eigninni til að byggja hana upp,“ segir Friðrik.

Fyrirtækið er í dag í eigu erlendra aðila og heitir nú Commtouch Iceland ehf. Eftir söluna voru nokkrar deildir innan þess lagðar niður eða fluttar úr landi og við það misstu um 20 manns vinnuna.

Allur framtíðarhagnaður af sölu á vörum fyrirtækisins, sem sérhæfir sig í að þróa forrit til að finna tölvuveirur og annan óæskilegan hugbúnað, verður nú eftir í útlöndum og skilar ekki lengur gjaldeyri inn í landið. Á þeim árum sem fyrirtækið starfaði að öllu leyti á Íslandi skilaði það að sögn Friðriks nokkrum milljörðum króna í erlendum gjaldeyri til landsins.

„Áður en ég tók ákvörðum um að selja fyrirtækið hafði ég nokkra valkosti í stöðunni. Ég gat skuldsett fyrirtækið til að borga mér hærri laun svo ég gæti borgað auðlegðarskattinn. Ég gat einnig hætt að láta arðinn fara inn í fyrirtækið og farið að reka fólk og skera niður til að geta borgað sjálfum mér arð til að eiga fyrir skattinum. Á endanum var einfaldast að selja fyrirtækið,“ segir Friðrik.

Gjaldeyrishöftin eru oft nefnd sem ein aðalástæðan fyrir því að íslensk tæknifyrirtæki geti ekki nálgast nauðsynlegt fjármagn til að vaxa og dafna. Friðrik segir að höftin hafi ekki spilað inn í ákvörðun hans.

„Við vorum ekki að leitast eftir fjármagni heldur rákum fyrirtækið á eigin fé. Við rákum það eins og litla gula hænan gerði hlutina, ein og óstudd. En litla gula hænan virðist ekki vera vel liðin á Íslandi og því var það eina sem ég gat gert að fara leið hennar og segja, ég tek þá bara brauðið mitt og borða það sjálfur,“ segir Friðrik.

Hann nefnir ýmsar aðrar ástæður þess að hann er ekki bjartsýnn á þróun tæknigeirans hér á landi. Friðrik nefnir sem dæmi að íslenska menntakerfið skili ekki þeim fjölda tæknimenntaðra einstaklinga sem atvinnulífið þarf á að halda.

„Mín ráðlegging til þeirra sem eru í sömu sporum og ég var árið 1987, þegar ég lagði grunninn að stofnun fyrirtækisins, er að byrja á því að flytja fyrirtækin úr landi. Ísland er of fjandsamlegt tæknifyrirtækjum til að það sé nokkuð vit í að vera hérna.“ haraldur@frettabladid.is



**NEYDDUR TIL AÐ SELJA** Friðrik segir að sér hafi verið refsað fyrir að nota arð af fyrirtæki sínu til að byggja það upp. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

## Þróaði Lykla-Pétur

Hugbúnaðarfyrirtækið Frisk Software var formlega stofnað í júní 1993 en starfsemi þess hófst í raun árið 1987.

Fyrirtækið lagði áherslu á að framleiða vörur sem tryggja og bæta tölvuöryggi. Þar á meðal var vírusvarnarforritið Lykla-Pétur, sem var fáanlegt frá árinu 1989, og var þá eitt af fyrstu vírusvarnarforritunum til að koma á markað í heiminum.

Forritið var meðal annars selt til fyrirtækja, háskóla, opinberra stofnana og heimilisnotenda, bæði hér innanlands og víða um heim.




**Lampasnúrur í ótrúlegu úrvali**



Silkisnúrur í úrvali, 17 mismundandi litir.
Hannaðu þín eigin ljós, eða frískaðu upp á gömlu ljósin. Frábært efni á góðu verði.

Með kveikt á perunni í 40 ár

Glóey – gerir lífið bjartara

Ármúla 19 · Sími 568 1620 · www.gloey.is · gloey@gloey.is

**Komdu og sjáðu réttu handbrögðin**

Glóey raftækjaverslun býður viðskiptavinum sínum á örnámskeið eftir almennan opnunartíma í verslunina laugardaginn 19. október kl. 15-17. Hentugt fyrir þá sem vilja læra réttu handbrögðin við að tengja algengan búnað svo sem klær og ljósastæði. Leiðbeinendur námskeiðsins eru starfsmenn verslunarinnar og er að kostnaðarlausu en þátttakendur eru beðnir að skrá sig á netfangið verslun@gloey.is eða á facebook www.facebook.com/gloeyehf




**BYGGÐASTOFNUN** Höfuðstöðvar stofnunarinnar eru á Sauðárkróki. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Nýr valkostur fyrir lántakendur á landsbyggðinni:

# Byggðastofnun býður óverðtryggð lán

Byggðastofnun tilkynnti í gær að stofnunin ætlaði að bjóða viðskiptavinum sínum upp á óverðtryggð lán. Vextir á lánunum verða með 3,5 prósenta álagi ofan á millibankavexti (REIBOR).

„Við höfum eingöngu veitt verðtryggð lán frá árinu 2008 og fyrir þann tíma vorum við með erlend lán. Þessi ákvörðun eykur því vöruúrvalið hjá okkur,“ segir Elín Gróa Karlsdóttir, forstöðumaður fyrirtækjasviðs Byggðastofnunar.

Spurð hvort óverðtryggðu lánin komi til með að draga úr kostnaði hjá lántakendum segir Elín að lánunum fylgi hærri greiðslubyrði til að byrja með en að þau henti betur í lægri fjárhæðir og í styttri lánstíma.

„Með þessu erum við ekki að fara í samkeppni við bankana. En bankarnir hafa veitt þessi lán og þetta er leið til að verða við óskum okkar viðskiptavina á landsbyggðinni,“ segir Elín. -hg

# netto
Kræsingar & kostakjör

Nýtt kortatímabil!



**-35%**
SVÍNABÓGUR
HRINGSKORINN - FERSKUR
**578**
ÁÐUR 889 KR/KG




**-17%**
LAMBAMJAÐMASTEIK
JURTAMARINERUÐ
**2.598**
ÁÐUR 3.130 KR/KG

KALKÚNN HEILL
FRANSKUR -FROSINN
**1.390**
ÁÐUR 1.598 KR/KG



KJÚKLINGABRINGUR
ÍSFUGL
**1.990**
ÁÐUR 2.398 KR/KG



KJÚKLINGUR
HEILL
**799**
ÁÐUR 898 KR/KG





**-50%**
VÍNBER
GRÆN / RAUÐ
**179**
ÁÐUR 358 KR/ASKJAN




**-30%**
KRAFT
SÓSUR
**349**
ÁÐUR 498 KR/STK




**-39%**
HEIMILISBRAUÐ
MYLLAN
**217**
ÁÐUR 355 KR/STK

**Tilboðin gilda 17. - 20. október**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

# SKOÐUN

Loforðið um þjóðaratkvæðagreiðslu sem gufaði upp:

## Berrassaðir ráðherrar

Niðurstöður úr könnun markaðsrannsóknafyrirtækisins Maskínu á viðhorfum kjósenda til aðildarviðræðna við Evrópusambandið eru afgerandi. Minnihluti vill ganga í ESB við svo búið, enda er enginn aðildarsamningur sem fólk getur tekið afstöðu til. Hins vegar vill meirihluti, 52 prósent, halda aðildarviðræðunum áfram og yfirgnæfandi meirihluti, eða 67 prósent, að þjóðaratkvæðagreiðsla verði haldin um framhald viðræðnanna.

Þetta er enn ein sterk vísbending um að ráðherrar ríkisstjórnarinnar hafi rangt fyrir sér þegar þeir segja meirihluta kjósenda að baki þeirri stefnu sem ríkisstjórnin fylgir í Evrópumálunum.



**Ólafur Þ. Stephensen**
olafur@frettabladid.is

Það er sömuleiðis margbúið að hrekja þá útleggingu leiðtoga stjórnarinnar í utanríkismálum, Ólafs Ragnars Grímssonar forseta, að Evrópusambandið skorti getu eða vilja til að ljúka aðildarviðræðum við Ísland. Þetta var síðast ítrekað í gær, þegar Štefan Füle, stækkunarstjóri ESB, lýsti því yfir að sambandið væri reiðubúið að taka aftur upp samninga við Ísland hvenær sem væri. Hann sagðist telja að ekki hefði verið langt í að hægt hefði verið að kynna fyrir íslenzkum almenningi niðurstöðu þar sem tekið væri tillit til sérstöðu Íslands, um leið og grundvallarreglur ESB væru virtar. Füle áréttaði sérstaklega að ekkert vantaði upp á getuna til að halda viðræðum áfram.

Báðir stjórnarflokkar gengu til kosninga með þá stefnu að gera hlé á aðildarviðræðunum og efna svo til þjóðaratkvæðagreiðslu um framhaldið. Nú hefur fyrriparti þeirrar stefnu verið hrint í framkvæmd. Miðað við niðurstöður könnunar Maskínu má draga í efa að meirihluti kjósenda styðji þá ákvörðun. Seinnipart stefnunnar, skýr kosningaloforð um þjóðaratkvæðagreiðslu, ætlar stjórnin hins vegar ekki að framkvæma. Þar sýna niðurstöður kannana ítrekað að hún hefur ekki meirihlutastuðning kjósenda.

Velkist menn í vafa um hvað var sagt fyrir kosningar, má rifja það upp. Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra sagði í grein í Morgunblaðinu í ágúst 2011 að leggja ætti aðildarviðræðurnar til hliðar. „Þegar málin hafa skýrst og við vitum hvort eða hvernig ESB lifir af er rétt að þjóðin taki afstöðu til þess í þjóðaratkvæðagreiðslu hvort taka skuli viðræður upp að nýju.“

Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra sagði í þingræðu í maí 2012 að endurmeta ætti aðildarferlið. „Það er allt sem bendir til þess að full ástæða sé til að fara í slíkt endurmat hér á Alþingi og ef ekki að leyfa íslenskri þjóð að taka ákvörðun um það hvort þessu verði haldið áfram eða hvernig verður haldið á þessu.“

Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra sagði í viðtali við Fréttablaðið 24. apríl í vor: „Við höfum haft það sem hluta af okkar stefnu að opna fyrir þjóðaratkvæðagreiðslu til að útkljá þetta mál og við munum standa við það.“ Kvöldið eftir sagði hann í kappræðum á Stöð 2: „Við viljum opna fyrir þjóðaratkvæðagreiðslu og ég tel rétt að stefna að henni á fyrri hluta kjörtímabilsins.“

Nú telur enginn þessara manna að þjóðin eigi að fá að segja hug sinn til málsins. Það er langt síðan jafnmargir ráðherrar hafa verið jafnberrassaðir í máli þar sem gerðar eru reglulegar mælingar á almenningsálitinu.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRAR:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is*, Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

ISSN 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Frítt fyrir konur í leðri – aftur

„Vegna mikilla eftirspurna höfum við loksins ákveðið að halda hið sjóðandi heita Playboy Partý í Sjallanum þar sem GULLFALLEGAR, SJÓÐANDI heitar Playboy kanínur taka á móti gestum.“ Svona hljóðar lýsingin á Playboy-kvöldi sem fram fer í Sjallanum á Akureyri á laugardaginn kemur. Í henni kemur einnig fram að konur í Playboy-„dressi“ og leðri fái frítt inn. Það er skemmtileg tilviljun að á laugardaginn verður einmitt réttur mánuður síðan síðast var auglýst kvöld með glaðningum fyrir leðurklæddar konur. Það var svokallað Dirty Night, sem Jafnréttisstofa gerði athugasemd við sem aftur gerði það að verkum að Sjallinn blés kvöldið af.



### Misskilningur

Forsvarsmaður Sjallans hafði þá þetta um málið að segja í fjölmiðlum: „Við misskildum hvernig þetta kvöld ætti að vera og um leið og við sáum hvað þetta væri þá ákváðum við að bakka út úr þessu.“ Ætli þeir í Sjallanum skilji hvað Playboy-kvöld er eða á sá misskilningur líka eftir að koma í ljós?



### Gersamlega galið

Unnur Gunnarsdóttir, forstjóri Fjármálaeftirlitsins, olli nokkru fjaðrafoki í gær með ummælum sínum á Bloomberg um að Íbúðalánasjóði yrði ekki bjargað úr þessu. Tap hans myndi alltaf lenda á skattborgurum. Harðorðastur í garð Unnar er Hallur Magnússon, fyrrverandi sviðsstjóri hjá Íbúðalánasjóði, sem kallar eftir afsögn hennar í bloggpistli. „Forstjóri Fjármálaeftirlitsins virðist gersamlega galinn! Yfirlýsingar hennar á Bloomberg um Íbúðalánasjóð eru að líkindum alvarlegustu afglöp íslensks embættismanns allavega frá hruni,“ skrifar Hallur og segir að viðtalið sé „hrein og klár aðför að íslensku efnahagslífi“. Það er ekkert minna.

stigur@frettabladid.is

## HALLDÓR




## Samráð og lög um náttúruvernd

NÁTTÚRUVERND



**Gústaf Adolf Skúlason**
framkvæmdastjóri Samorku, samtaka orku- og veitufyrirtækja

Mikið hefur verið rætt og ritað um allt hið mikla samráð sem viðhaft hefur verið við gerð lagafrumvarps um náttúruvernd á síðasta kjörtímabili. Frumvarpið varð að lögum en gildistökunni var frestað og nú hefur verið boðað að lagt verði til að lögin verði afturkölluð og núgildandi lög, frá árinu 1999, gildi þannig áfram. Samráð er hins vegar teygjanlegt hugtak. Eitt er að gefa aðilum færi á að setja fram sjónarmið, annað er að tekið sé tillit til þeirra sjónarmiða.

### Þröngur hópur höfunda

Mikil vinna var lögð í gerð frumvarpsins. Meðal annars var unnin svokölluð hvítbók um náttúruvernd í því sambandi, tæpar 500 blaðsíður að lengd. Hvítbókina vann hins vegar afar þröngur hópur fólks; starfsfólk umhverfisráðuneytisins og stofnana þess, háskólafólk sem mikið hefur unnið fyrir ráðuneytið og fulltrúi frjálsra félagasamtaka á sviði náttúruverndar. Enginn fulltrúi atvinnulífs, sveitarfélaga, útivistarfólks og þannig mætti áfram telja. Þetta er ekki uppskriftin að víðtækri sátt um þennan málaflokk.

### Lítið gert með athugasemdir

Hvítbókin fór í umsagnarferli en óljóst er hvað gert var við umsagnirnar því hún kom aldrei út aftur í breyttu formi. Síðar gaf ráðuneytið út drög að frumvarpi til umsagnar sem bar öll einkenni hvítbókarinnar hvað sem umsögnum um hana leið.

Aftur stóð undirritaður að gerð umsagnar en ekki var að sjá að tekið hefði verið tillit til efnisatriða hennar þegar frumvarpið var síðar lagt fram á Alþingi. Enn hófst þá umsagnarferli en nú á vegum Alþingis. Frumvarpið tók síðan litlum breytingum í meðförum þingsins.

Hér verða ekki raktar þær fjölmörgu og alvarlegu athugasemdir sem Samorka, Samtök atvinnulífsins, Samband íslenskra sveitarfélaga, samtök útivistarfólks og fjöldinn allur af öðrum aðilum gerðu við þetta frumvarp. Hér skal það hins vegar áréttað að hið meinta víðtæka samráð sem sagt er hafa verið viðhaft einkenndist allt þetta langa ferli af því sama: Lítið sem ekkert tillit var tekið til ítrekaðra og alvarlegra athugasemda þessara fjölmörgu aðila.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Kjartan Guðmundsson *kjartan@frettabladid.is* **MENNING:** Friðrika Benónýsdóttir *fridrikab@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Sara McMahon *sara@frettabladid.is* **VÍSIR:** Kristján Hjálmarsson, *kristjan@visir.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Af Seltirningum og útlendingum

Í DAG
Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir
borgarfulltrúi



Borgarstjórinn í Reykjavík hefur skotið fast á Seltirninga við misgóðar undirtektir. Það er vissulega skondið að ímynda sér tollahlið við mörk Seltjarnarness og Reykjavíkur og að sjá fyrir sér Seltirninga sem ríka frændur sem éta úr ísskápum Reykvíkinga. Svona glens og grín virkar hugsanlega til að brydda upp á umræðu um samstarf eða sameiningu sveitarfélaga en í raun og veru eru Seltirningar alls engar afætur á Reykvíkingum. Íbúar Seltjarnarness sem nýta til að mynda þjónustu skóla í Reykjavík borga sitt eftir kúnstarinnar reglum. Reykvíkingar hafa aðgang að yndislegu útivistarsvæði Gróttu og sundlauginni á Seltjarnarnesi alveg eins og Seltirningar hafa aðgang að hjólastíganeti og söfnum borgarinnar.

**Erlendur Gestur**

Samlíkingar borgarstjóra vekja hins vegar upp spurningar um aðra frændur, mikinn fjölda erlendra ferðamanna sem nýta sér þjónustu og afþreyingu í Reykjavík. Erlendir ferðamenn hafa nú bjargað landsmönnum í efnahagslegu tilliti eftir áföllin 2008. Heimsóknir þeirra hafa haft jákvæð áhrif á útflutning, þjónustu og minnkað atvinnuleysi. Á síðustu fimm árum hafa heimsótt okkur rúmlega þrjár milljónir gesta. Við tökum á móti þeim fagnandi og niðurstöður viðhorfskannana í ferðaþjónustu segja að á Íslandi búi í raun 320.000 leiðsögumenn. Það þarf sannarlega ekki að kenna Reykvíkingum kurteisi gagnvart ferðamönnum eins og borgarstjórinn í París neyddist til að gera í sinni borg! Í fyrra sögðust yfir 90% ferðamanna ætla að mæla með Reykjavík sem áfangastað.

Ekkert bendir til þess að erlendum ferðamönnum fækki. Varfærnar spár gera ráð fyrir að ferðamenn verði 36% fleiri á árinu 2015 en þeir voru 2012. Fréttir berast af mikilli uppbyggingu gistihúsa en þrátt fyrir áætlaða fjölgun þeirra er enn nokkuð í land með að eftirspurn verði fullnægt. Þessi þensla gæti hins vegar farið að nálgast þolmörk náttúru og samfélags á ákveðnum stöðum á landinu. Mögulegar lausnir vegna þessa eru nú ræddar í starfshópi iðnaðarráðherra og gætu falist í einhvers konar gjaldtöku.

Þrátt fyrir að þessi nýja atvinnugrein hafi bjargað miklu hefur neysla ferðamanna farið minnkandi á undanförnum árum að raunvirði, þegar tekið hefur verið tillit til fjölgunar ferðamanna og gistinátta. Ferðamennirnir eyða að meðaltali minna en áður. Ferðaþjónustuaðilar einbeita sér nú að því að skapa umhverfi fyrir eyðsluglaðari ferðamenn, laða að ólíka hópa og búa til verðmætari vörur. En hvað hefur þetta að gera með ríka frændann og Reykjavíkurborg?

**Niðurgreidd afþreying**

Útsvarsgreiðendur í Reykjavík niðurgreiða mikið af afþreyingu fyrir þennan mikla fjölda gesta. Þrjátíu prósent erlendra gesta fara í sund í Reykjavík. Miðaverðið þar stendur hins vegar einungis undir 25% af raunkostnaði við sundlaugarferðina. Reykvíkingar borga þessi 75% sem út af standa. Næstum 40% erlendra gesta skoða listasöfn borgarinnar. Aðgangsmiðinn í okkar fallega Ásmundarsafn kostar til dæmis 20% af raunkostnaði og því greiða Reykvíkingar 80% af miðaverðinu í gegnum skattkerfið. Sama gildir um strætómiða þar sem erlendi ferðamaðurinn greiðir 30% af kostnaðinum við ferðina en útsvarsgreiðendur sjá um afganginn. Svona mætti áfram telja en samantekið niðurgreiða íbúar í Reykjavík spennandi valkosti fyrir ferðamenn um 75 prósent að meðaltali.

**Finnum leiðir**

Eru borgarbúar búnir að átta sig á þessari þróun? Það er löngu kominn tími á stefnumarkandi umræðu um forgangsröðun fjármuna til grunnþjónustu. Það blasir við að íbúar hafa ekki efni á að niðurgreiða þjónustu fyrir hundruð þúsunda annars ágætra gesta á ári hverju. Borgarbúar eru til dæmis óþolinmóðir gagnvart lélegu viðhaldi og styttri opnunartíma í sundlaugum borgarinnar sem stafar af þurrum sjóðum borgarinnar. Nauðsynlegt viðhald eykst vitaskuld mikið samhliða aukinni notkun.

Afþreying borgarinnar keppir að auki beint og óbeint við fjölmörg fyrirtæki í einkaeigu. Við viljum að slíkum fyrirtækjum fjölgi og að þau blómstri en samkeppni við niðurgreidda afþreyingu á vegum borgarinnar hjálpar ekki til við þá þróun.

Er ekki kominn tími á nýja hugsun? Leiðirnar eru fjölmargar en þeim verður ekki komið á án hugsunar eða frumkvæðis Reykjavíkurborgar. Það felast mikil tækifæri í ferðamennsku fyrir Reykjavíkurborg sem og fyrirtæki í borginni, sérstaklega með tengingu menningar- og ferðaþjónustu. Brandarar um tollahlið og feita frændur eru ágætir í sjálfu sér en duga skammt án skýrrar stefnu og frumkvæðis þeirra sem ráða för í Reykjavík.

> Útsvarsgreiðendur í Reykjavík niðurgreiða mikið af afþreyingu fyrir þennan mikla fjölda gesta. Þrjátíu prósent erlendra gesta fara í sund í Reykjavík. Miðaverðið þar stendur hins vegar einungis undir 25% af raunkostnaði við sundlaugarferðina. Reykvíkingar borga þessi 75% sem út af standa.






# Nýfrjálshyggjan og fátækir

SAMFÉLAG



Þorleifur Gunnlaugsson
varaborgarfulltrúi VG

Áslaug Friðriksdóttir, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins og leiðtogi flokksins í velferðarráði, segir í viðtali í helgarblaði Fréttablaðsins að meirihlutinn í Reykjavík hafi gert sín stærstu mistök í upphafi kjörtímabilsins, þegar ákveðið var að hækka fjárhagsaðstoð þrátt fyrir að augljóst væri að slíkt myndi draga úr fjárhagslegum hvata fólks til að fara út á vinnumarkað.

Í viðtalinu stillir Áslaug dæminu þannig upp að þeir sem þurfa að reiða sig á fjárhagsaðstoð borgarinnar séu baggi á „venjulegum“ fjölskyldum. Þetta rökstyður borgarfulltrúinn með því að draga fram meintan kostnað hverrar fjölskyldu í Reykjavík vegna fjárhagsaðstoðar sem Áslaug segir að hafi aukist um 250 prósent frá árinu 2008. „Þá hafi þessi kostnaður numið rúmum 52 þúsundum króna á ári á hverja fjölskyldu en sé kominn upp í rúmar 130 þúsund krónur.“

**Ábyrgð Sjálfstæðisflokksins**

Velferðarleiðtogi Sjálfstæðisflokksins í borginni nefnir það ekki að aukinn kostnaður vegna fjárhagsaðstoðar stafar ekki af hækkun bóta, heldur mikilli fjölgun fjárhagsaðstoðarþega. Þessi mikla fjölgun fólks sem neyðist til að lifa á aðstoðinni er bein afleiðing efnahagshrunsins, en þá jókst atvinnuleysi um meira en 700 prósent á örfáum mánuðum.

Hrunið skrifast fyrst og fremst á Sjálfstæðisflokkinn og í raun ætti Áslaug og aðrir fulltrúar flokksins frekar að skammast sín og biðja fórnalömbin afsökunar en að stilla upp kröfum um að tekjur þeirra verði lækkaðar enn frekar.

**Lækkun fjárhagsaðstoðar**

Staðreyndin er sú að frá 2008 hefur fjárhagsaðstoðin í Reykjavík lækkað að raunvirði hjá meirihluta þeirra sem hana þiggja og sennilega hjá þeim öllum.

Fyrsta verk núverandi meirihluta var að breyta reglum um fjárhagsaðstoð í Reykjavík þannig að búinn var til nýr hópur sem nefndur var „einstaklingar sem búa með öðrum“ og er fjölmennasti hópur þeirra sem njóta aðstoðarinnar, en þessi hópur var færður verulega niður í tekjum. Síðan var fjárhagsaðstoðin hækkuð til þeirra sem tilheyra efsta hópnum, en aðrir fengu ekki verðbætur það árið.

**Núverandi reglur**

Núverandi reglur borgarinnar um fjárhagsaðstoð eru svona:

1 Grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar til einstaklings, 18 ára eða eldri, sem rekur eigið heimili getur numið allt að 163.635 kr. á mánuði.
(Með rekstri eigin heimilis er átt við þær aðstæður þegar viðkomandi býr í eigin húsnæði eða leigir húsnæði og leggur fram þinglýstan húsaleigusamning um húsnæðið.)

2 Grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar til hjóna/sambúðarfólks getur numið allt að 245.453 kr. á mánuði.

**➜ Hrunið skrifast fyrst og fremst á Sjálfstæðisflokkinn og í raun ætti Áslaug og aðrir fultlrúar flokksins frekar að skammast sín og biðja fórnarlömbin afsökunar en að stilla upp kröfum um að tekjur þeirra verði lækkaðar enn frekar.**

3 Grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar til einstaklings sem býr með öðrum (leigir húsnæði án þinglýsts leigusamnings eða hefur ekki aðgang að húsnæði) er 137.871 kr. á mánuði.

4 Grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar til einstaklings sem býr hjá foreldrum er 81.818 kr. Hafi einstaklingur, sem fellur undir framangreint, forsjá barns, skal viðkomandi reiknuð grunnfjárhæð sem nemur 137.871 kr. á mánuði.

Hópur 3, sem áður tilheyrði hópi 1 og er eins og áður sagði stærsti hópurinn, hefur dregist verulega aftur úr og reyndar var reglum einnig breytt þannig að einstæðir foreldrar sem búa hjá foreldrum sínum voru færðir úr hópi 1 í hóp 3.

**Kaldrifjuð nýfrjálshyggja**

Þessar tekjur, sem eru langt undir fátækramörkum, verða þeir sem neyðast til að lifa á fjárhagsaðstoð að láta sér duga, jafnvel árum saman. Ef marka má Áslaugu Friðriksdóttur verða bæturnar lækkaðar enn frekar og nú með það að markmiði að neyða fólk til að sætta sig við allt of lág laun, nái sjálfstæðismenn völdum Í Reykjavík.

# Kennarar, hvar er dýfan?

MENNTUN



Tinna Sigurðardóttir
hjúkrunarfræðinemi

Við vinkonurnar vorum að ræða málin um daginn. Sjö okkar eru í háskólanámi. Við erum allar í mismunandi fögum; hjúkrunarfræði, lyfjafræði, sálfræði, félagsráðgjöf, ferðamálafræði, verkfræði og viðskiptafræði. Við erum sem sagt mjög ólíkar. Samt sem áður vorum við sammála um að við værum allar með einn eða tvo kennara sem við vildum helst að gerðu eitthvað í kennslutækni sinni.

**Innantómur glærulestur**

Mig langaði bara að skrifa smá vitundarvakningu fyrir kennarasamfélagið og hvetja kennara til að gera kennslu líflega. Ég get sagt ykkur það, kæru kennarar, að innantómur glæruupplestur er ekki það sem flestir nemendur sækjast eftir, við kunnum jú allflest að lesa, er það ekki? Talið í kringum glærurnar, hoppið upp á borð og segið frá Sókrates eða gangið um salinn og talið um hreyfingu sameinda, pH-gildi blóðs eða siðavenjur Hadzabe-þjóðflokksins í Afríku.

**➜ Þið eigin enn von til að verða skemmtilegi kennarinn eða allavega kennarinn sem maður lærir af.**

Haldið athygli nemendanna! Við getum alveg lesið glærurnar sjálf.

**Klárið þetta með stæl**

Nú er misserið komið á seinni helming og því um að gera að rífa sig upp og klára þetta með stæl! Þið eigið enn von til að verða skemmtilegi kennarinn eða allavega kennarinn sem maður lærir af. Námið getur verið áhugavert og kennslan drep. En námið verður ekki skemmtilegt fyrr en kennslan og námið tvinnast almennilega saman, alveg eins og ís með dýfu er ekki ís með dýfu ef það vantar dýfuna. Ég óska þess að þið takið þetta til ykkar, elsku kennarar, því þið eruð lykillinn að skemmtilegu námi.

Rífið ykkur upp, stingið ísnum í dýfuna og gerið allt vitlaust!











Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Kringlunni
Álfabakka 14b, Mjódd

Smáralind
Strandgötu 31, Hafnarfirði
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Vestmannaeyjum - Faxastíg 36
Penninn - Hallarmúla 4

Penninn

Eymundsson

# Ekki bara bingóstjóri

MENNTUN





**Bryndís Jónsdóttir**
framkvæmdastjóri SAMFOK

**Margrét Valgerður Helgadóttir**
formaður SAMFOK

Haustið er komið og skólabörn þyrpast í skólana, flest öll kát og glöð og hlakka til vetrarins. Við foreldrarnir erum líka glöð með að allt skuli vera komið í rútínu. Á næstu dögum eða vikum verðum við kölluð út í skólana og okkur boðið að skoða námsefni og kynna okkur starfið í vetur. Þá fáum við smá hnút í magann. Við vitum nefnilega að nú fer kennarinn að „kvabba“ í okkur um að taka að okkur bekkjarfulltrúastarfið og bjóða okkur fram í foreldrafélagið. Við fyllumst kvíða og hugsum um alla vinnuna, heimilisstörfin, skutlið, félagsstarfið og allt annað sem við þurfum að sinna í vetur. Hvernig í ósköpunum á ég að geta bætt því á mig að taka þátt í foreldrastarfi í skóla barnsins míns? Hvernig get ég komið mér undan því að vera bekkjarfulltrúi í vetur? Tekur nokkur eftir því ef ég mæti ekki á aðalfund foreldrafélagsins? Skólaráð, hvað er nú það? Ég kann ekkert að skipuleggja bingó. Getur ekki einhver annar gert þetta?

Rannsóknir hafa sýnt að áhugi og stuðningur foreldra við nám og skólagöngu barna sinna er stærsti einstaki þátturinn sem hefur jákvæð áhrif á námsárangur og líðan barna. Í því samhengi er auðvitað mikilvægast að hver og einn sýni námi barnsins síns áhuga, kenni því að nám sé mikilvægt og hvetji það til dáða. En ef foreldrar taka höndum saman og halda utan um bekkinn, árganginn og nemendahópinn í heild sinni, hafa frumkvæði að því að efla bekkjaranda og stuðla að jákvæðum skólabrag í samvinnu við kennara og skólastjórnendur getum við aukið til muna þau jákvæðu áhrif sem stuðningur okkar hefur.

Bekkjarfulltrúar hafa ekki eingöngu það hlutverk að halda bekkjarkvöld tvisvar á ári. Þeir eru fulltrúar bekkjarins gagnvart foreldrafélaginu og skólastjórn. Þeir skipuleggja vetrarstarfið og gæta hagsmuna barnanna í bekknum, í samvinnu við aðra foreldra í bekknum. Þeir taka að sér verkstjórn en allir foreldrar í bekknum ættu að taka þátt í starfinu með einhverjum hætti á hverjum vetri. Verkefni vetrarins geta verið mörg og ólík eftir aldri nemenda og áhuga forelda. Vinahópar, foreldrarölt, fræðslukvöld, stuðningur við kennara, bekkjarkvöld, fjáraflanir, þátttaka í starfi foreldrafélagsins og svo mætti lengi telja.

### Bein áhrif á starfsemi

Foreldrafélagið á ekki heldur bara að halda bingó og vorhátíð heldur einnig leggja sitt af mörkum til að efla skólabrag og jákvæð samskipti, fylgjast með að ákvæði aðalnámskrár séu uppfyllt, farið sé að lögum varðandi kennslustundafjölda og aðbúnað nemenda, upplýsa fulltrúa foreldra í skólaráði um afstöðu foreldra til hinna ýmsu mála og gæta hagsmuna barna og foreldra í hvívetna. Hér er þó ekki verið að gera lítið úr þeim hluta sem snýr að hópefli og skemmtunum í skólum.

**➜ Foreldrastarf þarf ekki að vera leiðinleg kvöð. Það er okkar sjálfra að skipuleggja starfið þannig að það verði bæði skemmtilegt og gefandi.**

Foreldrar hafa bein áhrif á starfsemi skólans í gegnum skólaráðin þar sem þeir eiga að minnsta kosti tvo fulltrúa. Fulltrúar foreldra í skólaráði eru kosnir samkvæmt reglum foreldrafélagsins og er afar mikilvægt að fulltrúarnir séu í góðum tengslum við bakland sitt og að upplýsingaflæði milli þeirra og foreldrafélagsins sé virkt.

Sem betur fer fá ekki allir foreldrar kvíðahnút í magann þegar kallað er eftir starfskröftum þeirra í skólanum. Sumir taka við keflinu fullir tilhlökkunar og telja framlag sitt á þessu sviði ekki einungis sjálfsagt heldur mikilvægan hluta af foreldrahlutverkinu. Foreldrastarf þarf ekki að vera leiðinleg kvöð. Það er okkar sjálfra að skipuleggja starfið þannig að það verði bæði skemmtilegt og gefandi. Stærsti ávinningurinn er glöð og góð börn sem gengur vel í námi, líður vel í skólanum sínum og finna fyrir augljósum stuðningi foreldra sinna við skólastarfið. Ætlar þú að taka þátt í foreldrastarfinu í vetur eða ætlar þú að láta öðrum það eftir að skapa gott umhverfi fyrir barnið þitt í skólanum?

# Nú er nóg komið – fylkjum liði!

HEILBRIGÐISMÁL

**Hólmfríður Sólveig Haraldsdóttir**
húsfreyja og ferðamálafræðingur

**Margrét Ingibjörg Ríkarðsdóttir**
forstöðumaður

**Elsa María Guðmundsdóttir,**
verkefnastjóri og aðstoðarforstöðumaður

Þetta er ákall til kvenfélaga á Íslandi og annarra félagasamtaka sem unnið hafa að uppbyggingu í heilbrigðiskerfinu með gjafafé.

Umönnun sjúkra, fatlaðs fólks, aldraðra og stuðningur við þá sem minna mega sín hefur lengst af hvílt á herðum kvenna þessa lands. Meðfram heimilisstörfum og hússtjórn varð það einnig þeirra hlutskipti gegnum aldirnar að sinna veikum og hjálparþurfi inni á heimilunum. Það var fyrir framsýni og hvatningu kvenna að aðstæðum fyrir þessa hópa var breytt – og til hins betra.

Fyrstu sjúkrastofnanir landsins og raunar flestar umönnunar- og hjúkrunarstofnanir eru byggðar fyrir hvatningu kvenna og að hluta til fyrir þeirra framlag. Kvenfélög og síðar ýmis önnur félagasamtök, þ.m.t. karlar einnig, hafa um áratugaskeið sinnt hjúkrunarstofnunum landsins með gjafafé. Þetta gjafafé hefur að miklu leyti staðið undir fjármögnun til tækjakaupa hjá flestum eða öllum sjúkrahúsum landsins. Þess vegna hljóta þessi félagasamtök í landinu að hafa

**➜ Fyrstu sjúkrastofnanir landsins og raunar flestar umönnunar- og hjúkrunarstofnanir eru byggðar fyrir hvatningu kvenna og að hluta til fyrir þeirra framlag. Kvenfélög og síðar ýmis önnur félagasamtök, þ.m.t. karlar einnig, hafa um áratugaskeið sinnt hjúkrunarstofnunum landsins með gjafafé.**

eitthvað að segja um niðurskurðaraðgerðir stjórnvalda.

Ríkisstjórnin hefur nú lagt til svo blóðugar niðurskurðaraðgerðir að ekki verður við unað. Stöndum vörð um heilbrigðiskerfið – og þær stofnanir sem félagasamtök hafa verið að styðja.

Saman getum við fundið leiðir til sparnaðar sem ekki bitna svo harkalega og ósvífið á heilbrigðisþjónustunni í landinu. Leitum leiða og vinnum saman.

Við hvetjum kvenfélög og líknarfélög, svo og alla landsmenn til að fylkja liði, þétta raðirnar og mótmæla harðlega. Það verður ekki aftur snúið ef fyrirætlanir ráðamanna ná fram að ganga og þá er viðbúið að umönnunarhlutverkið færist aftur inn á heimili þessa lands. Með öðrum orðum; við hrökkvum áratugi aftur í tímann í heilbrigðisþjónustu.

Látum það ekki henda íslenskt samfélag!



# Skálkaskjól vændiskaupenda

DÓMSMÁL



Alma Rún R. Thorarensen
lögfræðingur

Í opinberri umræðu undanfarna daga hafa málefni ungrar stúlku sem ákærð var fyrir brot á 248. gr. almennra hegningarlaga (fjársvik) í tengslum við kynlífsþjónustu sem hún innti ekki af hendi verið áberandi. Málsatvik eru í stuttu máli þau að stúlkan (sem er barn að lögum) og maður voru í netsamskiptum. Mun tilgangurinn hafa verið sá að mæla sér mót og að maðurinn greiddi stúlkunni fyrir vændisþjónustu sem hún átti að veita honum. Þegar á hólminn var komið og maðurinn rétti stúlkunni peningaseðla út um opna bílrúðu, sem fyrirframgreiðslu fyrir viðvikið, ákvað hún við svo búið að taka til fótanna án þess að standa við sinn hluta samkomulagsins.

Skemmst er frá því að greina að viðbrögð héraðsdómara við saksókn á hendur stúlkunni voru á þá lund að vísa ákærunni frá dómi, meðal annars á grundvelli þess að umrædd vændiskaup nytu ekki réttarverndar fjársvikaákvæðis alm. hgl. Úrskurðurinn var kærður til Hæstaréttar, sem benti á að láðst hefði af hálfu ákæruvaldsins að gera grein fyrir þeim ástæðum sem ákæran væri reist á og var málinu vísað frá dóminum af þeim sökum.

Sitt hefur hverjum sýnst um niðurstöðu héraðsdóms. Hefur það jafnan verið viðkvæðið gagnvart þeim sem ekki hafa verið hlynntir saksókn á hendur stúlkunni að um óþarfa viðkvæmni af hálfu þeirra sé að ræða enda vændi „tilfinningahlaðið“ málefni, sem geri þeim erfitt fyrir að sjá málið í réttu ljósi og halda sig á málefnalegum nótum svo fátt eitt sé nefnt.

Við mögulega áframhaldandi umfjöllun dómstóla um málið er nauðsynlegt að halda eftirfarandi til haga:

A. Í 206. gr. alm. hgl. er fjallað um vændi. Ákvæðið er einstakt að því leyti til að í því er kaupum á vændi lýst refsiverðum. Sala er aftur á móti refsilaus nema þriðji aðili hagnist á henni. Var þetta leið sem farin var að sænskri fyrirmynd fyrir nokkrum árum í íslenskri löggjöf.

Sjónarmið sem lúra að baki þessu fyrirkomulagi eru meðal annars þau að hið opinbera mæti þeim sem einhverra hluta vegna sjá sig knúna til að selja aðgang að líkama sínum í kynferðislegum tilgangi með stuðningi í stað refsivandar á lofti. Oft sé um að ræða einstaklinga sem eiga sér einskis aðra úrkosti umfram þá sem falast eftir þjónustu þeirra. Í greinargerð með lagafrumvarpi um breytingu á 206. gr. er áhersla lögð á þennan aðstöðumun kaupanda og seljanda vændis og í því sambandi talið eðlilegra að leggja ábyrgðina á viðskiptunum á herðar kaupanda. Þá er börnum veitt alveg sérstök vernd í þessum efnum, ekki aðeins í umræddri 206. gr. heldur einnig í alþjóðlegum samningum um málefni barna og viðaukum við þá sem Ísland er aðili að.

Fram hjá þessu verður ekki litið við túlkun ákvæðisins og mögulegt mat á því hvort refsingum verði við komið gagnvart þeim sem bjóða afnot af líkama sínum í kynferðislegum tilgangi gegn þóknun.

B. Samkvæmt 1. mgr. 24. gr. laga um meðferð einkamála hafa dómstólar vald til að dæma um hvert það sakarefni sem lög og landsréttur ná til nema það sé skilið undan lögsögu þeirra samkvæmt lögum, samningi, venju eða eðli sínu. Í lagagreininni birtist sú grundvallarregla í íslenskum rétti að málefni það sem til úrlausnar er hjá dómstólum hverju sinni (sakarefni) má ekki vera andstætt lögum og velsæmi enda talið að dómstólar geti ekki með réttu leyst úr slíku á grundvelli laga og landsréttar.

C. Það er enn fremur rótgróin hefð í íslenskum rétti að gildi kröfu er háð því að hún njóti lögverndar. Að öðrum kosti er ekki unnt að knýja á um efndir hennar. Þannig njóta til dæmis kröfur sem eiga sér ólöglegar rætur ekki verndar laga, hvað þá verndar refsivörslunnar.

Af augljósum ástæðum falla því ætluð kaup á vændisþjónustu af barni utan við þá hagsmuni sem fjársvikaákvæði almennra hegningarlaga er ætlað að vernda. Kaup á vændisþjónustu eru refsiverð háttsemi og verður að framangreindu virtu ekki leitað atbeina dómstóla til að koma fram eða fylgja eftir ráðagerðum af því tagi eða refsingum ef þau ganga ekki eftir.

Eins og mál þetta er vaxið verður að telja eðlilegast að hinn svikni vændiskaupandi, sem ólöglega falaðist eftir kynlífsþjónustu, beri hitann og þungann af áhættunni sem því fylgdi. Menn skyldu í það minnsta almennt stíga varlega til jarðar við að búa þeim sem geð hafa í sér til að falast ólöglega eftir kynlífsþjónustu annarra, einkum barna, þann lagalega veruleika að þeir geti hlutast til um að refsingum sé komið við gagnvart þeim sem þeir hyggjast sækja slíka þjónustu frá, séu efndir hennar ekki í samræmi við væntingar þeirra og óskir. Það færi vel á því að ríkissaksóknari felldi málið gegn stúlkunni niður. Það væri ekki einungis í samræmi við landslög heldur næsta víst í samræmi við siðferðiskennd þorra manna í réttarríkinu Íslandi eins og málið horfir við.

**➜ Kaup á vændisþjónustu eru refsiverð háttsemi . . .**

Sökkuldúkur, rakavarnarplast og þéttiefni á frábæru verði

Raka- og vatnsþéttiefnin frá Múrbúðinni eru vottuð hágæða vara á sérlega hagstæðu verði.




Kletthálsi Reykjavík
Reykjanesbæ
Akureyri
Vestmannaeyjum

MÚRBÚÐIN
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is



# Hvað er hægri, Katrín?

STJÓRNMÁL



Kristinn H. Gunnarsson
fv. alþingismaður

Katrín Jakobsdóttir, formaður Vinstri grænna, skrifar grein í Fréttablaðið og leitast við að draga skarpar pólitískar línur milli fyrrverandi og núverandi stjórnarflokka. Er það kjarninn í málflutningi Katrínar að stjórnarstefnan, sem birtist m.a. í fjárlagafrumvarpinu, marki stefnuna aftur til hægri. Ástæða er til þess að efast um þessa pólitísku greiningu. Það má færa, því miður, allt of góð rök fyrir því að stefnubreytingin sé mun minni en af er látið.

Katrín nefnir, sem rétt er, að gamla ríkisstjórnin gerði margt gott varðandi ríkisfjármálin þrátt fyrir ótrúlega erfiðar aðstæður. Telur hún að einkum þrennt aðgreini ríkisstjórnirnar tvær, framlög til heilbrigðismála, lækkun skatta og gjalda á velmegandi, eins og lækkun veiðigjalds í sjávarútvegi og fjárframlög til fjárfestinga og uppbyggingar. Þarna er Katrín á hálum ís. Munurinn á „góðu ríkisstjórninni“ sem hún sat í og „þeirri vondu“ sem hún situr ekki í er ekki sem skyldi.

Veiðigjaldið í sjávarútvegi var loks hækkað undir lok síðasta kjörtímabils og komst aldrei til framkvæmda. Gamla ríkisstjórnin lét hjá líða í rúm þrjú ár að breyta veiðigjaldinu að neinu ráði. Á hennar valdatíma lagði sjávarútvegurinn nánast ekkert til í ríkissjóð af um 300 milljarða króna rekstrarafgangi sínum til þess að takast á við ómælda erfiðleika þjóðarinnar. Flokkarnir láku niður eins og bráðið smjör fyrir útgerðarauðvaldinu, hentu frá sér umsvifalaust eftir kosningarnar 2009 stefnu sinni um grundvallarbreytingar á úthlutun veiðiheimilda. Núverandi handhöfum kvótans var boðinn kvótinn áfram ótímabundið með sérstakri fimmtán ára ríkisábyrgð gegn lagabreytingum. Sér einhver vinstri stefnuna?

### Enginn sómi

Nýleg skýrsla Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands staðfestir hversu harkalega var gengið í niðurskurði í heilbrigðiskerfinu á ráðherraferli Katrínar. Frá 2007 til 2011 var niðurskurðurinn 24% í fjárveitingum til Landspítalans. Á kjörtímabilinu var haldinn 1.200 manna fundur almennra borgara á Ísafirði til varnar Fjórðungssjúkrahúsinu og svipaður fundur var á Húsavík um sama leyti. Svona fundarsókn er engin tilviljun heldur lýsir því að almenningur var verulega óttasleginn. En þeir sem voru við völd hefðu mátt heyra betur.

Það má vera að skýr munur á ríkisstjórnunum muni sjást í framlögum til fjárfestinga og uppbygginga þegar upp verður staðið. Staðreyndin er auðvitað sú að engir peningar eru til. Framlög til vegamála voru harkalega skorin niður. Við því var lítið að gera, en sárt var að horfa upp á að þurrkaðar voru út fjárveitingar til Dýrafjarðarganga á Vestfjörðum. Það er langmikilvægasta framkvæmdin til varnar veikasta svæði landsins, en henni var sópað út af borðinu vegna fjárskorts. Þess í stað voru sett inn miklu dýrari jarðgöng undir Vaðlaheiði og þau verða að fullu og öllu greidd úr sama fjárvana ríkissjóði. Fyrri ríkisstjórn fær engan sóma af skáldsögunni sem spunnin var upp um einkaframkvæmd sem ríkissjóði væri óviðkomandi. Er það einhver vinstri stefna að taka fé af veikum og þurfandi byggðum og færa þeim sem best standa á landsbyggðinni?

### Skrítnar áherslur

Stóru tíðindin í áðurnefndri skýrslu Hagfræðistofnunar eru jafnaðarmönnum mikið umhugsunarefni. Pólitísku línurnar eru að fé var aukið til ríkisstofnana í mennta- og umhverfismálum en dregið saman í heilbrigðiskerfinu. Það var engin kreppa sjáanleg í stofnunum eins og Umhverfisstofnun og Náttúrufræðistofnun Íslands ólíkt því sem varð í sjúkrastofnunum landsins. Það er líka gremjulegt að sjá landfræðilegu mismununina sem Hagfræðistofnunin bendir á. Höfuðborgarsvæðið virðist ekki hafa orðið fyrir barðinu á niðurskurði í fjárveitingum ríkisins og þær reyndar jukust á aðliggjandi landsvæðum, Suðurnesjum og Suðurlandi. Hins vegar varð samdráttur annars staðar á landsbyggðinni frá Vesturlandi vestur og norður um til Austurlands.

**➜ Þeir sem stóðu í brúnni þurfa að horfa í eigin barm. Þeir stýrðu ekki skútunni í veigamiklum málum eftir þeirri stefnu sem lögð var fyrir kjósendur …**

Hvað á þetta að þýða? Er þetta einhver vinstri stefna? Ef skýrslan gefur takmarkaða eða jafnvel villandi mynd af stefnu þáverandi ríkisstjórnarflokka þarf að bæta úr. En þarna birtast skrítnar áherslur frá manni að mold, frá sjúkum að ríkum útgerðarmönnum og frá landsbyggð að höfuðborgarsvæði að viðbættri ósvífinni hagsmunagæslu í kjördæmi formanns Vinstri grænna. Fráfarandi stjórnarflokkar komu verulega laskaðir frá alþingiskosningunum og það verður ekki allt skrifað á efnahagshrunið og óvenjulega óskammfeilna stjórnarandstöðu núverandi stjórnarflokka. Þeir sem stóðu í brúnni þurfa að horfa í eigin barm. Þeir stýrðu ekki skútunni í veigamiklum málum eftir þeirri stefnu sem lögð var fyrir kjósendur og hlaut brautargengi. Það má spyrja, að hvaða leyti er nú farið aftur hægri?

# Auðmýkt vísindanna

ERFÐABREYTTAR LÍFVERUR



Dominique Plédel Jónsson
formaður Slow Food

Nýlega stóð „Kynningarátak um erfðabreytt lífverur“ fyrir ráðstefnu sem bar heitið „Er erfðabreytt framleiðsla sjálfbær?“. Fyrirlesarar voru þrír hámenntaðir vísindamenn á sviði erfðatækni; plöntusjúkdómafræði, sameindalíffræði, sameindaerfðafræði, lífefnafræði og frumulíffræði, með áratuga reynslu í notkun erfðatækni, ritun ritrýndra vísindagreina og hafa þeir unnið hjá lykilstofnunum sem hafa með þetta málefni að gera. Á annað hundrað manns mættu á ráðstefnuna, það er voru það áhugasamir að þeir tóku hálfan dag frá vinnu eða námi til að fræðast. Enginn íslenskur vísindamaður mætti til að taka þátt í umræðunni við þessa jafningja sína.

Ég leyfi mér að spyrja spurninga þegar íslensku vísindamennirnir tjá sig í fjölmiðlum. Þar hefur verið fullyrt til dæmis að engin rannsókn („ég þori að fullyrða, engin rannsókn“ – Jón Hallsteinn Hallsson, Morgunútvarpi Rásar 2, þ. 4.10.) hafi sýnt fram á það að erfðabreytt matvæli séu hættuleg fyrir heilsuna. Þegar vísað er í rannsókn G.E. Séralinis sem var birt í september 2012 og sýndi fram á eitrunaráhrif frá erfðabreyttum maís og skordýraeitrinu Roundup (þar sem notuð var sama aðferðafræði og líftæknifyrirtækin nota, þar með talið Monsanto, nema að Séralini lét rannsóknina standa í tvö ár í stað 90 daga og mældi fleiri þætti), þá afgreiða vísindamenn hana hér heima í viðtali hjá RÚV með því að segja: „Séralini er þekktur fyrir að vera óheiðarlegur og óvandaður.“ Erlendir vísindamenn hafa verið kærðir fyrir minni ummæli og dæmdir. Svo er rannsóknin afdráttarlaust dæmd „ómarktæk“ því svo margir í heiminum gagnrýndu hana.

### Milljónir evra í rannsókn

En það gleymist í þessu að ESB og franska ríkisstjórnin hafa nú lagt milljónir evra í að láta vinna rannsókn á þessum sama grunni, sem er staðfesting á því að margar spurningar vöknuðu við þessa rannsókn sem þarf að svara og nú einnig varðandi æxlismyndun en ekki eingöngu eiturefnarannsókn eins og Séralini gerði.

Sömuleiðis eru vísindamenn að svara gagnrýni á erfðabreytt matvæli með því að verja erfðabreytingar í læknis- og lyfjafræði. Insúlín er í dag framleitt með erfðatækni en ekki lengur „úr blóði sláturdýra“. Hver hefur gagnrýnt það? Hvað hefur það með matvæli að gera? Það er vísvitandi verið að blanda tvennu gjörólíku saman. Þeir sem vilja að varúð sé í fyrirrúmi á meðan vísindamenn eru ekki sammála um skaðsemi erfðabreyttrar ræktunar og matvæla hafa

**➜ Fara vísindin ekki fram með því að ræða um málefni …**

ekki skipt sér af því sem er unnið í rannsóknastofnum í lækningaskyni. Það er á mörkum heiðarleika að hamra á þessum rökum.

Á sínum tíma var ég í blaðagrein og viðtali við einn vísindamanna talin óhæf um að tjá mig um erfðabreyttar lífverur því ég væri ekki vísindamaður. Nú vil ég skora á vísindamenn sem hafa ekki sparað alhæfingarnar um þetta mál að gefa sér tíma til að hugleiða aðeins. Eru vísindi alhæfingar án möguleika á að menn hafi rangt fyrir sér? Var ekki alhæft að reykingar væru með öllu skaðlausar sem nú hefur verið sannað og almenn vitneskja er um að séu skaðlegar? Er ekki grunnur vísindanna að spyrja gagnrýninna spurninga? Að byrja á því að hafa efasemdir? Að ekki sé allt svart eða hvítt? Fara vísindin ekki fram með því að ræða um málefni og verkefni? Þegar ekki einn einasti þeirra vísindamanna sem tala fyrir erfðabreyttri ræktun og matvælum hefur sér fært að mæta á málþing um málefni sem er þeim mikið tilfinningamál – og leyfa sér að gagnrýna fyrir fram það sem á að vera í fyrirlestrum sem erlendir kollegar þeirra halda – þá eru þeir búnir að afsala sér þeim rétti að koma fram í fjölmiðlum og alhæfa að erfðabreyttar lífverur „séu með öllu skaðlausar“.

# Almannavæðing

STJÓRNSÝSLA



Benjamin Julian
stuðningsfulltrúi

Ríkisrekstur er prýðilegt dæmi um sjálfheldu. Þegar hið opinbera hefur tekið að sér rekstur stofnunar á borð við banka eða fjölmiðil eru fáir tilbúnir að færa reksturinn aftur frá ríkinu, þrátt fyrir þá spillingu og vanhæfni sem fylgir ríkisrekstri. Almenningur vantreystir einkavæðingu af sömu ástæðu og tilefni væri til hennar: vegna spillingar. Þar sem uggur gagnvart einokun einkaaðila er meiri en gagnvart einokun ríkisins – við erum svo vön henni – er meiri ótti við spillta einkavæðingu en spillingu í opinberri stofnun. Eftir sitjum við með ríki sem enginn vill að láti af völdum sem við vitum þó að það misnotar.

Við erum þó ekki milli steins og sleggju. Í stað einkavæðingar mætti almannavæða ríkisstofnanir. Það er hægt að gera á tvo vegu.

Önnur leiðin væri að breyta þeim í félög þar sem félagsgjöldin eru reiknuð á sama hátt og skattgreiðslur nú. Allir meðlimir hefðu jafnan kosningarétt um málefni félagsins og gætu sagt eða selt sig úr því ef þeir vilja. Þessi leið myndi henta fyrir ríkisstofnanir sem nú skila tapi, til dæmis Ríkisútvarpið. Hin leiðin væri að breyta þeim í eins konar hlutafélag. Arður yrði greiddur út eftir reglum félagsins, sem kjósa mætti um á fyrsta aðalfundi. Hver hluthafi – hver borg-

**➜ Rafrænar kosningar bjóða mikið svigrúm til bóta. Með auknum ítökum almennings í stofnunum landsins væri einhver von til að nýta það.**

ari, til að byrja með – fengi jafnan atkvæðisrétt, óháð hlutstærð. Þessi leið myndi henta fyrir banka. Í leiðinni yrði dreifð eign og stjórn á bönkunum tryggð.

Með þessu fyrirkomulagi væru stofnanirnar enn undir sama hatti lýðræðis og þær eru núna, þar sem atkvæðisréttur fer ekki eftir auðlegð, með þeirri viðbót að hægt væri að segja eða selja sig úr félaginu. Ítök almennings í opinberum stofnunum yrðu þá mikið sterkari, enda eru þau núna engin. Venjulegu mótbárunni um að beinna lýðræði leggi óþarfa vinnu á hendur almennings er auðsvarað. Enginn þarf að mæta á aðalfundinn.

Enn fremur hafa allir Íslendingar aðgang að tölvum og netinu. Við kjósum enn til Alþingis með aðferðum ekki alls ólíkum þeim í borgríkjum Grikklands hins forna. Rafrænar kosningar bjóða mikið svigrúm til bóta. Með auknum ítökum almennings í stofnunum landsins væri einhver von til að nýta það.


Dorma 4. ára!
HEILSURÚM FRÁBÆRT VERÐ
GLÆSILEG AFMÆLISTILBOÐ
NÝ HEIMASÍÐA dorma.is SKOÐAÐU ÚRVALIÐ
Nature's Rest
Aðeins kr. 8.781 í 12 mánuði*
STÆRÐ 160X200
FRÁBÆR KAUP
Nature's Bedding



Afmælisverð
Nature's Rest

| Stærð cm. | Dýna | Með botni |
|---|---|---|
| 80x200 | 30.900,- | 62.900,- |
| 90x200 | 35.900,- | 68.900,- |
| 100x200 | 37.900,- | 72.900,- |
| 120x200 | 39.900,- | 79.900,- |
| 140x200 | 42.900,- | 92.900,- |
| 160x200 | 46.900,- | 99.900,- |
| 180x200 | 62.900,- | 117.900,- |

* afborgun pr. mán. í 12 mán. Vaxtalaust lán. 3,5% lántökugj.

DORMA – býður góða nótt

■ Mjúkt og slitsterkt áklæði ■ Svæðaskipt gormakerfi ■ Frábærar kantstyrkingar ■ Aldrei að snúa ■ Sterkur botn ■ Burstaðar stállappir ■ 320 gormar pr fm²

Holtagörðum, Reykjavík ✆ 512 6800 • OPIÐ: Virka daga kl. 10.00–18.00 og laugardaga kl. 11.00–16.00 og sunnudaginn 13. oktober kl. 13.00–16.00 • Dalsbraut 1, Akureyri ✆ 558 1100 • Húsgagnahöllinni, Reykjavík ✆ 558 1100




Denver svefnsófi á frábæru verði
**89.900**

Fæst grár og lime grænn







3 fyrir 2

Mikið úrval af púðum
Verð frá **1.990**




Home - Love **3.990**

Kertaglös
Lítil **690** og Stór **790**





Mikið úrval af kertastjökum
í mörgum stærðum og gerðum
Verð frá **3.990**

Bakki **7.990** Bakki **9.990** Hjarta 30 cm **2.590**



Vasar **1.490** Diskar **1.190**



Kertastjakar **2.990** og **3.990**

Kerti 30 cm
1 stk. **129**
10 stk **1.000**



Styttur **4.990** Stytta **14.990**



Polo hornsófi **139.900**




Ljós **7.990** Ljós **9.990**



Verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl

DOBÍA

Tilboð gilda vikuna 17.-23. okt.

the PIER

Smáratorgi 522 7860 • Korputorgi 522 7870 • Glerártorgi 522 7880

✝



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**ÞORSTEINN BJARNASON**
**bátsmaður,**
**Fornhaga 17, Reykjavík,**

lést á heimili sínu laugardaginn 12. október. Útförin fer fram frá Neskirkju föstudaginn 18. október kl. 15.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Krabbameinsfélagið.

**Guðrún G. Sæmundsdóttir**
**Sæmundur E. Þorsteinsson** **Svana Helen Björnsdóttir**
**Jón Viðar Þorsteinsson** **Þórunn Harðardóttir**
**Rakel Guðrún Óladóttir** **Sólveig Níelsdóttir**
**Björn Orri, Sigurður Finnbogi og Þorsteinn Sæmundssynir**
**Þorsteinn Jakob og Guðmunda Jónsbörn**

✝



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**JÓN RÚNAR GUNNARSSON**
**samanburðarmálfræðingur,**

sem lést 9. október, verður kvaddur frá Neskirkju föstudaginn 18. október kl. 11.00.

**Margrét Jónsdóttir**
**Þóra Jónsdóttir** **Sveinbjörn Gröndal**
**Bergljót Jónsdóttir** **Arnaldur Sigurðsson**
**Ásgrímur Karl Gröndal**

✝



Ástkær sambýliskona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**KARÍTAS ANNA ÞÓRÐARDÓTTIR**
**Grundargötu 70, Grundarfirði,**

lést á St. Franciskusspítalanum í Stykkishólmi, sunnudaginn 13. október. Útför hennar fer fram frá Ólafsvíkurkirkju laugardaginn 19. október kl. 14.00.

**Guðjón Elísson**
**Atli Már Hafsteinsson** **Unnur Edda Garðarsdóttir**
**Árni Þórarinsson**
**Anna Dís Þórarinsdóttir** **Narfi Jónsson**
**Kristján Guðjónsson**
**og barnabörn.**

✝



Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**KRISTINN NILS ÞÓRHALLSSON**
**Löngumýri 20, Garðabæ,**

lést á krabbameinsdeild Landspítalans 11. október 2013. Jarðarförin fer fram frá Vídalínskirkju í Garðabæ fimmtudaginn 24. október kl. 15.00.

**Jórunn Óskarsdóttir**
**Örn Kristinsson** **Geirlaug Ingibergsdóttir**
**Elín Ýr Arnardóttir** **Hlynur Arnarson**
**Snorri Freyr**

✝



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**GUNNHILDUR VIKTORSDÓTTIR**
**frá Ólafsfirði,**

andaðist á dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund aðfaranótt mánudagsins 14. október. Útför hennar fer fram frá Bústaðakirkju þriðjudaginn 22. október klukkan 15.00.

**Marteinn Elí Geirsson** **Hugrún Pétursdóttir**
**Agnes Geirsdóttir** **Guðjón Guðmundsson**
**Helga M. Geirsdóttir** **Valdimar Bergsson**
**Þorvaldur Geir Geirsson** **Ólöf Ingimundardóttir**
**Guðrún Geirsdóttir** **Steinar Birgisson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

✝



Ástkær móðir okkar,

**GUÐRÚN JÓNSDÓTTIR**
**(LILLA)**
**frá Fáskrúðsfirði,**

verður jarðsungin frá Fáskrúðsfjarðarkirkju laugardaginn 19. október klukkan 14.00.

**Jóna Bára, Sara, Svanhvít,**
**Ölver og Guðmundur Jakobsbörn.**

**ÞETTA GERÐIST:** 17. OKTÓBER 1967

## Söngleikurinn Hárið var frumsýndur




Söngleikurinn Hárið eftir James Rado, Gerome Ragni og Galt MacDermot var frumsýndur þennan dag í Biltmore-leikhúsinu á Broadway á í New York. Hann var innblásinn af hippamenningu og kynlífsbyltingu sjöunda áratugarins sem endurspeglaðist meðal annars í textum sem mæla gegn Víetnamstríðinu og hefja fíkniefni upp til skýjanna.

Hann naut strax hylli gesta og var sýndur árum saman á Broadway. Síðan hefur hann verið settur upp um allan heim og notið gríðarlega vinsælda. Lögin úr söngleiknum hafa lifað góðu lífi. Meðal annars hafa tvö þeirra, Aquarius og Let the Sunshine in, unnið til Grammy-verðlauna.

Árið 1979 var framleidd kvikmynd byggð á söngleiknum. Henni leikstýrði Milos Forman.

# Fjölmennasti viðburður í Eldborg frá upphafi

**Um níu hundruð manns koma syngjandi fram í Hörpu á kórahátíð um næstu helgi, 19. og 20. október. Einnig mega gestir taka undir. Hátíðin er í tilefni sjötíu og fimm ára afmælis Landsasmbands blandaðra kóra. Margrét Bóasdóttir er verkefnisstjóri.**



**VERKEFNISSTJÓRI KÓRAHÁTÍÐARINNAR** „Við ætlum að fá alla tónleikagesti í Hörpu til að syngja með okkur, þannig að þetta verður þjóðkór," segir Margrét Bóasdóttir söngkona. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

„Hátíðin er glæsileg og snýst öll um kórsöng enda er hann þjóðaríþrótt Íslendinga. Þetta er fjölmennasti viðburður í Eldborg sem verið hefur frá upphafi," segir Margrét Bóasdóttir, söngkona og kórstjóri, um feiknamikinn samsöng í Hörpu 19. og 20. október. Tilefnið er að 75 ár eru liðin frá því fimm blandaðir kórar stofnuðu landssamband. Einn þeirra fimm kóra er enn starfandi, það er Sunnukórinn á Ísafirði og hann mun að sjálfsögðu mæta.

Hörpusöngur nefnist dagskráin á laugardag sem stendur frá klukkan 13 til 17. Þá verða 25 tónleikar á ýmsum stöðum í húsinu, í Norðurljósasalnum, í Hörpuhorni, á stóra pallinum framan við Eldborg og á jarðhæðinni við Norðurbryggju. „Fólk verður í söngvímu allan þann dag því dagskráin er fjölbreytt og öll ókeypis," lýsir Margrét.

Hátíðartónleikarnir í Eldborg á sunnudaginn eru þó hápunkturinn, að sögn Margrétar. Þá sameinast þátttakendur, hátt í níu hundruð söngvarar, í blandaðri dagskrá. Þar verður byrjað á að syngja þjóðsönginn og svo verða tekin fimm þekkt kóralög, eins og Maístjarnan, Heyr himnasmiður og fleiri sem eru sameign þjóðarinnar. „Í efnisskránni verða nótur og við ætlum að fá alla tónleikagesti í Hörpu til að syngja með okkur þannig að þetta verður þjóðkór. Þá verða þetta ekki níu hundruð heldur 2.100 sem syngja saman ef allir taka undir," segir Margrét kampakát. Hún segir þó ekki verða um neinn rútubílasöng að ræða heldur verði hver og einn að kunna kóraröddina sína en að öðrum kosti syngja í hjartanu og njóta stundarinnar. Samið var nýtt hátíðarlag sem frumflutt verður við þetta tilefni. Það er eftir Hreiðar Inga Þorsteinsson. „Hreiðar Ingi er ungt tónskáld og kórum hefur þótt skemmtilegt að syngja verk hans," segir Margrét. „Þetta lag er við ljóð eftir Ingibjörgu Haraldsdóttur og heitir Upphaf."

Átta stærstu kórarnir munu syngja tvö lög hver um sig en síðan lýkur dagskránni á litríkum þáttum úr messu eftir sænska tónskáldið Robert Sund sem stjórnar flutningnum. „Þetta er messa með dálitlu djassívafi þannig að það verður fútt í hátíðinni í lokin. Sund er líka einn þekktasti kórstjóri allra Norðurlandanna og er vanur að stjórna mörg þúsund manns á stórum Evrópusöngmótum, svo það verður væntanlega ekkert mál fyrir hann að hafa vald yfir 900 Íslendingum."

Nánari upplýsingar eru á nýrri vefsíðu landssambandsins, lbk.is.

gun@frettabladid.is

✝



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför okkar ástkæru móður, tengdamóður, ömmu og systur,

**ARNÞRÚÐAR STEFÁNSDÓTTUR**
**sjúkraliða, Strikinu 8.**

Sérstakar þakkir viljum við færa Friðbirni Sigurðssyni krabbameinslækni og starfsfólki krabbameinsdeildar, Heimahlynningar og líknardeildar LSH fyrir þeirra góða starf. Einnig viljum við þakka öllum þeim er minntust hennar.

**Arna Valdís Kristjánsdóttir** **Vilberg Kristinn Kjartansson**
**Stella Kristjánsdóttir**
**Lilja Kristjánsdóttir**
**Jóhanna Kristín Gísladóttir** **Jana Björk Ingadóttir**
**barnabörn og systkini.**

✝



Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**INGIMAR ELÍASSON**

lést á Landspítalanum í Fossvogi 14. október. Hann verður jarðsunginn frá Fella- og Hólakirkju 25. október kl. 13.00.

**Ásta Vigdís Bjarnadóttir**
**Eyrún Ingimarsdóttir**
**Elías Jakob Ingimarsson**
**Ástmar Ingimarsson**
**Ingi Vífill Ingimarsson**
**tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.**

✝



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**ÁRNI PÉTUR BJÖRGVINSSON**
**sjóntækjafræðingur,**
**Kjalarsíðu 14b, Akureyri,**

sem lést aðfaranótt þriðjudagsins 8. október verður jarðsunginn frá Akureyrarkirkju föstudaginn 18. október kl. 13.30. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Heimahlynningu á Akureyri og Krabbameinsfélag Akureyrar.

**Laufey Vilhjálmsdóttir**
**Vilhjálmur Árnason**
**Þorgerður Helga Árnadóttir** **Ingi Rafn Ingason**
**Sævar Már Árnason** **Gunnhildur Helgadóttir**
**Helga Laufey Ingadóttir, Jökull Sævarsson, Myrra Ísis Sævarsdóttir og Valgerður Árný Ingadóttir.**

✝



Elskulegur eiginmaður minn og faðir okkar,

**SIGURÐUR GUÐMUNDSSON**
**fyrrverandi starfsmaður Flugleiða,**
**Brávallagötu 50, Reykjavík,**

lést á sjúkrahúsi á Spáni sunnudaginn 13. október. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Hrefna Björnsdóttir**
**Guðmundur Sigurðsson**
**Hjördís Sigurðardóttir**
**og aðrir aðstandendur.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið timamot@365.is.

FÓLK
KYNNINGARBLAÐ



**BORGARDÆTUR Í 20 ÁR**
**Borgardæturnar Andrea Gylfadóttir, Ellen Kristjánsdóttir og Berglind Björk Jónasdóttir verða með tónleika á Græna hattinum á Akureyri annað kvöld kl. 20. Með þeim leikur Eyþór Gunnarsson á píanó. Með tónleikunum fagna þær tuttugu ára ferli Borgardætra.**

AFSLÁTTARDAGAR
Fyrir heitt eða kalt, 5 litir - mikið af frábærum tilboðum
-20%
Tékk KRISTALL
www.tk.is
Laugavegi 178 - Sími: 568 9955



YFIRHAFNARDAGAR
15% AFSLÁTTUR
Ný sending frá BASLER,
í brúnum og rauðum litum
BASLER Parísar TÍZKAN
Skipholti 29b • S. 551 0770

Vertu vinur okkar á Facebook
20% afsláttur af öllum buxum!
Ótrúlegt úrval af vönduðum buxum í stærðum 36-52
Gallabuxur, stretchbuxur, sparibuxur, ullarbuxur, flauelisbuxur... Þrjár síddir!
GARDEUR – GERKE – LINDON – GINO
Tilboðsverð nú frá 7.980!
hjá Hrafnhildi
• Engjateigur 5
• Sími 581 2141
• www.hjahrafnhildi.is
Opið virka daga frá kl. 10-18 laugardaga frá kl. 10-16



# TÖFRAR HIMALAYA

**ÁSTARSAGA** *Það var ást við fyrstu sýn þegar Nepalinn Rajan Sedhai togaði í fléttur Huldu Eggertsdóttur þegar þau hittust í siglingu niður Austari-Jökulsá.*

Hann fangaði hjarta mitt með því að stríða mér og henda út í ána," segir Hulda Margrét Eggertsdóttir um örlagaríkan sumardag árið 2006 þegar Amor skaut þau Rajan Sedhai föstum ástarörvum við Austari-Jökulsá. Þangað hafði Hulda, sem er bæði vatns- og lofthrædd, farið með vinahópi í flúðasiglingu.

„Rajan er frá Nepal þar sem ferðamennska gengur út á fjallamennsku og flúðasiglingar. Hann hefur verið leiðsögumaður í fjallgöngum og siglingum allt sitt líf en sumarið er rólegur tími í Nepal og var Rajan að vinna sitt annað sumar á Íslandi þegar ég fór í þessa örlagaríku ævintýraferð," útskýrir Hulda sem hélt fljótlega utan til Nepal á fund Rajans.

„Þar gerðust hlutirnir hratt og við trúlofuðum okkur í Nepal. Árið eftir gengum við í hjónaband áður en við vorum farin að búa saman því þannig er viðhorfið í Nepal: Tvær manneskjur hittast, tala saman og ákveða hvort þær ætli að eyða lífinu saman. Síðan kemur ástin," segir Hulda sem nú gengur með annað barn þeirra Rajans en fyrir eiga þau soninn Sindra.

„Við erum dugleg að fara með Sindra til Nepal og heimsækja fjölskylduna. Í Nepal er rótgróin hefð fyrir handsaumuðum dúnúlpum og ég keypti eina slíka á Sindra þegar hann var sex mánaða. Þegar maður eignast börn fer maður svo að skoða hvað er gott og hvað má betrumbæta, eitt leiddi af öðru og úr varð hönnun og framleiðsla á Himalaya Magic."

## HLÚÐ AÐ MUNAÐARLAUSUM

Himalaya Magic er hönnun Huldu og Rajans á dúnúlpum og dúnpokum fyrir lítil börn. Hugmyndafræðin er himnesk því tíu prósent af söluvirði Himalaya Magic renna til munaðarlausra barna í Nepal. Úlpurnar láta þau Hulda og Rajan sérsauma hjá færustu saumameisturum Nepal.

„Okkur langaði að færa Íslendingum heim litríka töfra og gæði Himalayafjalla. Á því græða allir sem að viðskiptunum koma. Viðskiptavinurinn fær gæðavöru á góðu verði og við sköpum atvinnu í þróunarlandinu Nepal þar sem fólk er almennt ekki í launaðri vinnu og þarf að finna sér lifibrauð með því að selja eigin afurðir. Þá fá umkomulaus og munaðarlaus nepölsk börn tíu prósent af ágóðanum í námsstyrki frá unga ▶

**ÁSTFANGIN OG SKAPANDI HJÓN** Hulda Margrét Eggertsdóttir og Rajan Sedhai. MYND/DANÍEL



**HLÝIR OG MJÚKIR** Kerrupokar Himalaya Magic eru með 100 prósent gæsadúni og þola tíu stiga frost. Þá er hægt að nota í bílstóla, vagna og kerrur frá fæðingu. Gat er fyrir festingar í vögnum, kerrum og bílstólum og rennilásar á hlið til að opna fyrir bílbelti. MYND/HARPA HRUND

HAUST tilboðsdagar
25-50% afsl.
af hágæða sængurverasettum í stærðum 140x200 / 140x220 / 200x200 og 200x220 cm
12 mán. vaxtalausar greiðslur*
Gerðu gæða- og verðsamanburð
*3.5% lántökugjald
Baldursnesi 6 - Akureyri
Listhúsið - Reykjavík
25% afsl.
af vönduðum hægindastól með ljósu leðri
Verð nú aðeins kr. 67.425.-
40%
afsláttur af 160x200 cm
með botni Verð nú kr. 62.940
Aðeins dýna, verð nú kr. 32.940.-
Valhöll
Stíf dýna - Eldri gerðir
Með 5 svæðaskiptu pokagormakerfi og pu leðurbotni
Fimm stjörnu verslun
Svefn & heilsa
Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233
Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150
Opið virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga 12:00 - 16:00
www.svefn.is
Umboðsaðilar: Reynisstaður - Vestmannaeyjum | Húsgagnaval - Höfn í Hornafirði | Lúxus húsgögn - Egilsstöðum










GLAÐLEGIR LITIR Dúnúlpur Himalaya Magic eru sérhannaðar með þarfir og þægindi lítilla barna í huga. Í þeim er 100% gæsadúnn sem gerir þær þunnar og mjúkar en einstaklega hlýjar. Huldu fannst vanta glaðlega og bjarta liti í úlpuúrval barna. Hægt er stilla ermalengd svo úlpan endist barninu lengi. Úlpurnar fást líka í fullorðinsstærðum. Á myndinni er Sindri, sonur Huldu og Rajans. MYND/HARPA HRUND

▶ aldri til fullorðinsára," útskýrir Hulda, en þess má geta að Rajan hefur árum saman styrkt munaðarlausan dreng til náms í Nepal.

„Munaðarlaus börn eru mörg í Nepal því fjallamennska og umferðin taka sinn toll. Maður fær beinlínis áfall þegar maður er fyrst staddur í nepalskri umferð því bílarnir keyra mjög nálægt hver öðrum og mikið er um banaslys á örmjóum og vondum vegum í bröttum fjallshlíðum. Þá er enginn með bílbelti og börnin ekki í bílstólum. Í Nepal er heldur ekkert samtryggingarkerfi og því blasir dauðinn við þeim sem veikjast og eiga ekki peninga fyrir sjúkrahúsvist."

### 100 ÁR AFTUR Í TÍMANN

Hulda upplifði menningarsjokk þegar hún kom fyrst til Nepal og segir það hafa verið eins og að fara hundrað ár aftur í tímann.

„Nepal er vanþróað ríki en Nepalar þó einstaklega glatt, jákvætt, fallegt og hjálplegt fólk. Trúarbrögð eru búddismi og hindúismi og fólk því glatt með sitt þótt lítið sé. Vesöldin er heldur ekki alls staðar. Tengdaforeldrar mínir eru til að mynda ekki fátækir en þó er hvorki bað né sturta hjá þeim heldur kamar utanhúss. Þá þvoðum við fötin okkar í læknum og tengdamamma eldaði á gasi í útieldhúsi. Í bakgarðinum voru buffalóar sem áttu sér skjól í sama húsi og maður svaf við einn vegginn og gat klappað buffaló hinum megin við vegginn ef maður opnaði gluggann," segir Hulda hlæjandi um Nepal sem hún segir töfrandi stað. Skoðaðu Himalaya Magic á www.himalayamagic.com og á Facebook. ■ thordis@365.is



NÝJA KASMÍRULLIN Ull jakuxa er sögð vera hin nýja kasmírull. Jakuxar lifa í 3.000 metra hæð í Himalayafjöllum og fjallafólk handvefur litrík sjöl úr ullinni sem er lyktarlaus og einstaklega hlý. MYND/HARPA HRUND







FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar**
Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**
Sölumenn:
**Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434
**Sverrir Birgir Sverrisson,** sverrirbs@365.is, s. 512 5432
**Kolbeinn Kolbeinsson,** kolli@365.is, s. 512-5447



# LÍKAMINN FALINN




Allt logar þessa dagana vegna tímaritsins Elle í Ameríku. Ástæðan er forsíðumynd af leikkonunni geðþekku Melissu McCarthy sem klæðist stórri og mikilli kápu. Gagnrýnendur telja ritstjóra blaðsins vera að fela íturvaxinn líkama leikkonunnar með slíkum klæðaburði. Í tuttugu ár hefur tímaritið helgað nóvemberútgáfuna Hollywood-konum sem þykja hafa skarað fram úr á árinu. Í stað þess að prenta forsíðu með einni mynd eru teknar myndir af nokkrum konum fyrir hana. Í ár eru það Melissa McCarthy, Reese Witherspoon, Shailene Woodley, Marion Cotillard, Naomie Harris og Penelope Cruz sem fá eigin forsíðu.

Gagnrýnin á tímaritið beinist að því að Melissa er sú eina sem er látin fela líkamsvöxtinn á meðan hinar eru fáklæddari. Leikkonan, sem er 43 ára, hefur getið sér gott orð í leiklistarheiminum og varð heimsfræg fyrir leik sinn í sjónvarpsþáttunum Gilmore Girls og Mike and Molly en einnig í bíómyndinni Bridesmaids svo eitthvað sé nefnt.

Tímaritið Elle birtir annars aldrei mynd af þéttholda kona á forsíðu svo myndin af Melissu hefur vakið mikla athygli.


**mikið úval af flottum yfirhöfnum fyrir flottar konur**

***Stærðir 38-58***



Verslunin Belladonna

belladonna

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460 • www.belladonna.is


# GLÓEY Í FJÖRUTÍU ÁR

**GLÓEY KYNNIR** *Segja má að raflagna- og raftækjaverslunin Glóey, Ármúla 19, hafi verið með kveikt á perunni í fjörutíu ár og annríki, líf og fjör auðkennt reksturinn alla tíð. Lögð er áhersla á góða og persónulega þjónustu.*

Frá upphafi hefur Glóey þjónað viðskiptavinum Reykjavíkur og nágrennis ásamt landsbyggðinni með ótrúlegu vöruúrvali. Hefur orðatiltækið „ef það fæst ekki í Glóey, er það líklega ekki til“ heyrst oftar en ekki þegar leitað er eftir óalgengri vöru sem ómögulegt er að fá annars staðar. Starfsmenn verslunarinnar hafa starfað áratugum saman hjá fyrirtækinu og lært að þekkja þarfir viðskiptavinarins. Frá upphafi hafa reyndir rafvirkjar verið til staðar með góð ráð og þekkingu á rafiðninni.

Fyrirtækið hefur stóran og traustan hóp fastra viðskiptavina sem kemur reglulega í búðina. Oft hefur stemmingin í versluninni minnt meira á samkomu vina og kunningja. Fyrirtækið hefur frá upphafi verið í eigu tveggja fjölskyldna. Það var stofnað 1973 af Jóhannesi Jónssyni rafvirkjameistara. Hannes Vigfússon rafvirkjameistari og fjölskylda hans keyptu verslunina árið 1987. Það má segja að þetta sé sannkallað fjölskyldufyrirtæki því varla er til sá fjölskyldumeðlimur sem kominn er til vits og ára sem ekki hefur einhvern tíma unnið þar. Hannes dró sig í hlé frá rekstrinum 2004 og tóku börn hans við stjórn fyrirtækisins og reka það að hans fordæmi.

Glóey stóð af sér fjármálakreppuna með nokkrum áherslubreytingum eftir hrun byggingarmarkaðarins en í dag stendur fólk í meiri mæli sjálft í að hanna ljós og leitar eftir frumlegum lausnum. Segja má að hönnuðir og arkitektar sem leita að ódýrum lausnum í hönnun sinni hafi valdið byltingu í ljósahönnun á Íslandi. Unga fólkið hefur tekið það sér til fyrirmyndar og er hönnun eigin ljósa vinsæl. Mikið úrval silkisnúra í á þriðja tug lita hefur verið kveikjan að uppsprettu mikillar sköpunargleði.

Til að virkja þennan sköpunarmátt meira ætla starfsmenn Glóeyjar að hafa námskeið á næstunni. Þar munu starfsmenn fyrirtækisins vera með tilsögn og sýna hvernig á að standa að tengingum og frágangi rafbúnaðar til að fullnægja öllum öryggiskröfum.

**Námskeiðið verður að sjálfsögðu viðskiptavinum að kostnaðarlausu og er auglýst á heimasíðu fyrirtækisins www.gloey.is og á www.facebook.com/gloeyehf.**



**NÁMSKEIÐ** Hér eru Haukur, Bryndís og Baldur en starfsmenn Glóeyjar verða með námskeið í tengingum og frágangi rafbúnaðar á næstunni.






**GÓÐ ÞJÓNUSTA** Starfsmennirnir Baldur, Haukur og Pétur taka vel á móti viðskiptavininum.

**AFMÆLI**
Verslunin Glóey heldur upp á fjörutíu ára afmæli um þessar mundir.




**Við náum til fjöldans**

**Við sjáum um örugga dreifingu á fjölpósti**

**Póstdreifing**

**Póstdreifing dreifir fjölpósti sex daga vikunnar til heimila á stærsta markaðssvæði landsins. Mælingar sýna að 60% landsmanna skoða fjölpóst og er hann því áhrifaríkt leið til að koma skilaboðum um vöru eða þjónustu beint inn á heimilin. *Örugglega til þín.***

**Nánari upplýsingar veitir söludeild í síma 585 8300.**

Póstdreifing | Vatnagörðum 22 | 104 Reykjavík | Sími 585 8300 | www.postdreif-

Vissir þú að...
börn eiga rétt á vernd gegn einelti.

Barnaheill
Save the Children á Íslandi

# Fimmtudagsbrjálæði í Flash

**FULLT AF FLOTTUM FÖTUM Á 5000 KR**



- KJÓLAR
- SKOKKAR
- BUXUR
- PILS
- TOPPAR
- MUSSUR
- PEYSUR

**TROÐFULL SLÁ Á 3000 KR**

FLASH

**Laugaveg 54, sími: 552 5201**

Vertu vinur

# GJAFIR FYRIR KONUR Á ÖLLUM ALDRI

**UNGFRÚIN GÓÐA KYNNIR** *Nýverið var lítil og hlýleg verslun opnuð í miðbænum sem býður upp á fallega fylgihluti og gjafavörur.*

Hugmyndin að versluninni hefur lengi blundað í okkur en það var ekki fyrr en nýlega að við ákváðum að kýla á þetta," segir Dagmar Pétursdóttir en hún opnaði nýverið verslunina Ungfrúna góðu á Hallveigarstíg 10a, ásamt móður sinni, Önnu Einarsdóttur.

Mæðgunum þótti miðbærinn tilvalinn fyrir það vöruúrval sem þær höfðu í huga. „Maður hefur sjálfur rekið sig á það oftar en einu sinni að vera í vandræðum með að gefa mömmu, ömmu, frænkum, systrum eða dætrum gjafir. Okkur fannst því vanta verslun þar sem maður gæti fundið eitthvað fyrir alla aldurshópa. Hvort sem það væri tvítug frænka eða sjötug amma," segir Dagmar. Í Ungfrúnni góðu má finna allt frá skóm, töskum, hönskum og klútum upp í baðsloppa og gjafavöru af ýmsu tagi. „Verslunin er lítil og því veljum við hverja vöru af kostgæfni og pöntum aldrei í miklu magni," útskýrir hún.

Mikil áhersla er lögð á að verslunin sé hlýlegur viðkomustaður sem gaman er að heimsækja. Rýmið er fallega hannað og veggir í hlýlegum litum sem mynda þægilegt andrúmsloft. Fagrir munir skreyta búðina. „Þessar fallegu gjafavörur og munir eru frá Þýskalandi," upplýsir Dagmar og bendir á að í Ungfrúnni góðu megi fá nánast alla innanstokksmuni, frá lömpum, ljósakrónum og skinnkollum yfir í hillur og gólfmottur.

„Við tökum vel á móti öllum og bendum fólki á að kíkja til okkar fyrir jólin. Enda þarf það ekki að leita neitt lengra til að versla fyrir allar konurnar í lífi sínu," segir Dagmar og hlær.

Opið er í Ungfrúnni góðu frá klukkan 11 til 18 virka daga og frá 12 til 16 á laugardögum.

Nánari upplýsingar er að finna á www.ungfruingoda.is, á Facebook, Instagram eða í síma 551-2112.



**Í UNGFRÚNNI GÓÐU** Dagmar í hinni bráðskemmtilegu verslun sinni við Hallveigarstíg. MYND/ARNÞÓR



HEILSUSETUR ÞÓRGUNNU
Viðurkenndur sérmenntaður kennari með 20 ára reynslu
NÁMSKEIÐ Í ANDLITSNUDDI & INDVERSKU HÖFUÐNUDDI
Laugardaginn 19 október
Upplýsingar í síma 896-9653 og á www.heilsusetur.is.
Heilsusetur Þórgunnu
552 1850 / 896 9653 · www.heilsusetur.is

AFSLÁTTAR DAGAR Í TÉKK-KRISTAL
FIMMTUDAG, FÖSTUDAG LAUGARDAG & MÁNUDAG
AFSLÁTTUR AF SÖFNUNAR HNÍFAPÖRUM & MATAR- & KAFFISTELLUM
÷20% Öllum matar og kaffistellum
IITTALA VÖRUR ÷10% til ÷15%
÷20% til ÷25% Söfnunarglös 16 teg.
Hnífaparatöskur 16 teg. Verð frá 24.990.- TILBOÐ
TILBOÐSVERÐ T.d. kristals-hvítvínsglös 6. stk í gjafakassa frá kr. 4.275.-
Hnífapör og fylgihlutir f.12manns samt. 72 stk.
÷20% Heldur heitu og köldu í 4 tíma + - margir litir
FULL BÚÐ AF FLOTTUM VÖRUM Á TILBOÐSVERÐI
÷20% Global hnífar
ÞAÐ ER STUTT TIL JÓLA
TILBOÐSBORÐ 25% TIL 50% AFSLÁTTUR JÓLAVÖRUR OG FLEIRA
OPNUNARTÍMI
Virka daga 11 -18
Laugardaga 11 -16
NÝTT KORTATÍMABIL
ERUM EKKI Í KRINGLUNNI EINGÖNGU Á LAUGAVEGI 178
www.tk.is
Tékk KRISTALL
Laugavegi 178 - Sími. 568 9955




Gréta Boða kynnir nýjungar frá CHANEL og veitir ráðgjöf dagana 17.-19. október
Verið velkomnar í Elegant, Smáralind
ELEGANT

# VETRARDEKK

FIMMTUDAGUR **17. OKTÓBER 2013**

**Kynningarblað** íslensk dekk, umhverfisvæn dekk, heilsársdekk, nagladekk, gæðadekk .




# Heilsársdekk eða nagladekk?

**Tími vetrardekkjanna er runninn upp og nú eiga vetrardekk að vera komin undir bílaflota landsmanna. Dekkjasalan í Hafnarfirði hefur upp á að bjóða breitt úrval vetrardekkja fyrir allar tegundir bifreiða á góðu verði og veitir svo góða þjónustu að allir fara út í góðu skapi.**

Við byrjum ávallt á því að greina hvernig dekkja sé þörf miðað við algengustu aðstæður hvers bíls fyrir sig. Í kjölfarið bjóðum við svo tvo til þrjá kosti sem við teljum hæfa akstri viðkomandi,“ segir Snorri Hermannsson, hjá Dekkjasölunni í Hafnarfirði, spurður út í hvernig vetrardekk Dekkjasalan mæli með undir bílinn.

Snorri segir mestu skipta að bíleigendum líði vel með vetrardekkin sín og treysti þeim sem fara undir bílinn.

„Sé ökumaðurinn vanur því að nota nagladekk og á einhvern hátt þvingaður til að skipta yfir á heilsársdekk getur það endað með ósköpum,“ segir Snorri.

Dekkjasalan er með breiða flóru nýrra dekkjategunda og rekur einnig umboðssölu fyrir notuð dekk og felgur, ásamt því að pólýhúða felgur.

En hvort skyldi vera oftar valið fyrir vetrarfærðina; heilsársdekk eða nagladekk?

„Hér á Dekkjasölunni skiptist það tiltölulega jafnt en á síðustu árum hafa heilsársdekkin samt sem áður sótt á,“ segir Valdimar Sigurjónsson eigandi.



Valdimar Sigurjónsson og Snorri Hermannsson hjá Dekkjasölunni í Hafnarfirði. MYND/PJETUR

**Dekkjasalan** er í Dalshrauni 16 í Hafnarfirði. **Sjá nánar á www.dekkjasalan.is**


DEKKJASALAN
Við leysum málið!
WWW.DEKKJASALAN.IS
Dalshrauni 16 • Hafnarfirði
www.dekkjasalan.is | 587 3757
NÝ DEKK
NOTUÐ DEKK
FELGUR
PÓLÝHÚÐUN
DEKKJAVERKSTÆÐI
TOYO TIRES driven to perform
BFGoodrich
HIFLY TIRES
HERCULES TIRE
Mastercraft TIRES
Hankook

Kauptu betri vetrardekk hjá MAX1

- Margverðlaunuð Nokian gæðadekk sem veita öryggi

Nokian er leiðandi í framleiðslu dekkja sem eru sérstaklega hönnuð fyrir krefjandi aðstæður norðlægra slóða. Nokian dekk veita öryggi og minnka eldsneytisnotkun. Þau veita jafnframt mýkt og þægindi í akstri.

nokian TYRES

VAXTALAUSAR 12 MÁN. AFBORGANIR 1,5 % lántökugj.

Ekki fórna örygginu í vetur. Veldu gæðadekk frá Nokian.
Mundu að grip dekkjana er aðeins fjórir lófastórir fletir.
Fáðu ráðgjöf frá sérfræðingum við val á dekkjum.
Komdu á Max1 Bílavaktina.

Max1 bílavaktin og Nokian uppfylla ESB reglur um hjólbarðamerkingar. Fáðu ráðgjöf.

VETRAR- OG HEILSÁRSDEKK NOKIAN WRD3
Verðlaunað fyrir frábæra eiginleika í snjó, bleytu og á þurru undirlagi.
Gott verð og minni eldsneytiseyðsla.
Góðir umhverfiseiginleikar.

NÝ TEGUND
NAGLADEKK NOKIAN HP 8
Öruggasta og besta nagladekkið 2013 skv. könnun ZaRulem.
Góð ending, minni eldsneytiseyðsla og hljótlátt.
Minna vegslit og góðir umhverfiseiginleikar.
Verksmiðjuneglt með akkerisnöglum.

NÝ TEGUND
VETRARDEKK (ÓNEGLT) NOKIAN HP R2
Öruggasta og besta óneglda vetrardekkið 2013 skv. könnun ZaRulem.
KORKEN flöskur m/tappa 395,-/stk.
1l. H29cm. Glært gler
3.990,-
SNÖFINT borðdúkur
B145×L240cm. Marglitt
Verslun opin 11-20 alla daga - Veitingastaður opinn 9:30-19:30 - www.IKEA.is
© Inter IKEA Systems B.V. 2013


SMÖMYS skrautkramarhús
995,-/3 í pk.
H15cm. Ýmis mynstur
1.690,-/2 í pk.
SNÖMYS skrautkúlur
Ø8cm. Marglitt
SKURAR blómapottar 895,-/stk.
Innanmál Ø14, H18cm. Hvítt
Einnig til rautt
IRIS diskaþurrkur 695,-/2 í pk.
B50×L70cm. Grátt
Einnig til í fleiri litum
ARV línan. Jarðleir
Skálar Ø15, H5cm. Hvítt 495,-/stk.
Djúpir diskar Ø26cm. Grátt 595,-/stk.
Diskar Ø28cm. Grátt 595,-/stk.
Einnig til í fleiri litum
SKURAR blóma-
pottur 495,-
Innanmál Ø12,
H15cm. Hvítt
Einnig til rautt
RÄTTVIK línan 395,-/stk.
Glært gler.
Glös 35cl. H13cm.
Snafsaglös á fæti 6cl. H11cm.
IKEA®

# Barsvar um bókmenntir

Hver skrifaði hvað um hvern?

Í tilefni Lestrarhátíðar í Reykjavík – Ljóð í leiðinni – stendur Bókmenntaborgin fyrir barsvari í kvöld klukkan 20 á Café Mezzo.

Bókmenntafræðingarnir Davíð Kjartan Gestsson og Björn Unnar Valsson semja hæfilega ljóðrænar spurningar. Vegleg verðlaun í boði fyrir hlutskörpustu þátttakendurna.

Keppnin fer fram með hefðbundnu sniði og tveir eru saman í liði.




**BÓKVIT Í BRENNIDEPLI** Spurt verður um bókmenntir á Café Mezzo í kvöld.




# Stórhættulegt að setja grindverk milli kynja

Hús Bernhörðu Alba eftir Federico Garcia Lorca verður frumsýnt í Gamla bíói annað kvöld. Kristín Jóhannesdóttir, leikstjóri sýningarinnar, vill koma á samtali milli nútímans og tíma Lorca, þegar fasistar voru að taka völdin á Spáni.

„Það fallega við þetta verk er hversu opið það er,“ segir Kristín Jóhannesdóttir leikstjóri. „Það er hægt að varpa því sem er í gangi á hverjum tíma inn í verkið vegna þess að það fjallar um mjög opið og stórt málefni sem er alltaf algilt. Það er það sem gerir verk sígild að þau tala beint til nútímans.“

Kristín segist vera að skoða okkar tíma í nálgun sinni á verkið. „Ég er að búa til samtal á milli nútímans og tíma Lorca, sem skrifaði þetta 1936, og býð gestum úr nútímanum inn í stofu Bernhörðu eins og til dæmis Pussy Riot, Femen og fleirum sem koma fram milli atriða og ávarpa áhorfendur eða persónur leikritsins.“

Hús Bernhörðu Alba er mikil kvennasýning, um sjötíu konur koma að uppsetningunni og þegar mest er eru rúmlega þrjátíu konur á sviðinu í einu. Það vekur því furðu að Kristín hefur valið þá leið að láta karlmann, Þröst Leó Gunnarsson, fara með hlutverk Bernhörðu sjálfrar. Hvað liggur að baki þeirri ákvörðun? „Þetta verk var skrifað í bullandi uppgangi fasismans og þjóðernishreyfingarinnar og það stóðu yfir stórkostlegar hreinsanir á Spáni. Franco hafði þá þegar tekið forystuna og þótt hin ytri fyrirmynd hafi verið einhver fjölskylda sem Lorca kannaðist við þá eru margar heimildir fyrir því að hin raunverulega fyrirmynd hafi verið Franco og þegar maður fer að lesa verkið ofan í grunninn og veit að þessi persóna er í raun karlmaður í dulargervi þá verður það mjög augljóst. Um leið verður eiginlega útilokað að gera nokkurri konu það að fara í þetta hlutverk.“



**HÚS BERNHÖRÐU** Kristín Jóhannesdóttir og hluti leikhópsins. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Tónlistin í verkinu er eftir Hildi Ingveldardóttur Guðnadóttur og er flutt af Vox Feminae og Stúlknakór Reykjavíkur undir stjórn Margrétar Pálmadóttur. „Hlutverk kórsins í sýningunni er tvíþætt. Annars vegar túlka þær þorpskonurnar sem er afl á sviðinu og hins vegar sjá þær um alla hljóðmynd verksins,“ segir Kristín.

Leikkvennahópurinn í sýningunni er glæsilegur og Kristín segist undrast og þakka fyrir það á hverjum degi að hafa tekist að koma saman þessum hópi. „Það er einhver ótrúlega mögnuð dínamík innan þessa hóps og það er fágætt að lenda í svona uppmögnun, þetta er ekki bara summan af þessum leikkonum heldur margfeldið af þeim og út úr því kemur alveg stórkostleg orka.“

> Um sjötíu konur koma að uppsetningunni og þegar mest er eru rúmlega þrjátíu konur á sviðinu í einu.

Þótt sýningin sé mikil kvennasýning koma þó nokkrir karlmenn að uppsetningunni, sem betur fer eins og Kristín orðar það. „Eins og kemur fram í verkinu þá er stórhættulegt að setja grindverk þarna á milli. Of mikil karlorka eða of mikil kvenorka aðskilin frá hinum pólnum er stórvarasamt ástand. Það skapar ójafnvægi sem endar alltaf með ósköpum eins og dæmin sanna.“

fridrikab@frettabladid.is

# Leikhúsloft verður Brúðuloft

LEIKLIST ★★★☆☆

**Aladdín eftir Bernd Ogrodnik**

**BRÚÐUHEIMAR Í SAMSTARFI VIÐ ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ: LEIKSTJÓRN:** ÁGÚSTA SKÚLADÓTTIR. **HANDRIT, BRÚÐUGERÐ, LEIKMYND OG TÓNLIST:** BERND OGRODNIK. **HLJÓÐMYND:** HALLDÓR SNÆR BJARNASON. **LÝSING:** ÓLAFUR ÁGÚST STEFÁNSSON. **ÞÝÐING:** KARL ÁGÚST ÚLFSSON.

Leikbrúðumeistarinn Bernd Ogrodnik frumsýndi á dögunum í samvinnu við góðan hóp listafólks nýjan brúðuleik, byggðan á sögunni um Aladdín. Um Bernd og framlag hans til brúðuleiklistar hér á landi ætti í sjálfu sér að vera óþarft að hafa mörg orð. Að öllum öðrum ólöstuðum, þar með töldum þeim ágætu brúðukonum sem tóku á sínum tíma við keflinu af frumherjanum Jóni E. Guðmundssyni (1915-2004) og hafa ótrauðar haldið merki listarinnar á lofti síðan, hefur Bernd með verkum sínum og raunar ekkert síður með sinni góðu persónulegu nærveru, ódrepandi þrautseigju, ást á íslenskri menningu, áhuga og velvild í garð alls annars brúðulistafólks, blásið nýjum anda í íslenska leikbrúðulist og sett henni hærra viðmið en hún hefur nokkru sinni fyrr búið við.

Það var mikill gleðidagur þegar hann og kona hans, Hildur M. Jónsdóttir, opnuðu Brúðuheima í Borgarnesi vorið 2010 og að sama skapi sorglegt að þau skyldu neyðast til að loka þeim fyrir rúmu ári. Allir draumar okkar rætast ekki, en sumir kunna að rætast á annan hátt en við höfðum hugsað okkur sjálf; kannski verður það svo nú. Um tíma var jafnvel óttast að ekki yrði framhald á starfi Bernds hér, en honum eru vitaskuld margir vegir færir erlendis. Því er alveg sérstakt fagnaðarefni að Þjóðleikhúsið skuli hafa gert við hann samstarfssamning til fimm ára, samning sem tryggir honum aðstöðu til vinnu og sýningahalds í litlum baksal á þriðju hæð í áhorfendarými aðalbyggingarinnar. Eiga stjórnendur leikhússins heiður skilinn fyrir það.

Hætt er við að flest íslensk börn kannist við söguna um Aladdín úr frægri teiknimynd Disney-smiðjunnar frá 1992; vonandi eru þó einhver enn sem hafa lesið hana, eða heyrt hana lesna, í klassískri þýðingu Steingríms Thorsteinssonar í Þúsund og einni nótt. Hitt er annað mál að leikfærslur af öllu tagi á sögunni um fátæka skraddarasoninn og töfralampann eru síður en svo nýjar af nálinni og má vísa áhugasömum um það, eins og svo margt annað, á merkisritið Wikipediu, án þess að tekin sé ábyrgð á því að allar upplýsingar þess séu hundrað prósent réttar. Ég get þó ekki stillt mig um að nefna það sem ég las þar, og hafði ekki heyrt fyrr, að sagan sé ekki fremur en sögurnar af Ali Baba og Sindbad sæfara hluti af hinu upphaflega arabíska safni, heldur birtist fyrst í franskri þýðingu Antoines Gallands snemma á átjándu öld, fyrstu útgáfu Þúsund og einnar nætur á vesturevrópskt tungumál. Kvaðst Galland hafa numið hana af vörum sýrlensks sagnaþular, en einhverjir munu hafa orðið til að bera brigður á það og getið þess til að hann hafi sjálfur soðið hana saman úr gömlum ævintýraminnum. Flestir fræðimenn munu þó ekki telja ástæðu til að efa, að sagan sé að stofni til austræn flökkusögn, að sögn Wikipediu.



**BRÚÐULOFTIÐ** Aladdín eftir Bernd Ogrodnik.

Útgáfa Bernds af sögunni er eðlilega einfölduð og í mörgum atriðum frábrugðin gerð hennar í Þúsund og einni nótt eða teiknimynd Disneys. Í höndum Bernds verður sagan öllu kómískari en við höfum oftast séð hana áður, dramatíkin ekki eins krassandi, hætturnar sem hetjunnar bíða ekki eins ægilegar. Sagan er svolítið lengi að taka við sér þarna á Brúðuloftinu, brúðurnar margar sem vilja fá að komast að og þurfa sinn tíma, en þegar á líður lifnar yfir og ekki annað að sjá og heyra en bæði börn og fullorðnir fylgdust hugfangnir með allt til loka.

Og þá er aðeins eftir að óska brúðumeistaranum og hans galdraverki langra lífdaga í nýjum heimkynnum. Vonandi eiga mörg íslensk börn eftir að fara margar ferðir á vit ævintýranna upp bratta stigana á Brúðuloftið. Er það ekki einmitt á háaloftinu sem fjársjóðir fortíðarinnar geymast oft og einatt best, fjársjóðir sem við gleymum of oft í erli og ærustu nútímans?

Jón Viðar Jónsson

**NIÐURSTAÐA:** Undurfalleg brúðuleiksýning, eilítið þunglamaleg í byrjun en sækir í sig veðrið þegar á líður.

Nýtt kortatímabil!




NÝ BÓK

Lágkolvetna
lífsstíllinn

**3.998** KR

nettó bækur
*Kræsingar & kostakjör*

www.netto.is
Mjódd · Salavegur · Hverafold · Grandi
Höfn · Grindavík · Reykjanesbær
Borgarnes · Egilsstaðir
Selfoss · Akureyri





# Svar við eftirspurn eftir brassgrúppu sem spilar klassík

**Ísafoldarbrass er ný íslensk brasshljómsveit sem kemur fram í fyrsta sinn í Háteigskirkju á föstudaginn. Meðlimir hennar eru nýútskrifaðir úr tónlistarnámi.**

„Ísafoldarbrass er svar við eftirspurn eftir virkri brassgrúppu á klassísku tónlistarsenunni,“ segir Ari Hróðmarsson básúnuleikari, sem er stjórnandi hljómsveitarinnar Ísafoldarbrass. „Við erum nokkrir strákar sem erum tiltölulega nýbúnir að ljúka námi á brasshljóðfæri sem langaði að spila saman og flytja brasstónlist sem er ekki mikið flutt á Íslandi.“

Meðlimir Ísafoldarbrass eru auk Ara trompetleikarinn Vilhjálmur Ingi Sigurðsson, Óðinn Melsteð á trompet, Guðmundur Andri Ólafsson á horn, Carlos Caro Aguilera á básúnu og Nimrod Ron á túbu.


**ÍSAFOLDARBRASS** Hljómsveitin er skipuð sex ungum tónlistarmönnum sem nýlega útskrifuðust úr námi á brasshljóðfæri.

Á fyrstu tónleikum hljómsveitarinnar er litið til íslenskra tónverka fyrir brass eftir tónskáldin Pál Pampichler Pálsson, Úlfar Inga Haraldsson og Guðnýju Valborgu Guðmundsdóttur í bland við útsetningar Össurar Geirssonar á völdum íslenskum dægurlögum.

Tónleikarnir eru eins og áður segir næstkomandi föstudag klukkan 12 í Háteigskirkju.

Hljómsveitin hefur þegar bókað aðra tónleika í kirkjunni í nóvember og að sögn Ara er hér ekki um stundarfyrirbæri að ræða heldur hljómsveit sem er komin til að vera. - fsb


**SAGNFRÆÐINGURINN** „Ég segi stundum að mesta framför sögunnar sé sú að við höfum fengið aukinn rétt til að njóta ástar en minni rétt til að fá útrás fyrir reiði okkar,“ segir Gunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Telur tilfinningar vanmetnar í sagnfræði

**Hver var réttur Íslendinga til að elska, á fyrstu öldum byggðar í landinu? Það kryfur Gunnar Karlsson sagnfræðingur í bókinni Ástarsaga Íslendinga að fornu.**

Ást Hjörleifs á Helgu Arnardóttur, systur Ingólfs landnámsmanns, varð til þess að þeir fóstbræður fóru frá Noregi í leit að nýjum tækifærum. Því má segja að Ísland hafi byggst af ást, ef frásögn Landnámabókar er trúað. Þetta bendir Gunnar Karlsson á í nýrri bók sinni Ástarsögu Íslendinga – að fornu – sem nýkomin er út á vegum Forlagsins. Þar fjallar hann um ástir Íslendinga á tímabilinu 870-1300. Hvað skyldi hafa komið honum til að einbeita huga sínum að því efni?

„Það fór að renna upp fyrir mér þegar ég var við kennslu í Háskólanum að tilfinningar væru vanmetnar í sagnfræði yfirleitt. Að of lítið væri fjallað um gildi þess að njóta tilfinninga sinna í samanburði við það sem er skrifað um völd og auð,“ svarar hann og heldur áfram: „Smátt og smátt fór ég að lesa mig inn í fræði um eðli og sögu tilfinninga. Þar talaði ég um tilfinningarétt og var þar að reyna að búa til nýtt, fræðilegt hugtak. Eftir að ég hætti að kenna sneri ég mér svo að því að búa til bók um sögu ástarinnar á fyrsta skeiði Íslandssögunnar.“

Gunnar telur mikinn misbrest á því að fólk til forna hafi búið við tilfinningarétt, einkum rétt til að njóta ástar. Þar hafi kaþólska miðaldakirkjan, sem taldi kynlíf syndsamlegt, umfram það sem nauðsyn krefði til viðhalds stofninum, haft sín áhrif. Margt bendi til að ásatrúin hafi verið heldur frjálslegri hvað þetta varðar, þó hömlur hafi verið miklar.

„Ég segi stundum að mesta framför sögunnar sé sú að við höfum fengið aukinn rétt til að njóta ástar en minni rétt til að fá útrás fyrir reiði okkar. Ef maður varð ósáttur við annan mann að fornu þá drap hann hann, en nú erum við langflest hætt því og langar ekki einu sinni til þess. Þannig hefur orðið til ástarréttur og hefndarórétturr.“

Um samkynhneigð kveðst Gunnar hafa grafið upp vísbendingar í sögunum og nefnir tvo karla. Annar þeirra er Guðmundur ríki á Möðruvöllum í Eyjafirði. „Guðmundur var giftur og eitt sinn var nefnt við konu hans í veislu að hann væri ekki alls kostar snjall, þar var átt við kynhneigð,“ segir Gunnar. „Þetta var afskaplega mikið áfall fyrir konuna. Hún varð bara veik og hvarf úr veislunni án þess að njóta veitinganna.“

En hvað með hjónaskilnaði? Þekktust þeir til forna? „Já. Þeir voru þó eitt af því sem kirkjan bannaði en sífelldar undanþágur voru veittar frá því banni. „Auðvitað voru skilnaðir mjög sjaldgæfir miðað við nútímann, en þeir eru líka sérkenni á okkar auðugu vestrænu samfélögum. Alveg fram á 20. öld voru þeir fátíðir alls staðar.“

Þótt hjón skildu sjaldan á fyrstu öldum byggðar segir Gunnar frillulíf hafa verið mikið. „Karlmenn gátu verið mjög taumlausir og leyfðu sér mikið en til kvenna voru gerðar mun strangari kröfur.“

gun@frettabladid.is

# KRINGLU KAST

## 30-60% AFSLÁTTUR

AF ÖLLUM KRINGLUKASTVÖRUM

next á íslandi

next

KRINGLUNNI • SÍMI 551 3200

## Ókeypis frá Ólöfu



Tónlistarkonan Ólöf Arnalds hefur gefið út fjögurra laga plötu sem nefnist The Matador EP. Á henni eru áður óútgefin lög og er hægt að hala þeim niður ókeypis á Bandcamp-síðu hennar. Síðasta stóra plata Ólafar, Sudden Elevation, kom út í febrúar síðastliðnum. Ólöf tekur hún þátt í Iceland Airwaves og heldur að henni lokinni tónleika í London. -fb

# Dr. Spock og MacGyver hetjurnar

Sveinn Guðmundsson gefur út plötuna Fyrir herra Spock, MacGyver og mig.

„Góðir hlutir gerast hægt. Það er svolítið mottóið mitt. Ef ég tek hlutina rólega fríka ég ekki út," segir Sveinn Guðmundsson. Hann hefur gefið út sína fyrstu plötu sem kallast Fyrir herra Spock, MacGyver og mig.

Á henni er rólyndisgítartónlist með sjálfsspeglandi textum. Spurður út í þetta óvenjulega nafn segir Sveinn einfaldlega að bæði Spock og sjónvarpspersónan MacGyver séu hetjurnar sínar. Tvö lög á plötunni fjalla, hvort um sig, um þá, eða ½ Vulkan og MacGyver og ég. Titillinn er einnig tilvísun í lag Jethro Tull, For Michael Collins, Jeffrey and Me.

Sveinn er doktorsnemi í mannfræði. Hann hafði lengi langað til að gefa út plötu og hjálpaði þar til að pabbi hans gaf út þrjár plötur með hljómsveitinni Randver. Það var svo í fjölskylduafmæli þegar Sveinn spilaði lag eftir sig að félagi hans, sem var í upptökunámi, plataði hann með sér í hljóðver. „Hann vantaði lokaverkefni og þetta passaði vel inn í námið hans. Svo sparkaði hann í rassinn á mér og ýtti mér aðeins lengra," segir hann og á þar við Magnús Leif Sveinsson úr hljómsveitinni Úlpu. „Ég var skíthrædd-ur við þetta en svo fór boltinn að rúlla." -fb

➜ Bróðir Sveins, föðurbróðir og stjúpfaðir syngja bakraddir í einu lagi á plötunni.



**AÐDÁANDI SPOCKS OG MACGYVERS** Sveinn Guðmundsson hefur gefið út sína fyrstu plötu.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR? FIMMTUDAGUR

**17. OKTÓBER**

**Upplestur**

**12.00** Ljóðalestur og ljúffengar súpur í hádeginu í Borgarbókasafni, Tryggvagötu 15. Leikarnir Benedikt Karl Gröndal, Birna Pétursdóttir og Guðbjörg Jónsdóttir sjá um upplesturinn. Allir velkomnir. Ljóð, súpa, heimabakað byggbrauð og kaffi á 1.290 krónur.

**Uppákomur**

**19.30** Bingó verður spilað í safnaðarheimili Dómkirkju Krists konungs í Landakoti. Gengið inn aftan við kirkjuna hægra megin eða frá Hávallagötu. Allir velkomnir.

**Tónlist**

**20.00** Hljómsveitin Legend kemur fram á tónleikaröðinni Sérfræðingar að Sunnan sem fram fer í Hofi á Akureyri. Tónleikarnir hefjast kllukkan 20.30.

**20.00** Sameiginlegir tónleikar Viborg Domkirkes Ungdomskor og Gradualekór Langholtskirkju fara fram í Langholtskirkju.

**21.00** Blúsband Þollýjar fagnar tíu ára afmæli sínu með tónleikum á Café Rosenberg.

**22.00** Bleached og Muck koma fram á Harlem Bar. Tónleikarnir hefjast klukkan 22 og upphitun er á höndum íslensku harðkjarnasveitarinnar Muck. Miðasala er hafin á Midi.is og í verslunum Brim.

*Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is og einnig er hægt að skrá þá inni á visir.is.*

Hvert höldum við eftir dauðann?
Fyrirlestur á ensku / www.lif-eftir-daudann.net

ÚTGÁFUBOÐ!
VIÐ FÖGNUM ÚTGÁFU NÝRRAR BÓKAR EFTIR GUNNAR MÁR SIGFÚSSON, LKL2, Í LIFANDI MARKAÐI, FÁKAFENI 11, FIMMTUDAGINN 17. OKTÓBER KL. 17
LKL2 ER FRAMHALD METSÖLUBÓKARINNAR LÁGKOLVETNALÍFSSTÍLLINN




58 NÝJAR UPPSKRIFTIR
LIFANDI MARKAÐUR
Léttar lágkolvetnaveitingar
Allir velkomnir
www.forlagid.is – alvöru bókabúð á netinu

# Rökkvi stofnar íslenskan grínklúbb

Rökkvi Vésteinsson verður með aðstöðu fyrir uppistand í kjallaranum á Bar 11.

Uppistandarinn Rökkvi Vésteinsson ætlar að stofna grínklúbb í kjallaranum á Bar 11 í miðbæ Reykjavíkur.

Klúbburinn nefnist Comedy klúbburinn og þar verður reglulega uppistand. Bæði verða þar tilraunauppistandið sem Rökkvi hefur staðið fyrir síðan í byrjun ársins og einnig hátíðin Iceland Comedy Festival sem hann hefur haldið undanfarin ár. Sú hátíð fer fram í nóvember og í ár koma þar fram Tiernan Douieb frá Bretlandi og Paul Myrehaug frá Kanada, auk tíu bestu uppistandaranna frá tilraunakvöldunum.

„Við byrjuðum í janúar á Café Haítí en eftir þrjú skipti færðum við okkur yfir á Bar 11," segir Rökkvi um tilraunauppistandið. „Það er miklu meira eins og grínklúbbur. Þarna er afmarkað svæði og þessi stemning sem myndast í aðeins þrengra rými, þar sem orkan skilar sér betur á milli salarins og grínsins."

Aðspurður segir hann tíma hafa verið kominn á íslenskan grínklúbb. „Mér finnst kominn tími á reglulegt uppistand á Íslandi og að það sé alltaf undir sömu formerkjum, þannig að fólk viti hvert á að fara og hvað er í gangi. Það stoppar varla Facebook-ið mitt af erlendum grínistum sem vilja koma hingað, eftir að ég flutti inn John Hastings og DeAnne Smith," segir hann. -fb



**STOFNAR GRÍNKLÚBB** Rökkvi Vésteinsson ætlar að reka grínklúbb í kjallaranum á Bar 11. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

➜ Helmingurinn af andvirði seldra miða á Iceland Comedy Festival rennur til Barnaspítala Hringsins.

# Ásgeir hlýtur EBBA-verðlaunin

Tónlistarmaðurinn Ásgeir Trausti er einn af tíu handhöfum verðlaunanna.

Tónlistarmaðurinn Ásgeir Trausti er á meðal tíu handhafa EBBA-verðlaunanna sem verða veitt við hátíðlega athöfn í Groningen í Hollandi 15. janúar. Kynnir verður breski sjónvarpsmaðurinn Jools Holland.

Verðlaunin eru veitt því tónlistarfólki sem þykir hafa náð framúrskarandi árangri með tónlist sinni út yfir landamæri heimalandsins. Sigurvegararnir eru valdir annars vegar af markaðsgreiningarfyrirtækinu Nielsen Music Control á grundvelli tónlistarsölu og útvarpsspilunar og hins vegar með atkvæðagreiðslu innan Samtaka evrópskra útvarpsstöðva (EBU) og tengslanets evrópskra tónlistarhátíða.

Verðlaunin eru nú veitt í ellefta sinn og er þetta einungis í annað sinn sem íslensku tónlistarfólki hlotnast þessi heiður en í fyrra hlaut hljómsveitin Of Monsters and Men verðlaunin.

Á meðal annarra sem hafa hlotið þessi verðlaun eru Adele, Lykke Li, Mumford & Sons, Damien Rice, C2C og Katie Melua.

➜ Ásgeiri Trausta hefur verið boðið að taka þátt í Eurosonic-tónlistarhátíðinni í Hollandi í annað sinn.



**ÁSGEIR TRAUSTI** Tónlistarmaðurinn er á meðal tíu handhafa EBBA-verðlaunanna. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

LYFJA – Lífið heil
Nýtt og nærandi rakagefandi krem með 70% fituinnihaldi
Decubal Lipid Cream
fyrir þurra og erfiða húð




www.lyfja.is
Fyrir þig í Lyfju

BORG RESTAURANT KYNNIR:

# Villibráðarveisla að hætti Úlfars Finnbjörnssonar

Helgina 18-19 október mun villibráðarkóngur Íslands, Úlfar Finnbjörnsson, slást í hóp meistarakokkanna á Borg Restaurant og bjóða upp á villibráð af bestu gerð.

Boðið verður upp á fjórtán rétta seðil sem Úlfar kallar brot af því besta.

Verð 9.900 krónur.



BORG RESTAURANT

**Hótel Borg - Pósthússtræti 11 - 101 Reykjavík**

**s: 578-2020 - info@borgrestaurant.is - www.borgrestaurant.is**



## TÓNNINN GEFINN

Haukur Viðar Alfreðsson

# Djöfulleg slökun

Sem ungur maður hlustaði ég á þungarokk vegna þess að hormónarnir öskruðu á það. Í dag geri ég það vegna þess að betri aðferð til slökunar get ég ekki ímyndað mér. Ég veit fátt notalegra eftir langan vinnudag en að setjast upp í bíl, skrúfa gömlu Almeru-græjurnar upp í 21, með bassa á tveimur og treble á fimm (hæsta sem hann kemst), og leyfa alls kyns djöfullegu dauðarokki að vinda ofan af mér á leiðinni heim.



Þetta er augnablik sem líkist því helst að tylla sér á stóran stein í fallegri fjöru og hlusta á náttúruna. Slökun sem margir geta hugsað sér, og jafnvel leggja stund á. Tvöfalda bassatromman gegnir hlutverki sjávarfallanna og slær taktinn, öskrin eru sem óreglulegar vindhviður, og gítarsólóin eins og gargandi sílamáfur á flugi.

Ef ég lendi á rauðu ljósi þori ég þó ekki öðru en að lækka eilítið. Í næsta bíl gæti verið eðlilegt fólk sem þætti ég skrítinn. Nú eða enn undarlegra fólk en ég sem þætti þungarokkið mitt of meginstraums. Í þeirra augum væri ég líklega eins og maðurinn sem ekur vélhjóli sínu niður Laugaveg allar helgar, oft á dag, með Joan Jett í botni (ég vissi reyndar ekki að til væru hljómflutningstæki fyrir vélhjól fyrr en þessi riddari götunnar kom inn í líf mitt).

Á tímabili hélt ég að þessi háværa slökunaraðferð mín væri pínu nýmóðins og töff. Sannleikurinn er hins vegar sá að ég er bara aðeins yngri útgáfa af fimmtuga kerfisfræðingnum í bílnum fyrir aftan mig sem hlustar á Electric Light Orchestra og syngur með.

## Í spilaranum







**Leaves** - See You In the Afterglow
**Hjaltalín** - Engill alheimsins
**Nykur** - Nykur








**LORDE** Söngkonan og lagasmiðurinn Lorde hefur gefið út sína fyrstu plötu, Pure Heroine. NORDICPHOTOS/GETTY

# Á framtíðina fyrir sér

Fyrsta plata hinnar 16 ára Lorde frá Nýja-Sjálandi, Pure Heroine, er komin út.

Nýsjálenska söngkonan og lagasmiðurinn Ella Yelich-O'Connor, betur þekkt sem Lorde, gaf nýlega út sína fyrstu plötu, Pure Heroine.

Þessi sextán ára stúlka, sem verður sautján 7. nóvember, hefur heldur betur slegið í gegn með laginu Royals. Það fór á toppinn víða um heim, þar á meðal hér á landi og í Bandaríkjunum þar sem hún velti Miley Cyrus úr sessi. Um leið varð hún yngsti sólótónlistarmaðurinn sem kemst á topp bandaríska Billboard-vinsældalistans í 26 ár.

Lodre ólst upp í borginni Auckland og vakti fljótt athygli fyrir sönghæfileika sína. Í uppvextinum hlustaði hún á Neil Young, Fleetwood Mac, The Smiths og Nick Drake, auk sálartónlistarmanna á borð við Ettu James og Otis Redding. Síðar meir uppgötvaði hún listamenn á borð við James Blake, Bon Iver, Burial, Animal Collective, SBTRKT og Drake, Grimes og Sleigh Bells, sem veittu henni allir innblásur.

### Í hópi með Of Monsters and Men

Lorde syngur eigin útgáfu af laginu Everybody Wants To Rule The World með ensku hljómsveitinni Tears For Fears á plötu með tónlistinni úr kvikmyndinni The Hunger Games: Catching Fire. Of Monsters and Men á einnig lag á plötunni, Silhouettes.

Fyrsta EP-platan hennar, The Love Club, kom út án mikils lúðrablásturs á síðasta ári. Hún naut vaxandi hylli í föðurlandinu og komst á toppinn þar í landi þrátt fyrir að henni hefði þegar verið halað niður frítt sextíu þúsund sinnum á síðunni Soundcloud.

Útgáfufyrirtæki komu auga á hæfileika Lorde og hófu að falast eftir kröftum hennar. Hún hafnaði öllum tilboðum enda hafði áður samið við útgáfurisann Universal aðeins þrettán ára gömul. Starfaði hún með lagahöfundinum og upptökustjóranum Joel Little við gerð EP-plötunnar, rétt eins við gerð Pure Heroine.

Móðir Lorde er virt ljóðskáld í heimalandinu og naut söngkonan því góðs uppeldis sem framtíðartextasmiður með því að lesa ljóð eftir T.S. Eliot, Ezra Pound, Allan Ginsberg og fleiri. Lorde horfði einnig á sjónvarpsþættina The Sopranos og Brick, auk kvikmyndarinnar The Virgin Suicides.

Pure Heroine hefur fengið mjög góð viðbrögð. Tímaritið Clash gefur plötunni 9 af 10 mögulegum og segir hana popp-meistarastykki. Rolling Stone og Consequence of Sound gefa henni fjórar stjörnur af fimm og Pitchfork 73 af 100 í einkunn.

Miðað við dómana og vinsældirnar til þessa er ljóst að hin kornunga Lorde á framtíðina fyrir sér í tónlistarbransanum.

freyr@frettabladid.is

## 11.10.2013 → 17.10.2013





### LAGALISTINN

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1 | ▶ | Lorde | Royals |
| 2 | ▶ | Katy Perry | Roar |
| 3 | ▶ | Arctic Monkeys | Do I Wanna Know? |
| 4 | ▶ | One Republic | Counting Stars |
| 5 | ▶ | Emiliana Torrini | Speed Of Dark |
| 6 | ▲ | Kings of Leon | Supersoaker |
| 7 | ▲ | Egill Ólafsson / Moses Hightower / Lay Low | Ekkert þras |
| 8 | ▼ | Ellie Goulding | Burn |
| 9 | ▲ | Nýdönsk | Where Dreams Go To Die |
| 10 | ▼ | Dikta | Talking |

### TÓNLISTINN

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1 | * | Helgi Björnsson | *Helgi syngur Hauk* |
| 2 | ▼ | Pálmi Gunnarsson | *Þorparinn* |
| 3 | ▲ | Ýmsir | *Pottþétt 60* |
| 4 | ▼ | Emilíana Torrini | *Tookah* |
| 5 | ▼ | Ásgeir Trausti | *Dýrð í dauðaþögn* |
| 6 | ▼ | Úr söngleik Borgarleikhússins | *Mary Poppins* |
| 7 | ▶ | Ýmsir | *This Is Icelandic Indie Music* |
| 8 | * | Steve Vai | *Story Of Light* |
| 9 | ▲ | Sigur Rós | *Kveikur* |
| 10 | ▼ | Of Monsters And Men | *My Head Is An Animal* |

**Skýringar** ▶ Stendur í stað síðan í síðustu viku ▼ Fellur um sæti síðan í síðustu viku ▲ Hækkar á lista síðan í síðustu viku * Nýtt á lista

Listarnir eru teknir saman fyrir Félag hljómplötuframleiðenda. Listarnir eru birtir í heild sinni á Vísir.is. vísir

**Þátttakendur í Lagalistanum** Bylgjan, FM957, Xið 977, Rás 2, K100,5, tonlist.is. **Verslanir í Tónlistanum** Skífan, Hagkaup, Penninn/Eymundsson, 12 tónar, Harpa, Smekkleysa plötubúð, Elko, tonlist.is.

# PLÖTU-TÍÐINDI 2013

**Þátttaka í PLÖTUTÍÐINDUM 2013 er gjaldfrjáls fyrir allar íslenskar tónlistarútgáfur ársins 2013**

**PLÖTUTÍÐINDI 2013 koma út í nóvember í viku 47**

**Lokadagur skila er 27. október**

**Skráning er hafin á plotutidindi.is/skil**

**Félag hljómplötuframleiðenda**

BÍÓFRÉTTIR

# EKKI NÓGU ÞEKKTUR FYRIR HLUTVERK GREYS

Fjölmiðlar telja ýmsar ástæður liggja að baki brotthvarfi Charlies Hunnam úr Fimmtíu gráum skuggum.

Breski leikarinn Charlie Hunnam mun ekki fara með hlutverk milljarðamæringsins Christians Grey í kvikmynd byggðri á metsölubókinni Fimmtíu gráir skuggar. Í byrjun september var tilkynnt um að Hunnam og Dakota Johnson færu með hlutverk Greys og Anastasiu Steele. Nú þarf Universal hins vegar að finna nýjan Grey.

Fjölmiðlar hið vestra hafa mikið velt sér upp úr brotthvarfi Hunnams, en skýringin sem gefin var fyrir brotthvarfi hans var sú að tökur á myndinni stönguðust á við tökur á sjónvarpsþáttunum Sons of Anarchy. Fjölmiðlar vilja þó meina að önnur ástæða liggi að baki enda hefur hvor-ug tökuáætlunin breyst frá því að gengið var frá samningum.

Líklegt þykir að leikarinn hafi hætt við eftir holskeflu gagnrýnisradda, bæði frá aðdáendum Hunnams sem og aðdáendum bókanna. Aðrir telja að Universal, sem framleiðir myndina, hafi rift samningum við Hunnam vegna þess að hann þótti ekki líklegur til að geta borið myndina uppi ásamt hinni óreyndu leikkonu Dakota Johnson.

Hver svo sem hin raunverulega ástæða reynist vera er ljóst að Universal þarf að hafa hraðar hendur við að finna staðgengil Hunnams því tökur á myndinni eiga að hefjast í nóvember.



**HÆTTUR** Charlie Hunnam er hættur við að taka að sér hlutverk Christians Grey. NORDICPHOTOS/GETTY

## FRUMSÝNINGAR

**Þrjár kvikmyndir eru frumsýndar um helgina.**

### Danskeppni og gamall glæpur

**Blackfish dramatísk kvikmynd**

Dawn Brancheau lést við vinnu sína í Sea World í Flórída þegar háhyrningurinn Tilikum réðst á hana. Það heyrir til undantekninga að háhyrningar ráðist á mannfólk í sínu náttúrulega umhverfi en algengara þegar þeir eru innilokaðir og notaðir sem sýningardýr. Vísindamenn efast um að skynsamlegt sé að halda þessum stóru og greindu dýrum föngnum. Leikstjóri Blackfish er Gabriela Cowperthwaite sem hefur rannsakað lifnaðarhætti háhyrninga allt frá því Dawn Brancheau lést og sýnir þessar merkilegu skepnur á áhrifamikinn hátt.

**Konan í búrinu dönsk sakamálamynd**

Ung þingkona hverfur sporlaust af ferju á leið til Þýskalands. Lögreglan skipuleggur viðamikla leit að konunni en án árangurs. Þegar rannsóknarlögreglumaðurinn Carl Mørk er settur yfir nýstofnaða sérdeild innan dönsku lögreglunnar kemst loks skriður á málið að nýju. Leikstjóri myndarinnar er Mikkel Nørgaard og með helstu hlutverk fara Nikolaj Lie Kaas, Fares Fares og Sonja Richter.

**Battle of the Year dansmynd**

Danskeppnin Battle of the Year er haldin árlega og hefur danslið frá Bandaríkjunum ekki farið með sigur af hólmi undanfarin fimmtán ár. Dansarinn Dante hyggst setja saman sigurlið og sigra í keppninni þetta árið.

Leikstjóri er Benson Lee og með aðalhlutverkin fara Josh Holloway úr Lost, Laz Alonso, Chris Brown og Josh Peck.





**MÖGNUÐ MYND** Sandra Bullock fer með hlutverk geimfara í spennumyndinni Gravity eftir leikstjórann Alfonso Cuarón.

# Hírðist innan í hylki í tíu klukkustundir

Sandra Bullock og George Clooney fara með aðalhlutverkin í myndinni Gravity. Tökur með Bullock fóru að mestu fram í málmhylki sem kallaðist búr Sandy.

Spennumyndin Gravity, sem skartar Söndru Bullock og George Clooney í aðalhlutverkum, verður frumsýnd annað kvöld. Á frumsýningarhelginni í Bandaríkjunum halaði myndin inn sem nemur 6,6 milljörðum króna og varð því aðsóknarmesta októberfrumsýning frá upphafi.

Gravity segir frá tveimur geimförum sem komast í hann krappan þegar geimskutla þeirra eyðileggst. Nýliðinn Ryan Stone þeytist út í tómið og kollegi hennar Matt Kowalski fer á eftir henni. Þau ná aftur til skutlunnar en þurfa að taka á honum stóra sínum eigi þau að lifa af því takmarkaðar súrefnisbirgðir eru eftir í skutlunni.

Sandra Bullock og George Clooney eru einu leikarar myndarinnar sem eru í mynd. Ed Harris, Paul Sharma, Amy Warren og Basher Savage ljá öðrum persónum myndarinnar raddir sínar.

Leikstjóri myndarinnar er hinn mexíkóski Alfonso Cuarón sem leikstýrt hefur myndum á borð við A Little Princess frá 1995, Y Tu Mamá También, Harry Potter and the Prisoner of Azkaban og Children of Men. Cuarón skrifaði einnig handrit myndarinnar ásamt syni sínum, Jonás Cuarón. Leikstjórinn er góðvinur Guillermos del Toro og Alejandros González Iñárritu og ganga þremenningarnir gjarnan undir nafninu The Three Amigos of Cinema innan kvikmyndabransans.

Flestar tökur með leikkonunni Söndru Bullock fóru fram innan í risavöxnu málmhylki. Tók það leikkonuna töluverðan tíma að komast inn í og út úr hylkinu og því dvaldi hún þar inni í allt að tíu klukkustundir dag hvern. Leikstjórinn og annað samstarfsfólk Bullock reyndu að gera hylkið, sem gekk undir nafninu búr Sandy, eins huggulegt og unnt var til að koma í veg fyrir að leikkonan fengi kvíðakast eða innilokunarkennd á meðan hún hírðist í hylkinu. Tökuliðið brá meðal annars á það ráð að halda teiti í hvert sinn sem Bullock mætti til vinnu svo hún væri andlega tilbúin fyrir hylkið.

- sm

### Daði vann náið með Cuarón

Daði Einarsson hjá Framestore Reykjavík er einn af mönnunum á bak við útlit myndarinnar og starfaði hann náið með leikstjóranum við gerð hennar.

„Ég var í hálft ár með leikstjóranum Alfonso Cuarón að búa bíómyndina til. Við gerðum allar senurnar og gerðum myndina í raun alveg tilbúna, nema bara í minni gæðum. Þannig fær leikstjórinn sína sýn á myndina. Við horfðum saman á myndina og leikararnir horfðu líka á hana áður en tökur hófust," sagði Daði í viðtali við Vísi í september.

Daði og leikstjórinn Baltasar Kormákur keyptu íslenskan hluta tæknibrellufyrirtækisins Framestore síðastliðið sumar. Starfsmenn fyrirtækisins vinna nú við þriðju röð sjónvarpsþáttarins Boardwalk Empire.



**SKIPULEGGJENDUR RIFF** Fjallað er um RIFF-hátíðina í erlendum fjölmiðlum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Fjalla um RIFF

Lofsamleg umfjöllun um Alþjóðlega kvikmyndahátíð í Reykjavík, RIFF, hefur birst að undanförnu í erlendum fjölmiðlum, þar á meðal í Le Monde, Hollywood Reporter og Screen International.

Í franska blaðinu Le Monde er fjallað um heiðursverðlaunahafann James Gray og Hrafn Gunnlaugsson, sem bauð fólki heim til sín að sjá Óðal feðranna. Blaðamaður fjallar einnig mikið um augljósan áhuga Bjarkar á hátíðinni. Eins og Le Monde fjallar Hollywood Reporter um niðurskurðinn í framlögum stjórnvalda til íslenskrar kvikmyndagerðar.

## Áhættuleikari stunginn

Áhættuleikari í kvikmyndinni Fury, í leikstjórn Davids Ayer, slasaðist við tökur fyrir stuttu. Tímaritið Variety segir frá þessu. Samkvæmt frétt Variety var áhættuleikarinn stunginn í öxlina og í kjölfarið fluttur á John Radcliffe-sjúkrahúsið í Oxford. Ekkert er vitað um aðdraganda slyssins. Kvikmyndin Fury gerist á tímum seinni heimsstyrjaldarinnar og skartar Brad Pitt, Shia LaBeouf og Logan Lerman í helstu hlutverkum.







# REYNSLA OG ÞJÓNUSTA

Í BYKO starfar öflugur hópur söluráðgjafa með margra ára reynslu. Þú getur því treyst ráðum þeirra.

Einar Loftsson
*Málarameistari*

**9 LÍTRAR**

Vnr. 80602509
GJØCO PROFF innimálning, gljástig 7, 9 l.

**5.995 kr.**

**4 LÍTRAR**

málning

Vnr. 86620040-3737
KÓPAL glitra innimálning, gljástig 10, allir litir, 4 l.

**5.990 kr.**

## BLEIKUR OKTÓBER Í BYKO

Í OKTÓBER RENNA 10% AF ANDVIRÐI VARA Á KLÚBBTILBOÐI TIL KRABBAMEINSFÉLAGSINS

VERÐVERND BYKO
**LÆGRA VERÐ**

# BYKO

BÚÐU BETUR. BORGAÐU MINNA.

NÝTT BYKOBLAÐ ER KOMIÐ ÚT!

facebook.com/BYKO.is

# MYGLUSVEPPAPRÓF

## Einfalt í notkun

Alexeter's IAQ Pro greiningarprófið er einfalt í notkun og gefur nákvæmar niðurstöður á 5 mínútum. Það greinir margar tegundir myglusveppa sem líklegt er að hafi slæm áhrif á heilsu fólks þegar þær vaxa innanhúss.

AÐEINS 5 MÍN. MYGLUSVEPPAPRÓF

ER HEILSA ÞÍN Í HÆTTU?




Vnr. 41132003
MYGLUSVEPPAPRÓF

**4.690 kr.**

**1 LÍTRI**

Vnr. 89040210-50210
SADOLIN akrýllakk, gljástig 40 eða 70, 1 l.

**2.990 kr.**

**7 LÍTRAR**

Vnr. 89071170
SADOLIN innimálning, gljástig 10, 7 l.

**6.990 kr.**




Vnr. 83004222
HARRIS rúlla, bakki og penslasett.

**1.290 kr.**

## VERTU KLÁR FYRIR VETURINN



Vnr. 68583100
Strákústur, 40 cm, með skafti.
**890 kr.**

Vnr. 55900055
Laufhrífa, plast, 24 tanna.
**990 kr.**

Vnr. 53521026
Sorppokar, 750x1150 mm, 25 stk.
**890 kr.**

Vnr. 68323410
LUX karfa, 25 kg.
**890 kr.**

Vnr. 68316069
LUX garðsekkur 125 l, 2 stk.
**2.990 kr.**

Verðvernd BYKO tryggir þér lægra verð. Sjá nánari upplýsingar og skilmála á www.byko.is.

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl. Allar vörur fást í BYKO Breidd en minna framboð getur verið í öðrum verslunum.

www.expo.is / EXPO auglýsingastofa

## ILMVÖTNIN Í MADISON EIGA SÍNA SÖGU



Artistic perfumes eru gæðailmvötn frá framleiðendum sem eiga það sameiginlegt að telja að ilmvatnsgerð sé listgrein og að ilmvatnsmeistarinn sé listamaður sem á að fá að tjá sig.

Þróunin á iðnaðarilmvörum hefur verið að búa til ilm sem fellur sem flestum í geð og eru vörurnar seldar í umhverfi þar sem áreitið er mikið, því er ilmurinn hannaður þannig að hann á að grípa kaupandann strax við fyrstu prufu.

## MUNURINN Á ARTISTIC PERFUMES OG IÐNAÐARILMVÖTNUM

- Officina Profumo – Farmaceutica di Santa Maria Novella: Stofnað í Flórens árið 1221 af munkum í reglu dóminíkana sem gerðu jurtaseyði til notkunar í klaustri sínu. Margir telja sítrusilm sem munkarnir gerðu fyrir Katrínu de Medici á sextándu öld vera elsta kölnarvatn heims.
- Clive Christian: Dæmi um klassíska ilmvatnsframleiðslu eins og hún gerist best. Ekkert er til sparað við að framleiða ilm með dýpt og persónuleika. Fyrirtækið var á öldum áður hirðilmframleiðandi bresku konungsfjölskyldunnar.
- Blood Concept: Framsæknir og allt að því pönkaðir nútíma ilmvatnsgerðarmenn sem nálgast framleiðsluna sem listamenn. Skapandi og ögrandi.






**ALLS KYNS ILMUR** Lísa Ólafsdóttir, eigandi Madison Ilmhúss, boðar nýja ilmvatnsmenningu á Íslandi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Ný ilmvatnsmenning

**Madison Ilmhús er ný ilmvatnsverslun. Eigandi verslunarinnar, Lísa Ólafsdóttir, býður upp á alls kyns ilm og lítur á vörurnar sem listaverk sem fjárfesta á í.**

„Við viljum breyta ilmvatnsmenningunni hér á landi,“ segir Lísa Ólafsdóttir, eigandi Madison Ilmhúss, sem opnar nýja verslun í Aðalstræti 9 undir lok vikunnar. Madison Ilmhús er ný ilmvatnsverslun með vörur og merki sem fæst hafa verið til sölu á Íslandi áður.

Þar verða engin ilmvötn frá stóru ilmvatnskeðjunum, hvorki á lægri enda skalans líkt og ilmvötn merkt söngkonunum Christinu Aguilera og Britney Spears, né hærri enda hans líkt og frá tískuhúsunum Prada og Chanel. Einungis verða vörur frá smærri framleiðendum, sem líta ekki á ilmvatnsgerð sem iðnað heldur listgrein og telja að ilmvatnsmeistarinn sé listamaður.

„Við viljum gera ilmvatnskaupin að meiri og persónulegri fjárfestingu, að þetta sé í raun eins og að kaupa sér listaverk. Það er auðvitað persónulegt hvernig fólk upplifir þetta en við viljum að fólk taki sér tíma í að velja sér ilm,“ segir Lísa um stefnu verslunarinnar.

Madison er verslun fyrir alla, og þótt vörurnar sem þar fást séu framleiddar af listrænum metnaði og oft í mjög takmörkuðu magni þýðir það ekki að þær séu dýrari en fjöldaframleidd ilmvötn.

Í versluninni verða vörur frá fjölmörgum framleiðendum frá öllum heimshornum. Auk ilmvatna verður úrval af snyrtivörum, kremi og öðrum húðvörum sem framleiddar eru samkvæmt sömu hugmyndafræði og ilmvötnin. Þá verður einnig snyrtistofa í versluninni. „Við bjóðum upp á fágaða þjónustu og viljum að fólk taki tíma í að finna þann ilm sem hentar sér. Það er svo mikið um að fólk taki bara það sem hendi er næst, þar sem ilmvötn eru seld og viljum við breyta því og gera meira úr ilmvatnsupplifuninni.“

gunnarleo@frettabladid.is



**BORÐA HREINA FÆÐU** Sérfæðisárátta er hugtak sem sérfræðingar nota um fólk sem forðast öll aukaefni í matvælum. Einkenni sjúkdómsins er þráhyggja fyrir því að borða „rétt“ og „hreint“ fæði. NORDICPHOTOS/GETTY

# Sleppa öllum aukaefnum í matvælum

**Einstaklingar með réttfæðisáráttu eru helteknir af þörfinni á að borða rétt og sleppa öllum aukaefnum.**

Orthorexia nervosa, eða réttfæðisárátta, er sjúkdómsheiti sem sérfræðingar nota í auknum mæli í tengslum við fólk sem er heltekið þörf fyrir að borða rétt. Einstaklingar með réttfæðisáráttu eiga það flestir sameiginlegt að forðast öll aukaefni í matvælum, svokölluð E-efni, eins og heitan eld. Einstaklingarnir forðast einnig öll verksmiðjuframleidd matvæli, sykur, fitu, kolvetni, allan eldaðan mat, kjöt, mjólkurvörur eða allt úr dýraríkinu. Einkenni sjúkdómsins er að einstaklingurinn hefur ekki stórkostlegar áhyggjur af líkamsþyngdinni og er ekki í megrun. Matarreglurnar einkennast af gæðum matarins frekar en magni. Að borða mat sem er „hreinn“ og „náttúrulegur“ skiptir mestu máli. Annað einkenni sjúkdómsins er þráhyggja. Brjóti þeir reglurnar og fái sér kókglas refsa þeir sér gjarnan með því að fasta eða fara á hreinsikúra.

Hafa ber í huga að það er vel hægt að vera heilsumiðaður án þess að vera haldinn sjúkdómnum.

# Ofnæmi fyrir sæði einkennist af sviða

**?** Mig langar að vita meira um eitt mál sem ég hreinlega á erfitt með að trúa að sé til og það er sæðisofnæmi. Kærasta mín segist vera með það. Ég má bara helst ekki fá það inni í henni því hún segir að sig svíði og það sé vont. Ég hef prófað að nota smokkinn og þá finnur hún ekki til, ekki heldur ef ég tek hann út áður, en mér finnst þetta samt svolítið sérstakt og hef aldrei lent í þessu áður eða heyrt af þessu. Því spyr ég hvort þetta sé í alvöru til og er hægt að lækna þetta?

...

**SVAR** Já, þetta er til og er rétt hjá kærustu þinni, hún getur verið með ofnæmi fyrir sæði. Nú vil ég byrja á því að taka það fram að ég er ekki læknir og ávallt er best að leita til læknis með kvilla sem herja á líkamann. Einkenni sæðisofnæmis eru oftast staðbundin við skapabarma og/eða leggöng og líkjast einkennum sveppasýkingar (kláði, brunatilfinning og sviði). Þau koma oftast fram fimm til þrjátíu mínútum eftir samfarir með sáðláti.

Þetta er talið frekar sjaldgæft og á það til að vera misgreint sem eitthvað annað, til dæmis sveppasýking. Til að greina sæðisofnæmi rétt er mælt með því að kanna hvort einkennin birtist þegar samfarir eru stundaðar



**SÆÐISOFNÆMI** Einkenni sæðisofnæmis eru oftast staðbundin við skapabarma og/eða leggöng og líkjast einkennum sveppasýkingar. NORDICPHOTOS/GETTY

með smokk og/eða þegar engar samfarir eru hafðar með typpi. Ef þetta er sæðisofnæmi þá ættu engin einkenni að birtast, eins og þið hafið nú þegar komist að.

Það er talið að helmingur kvenna með sæðisofnæmi sé einnig með annað ofnæmi. Ofnæmið hrjáir oftast konur milli tvítugs og þrítugs og getur verið einstaklingsbundið (það er tengt einum manni) eða öllu sæði.

Algengasta lækningin er að nota smokk. Ef það hentar ykkur ekki þá er til önnur lausn, kerfisbundin ónæming. Þar er smá útþynntum skömmtum af sæði mannsins sprautað í líkama konunnar. Til að byrja með látið þið smá skammta af sæði með reglulegu millibili inn í leggöng og svo smám saman stækka skammtarnir. Þá á einnig að vera gott að stunda reglulega kynlíf (daglega eða annan hvern dag) án smokks til að byggja upp þol gegn sæðinu. Hafðu samt á bak við eyrað að þið þurfið bæði að vera til í þessa leið gegn ofnæminu og það getur verið vandasamt að stýra magni sæðis hverju sinni. Sumar konur virðast einfaldlega bara „læknast“ af ofnæminu, eins og það bara hverfi með aldrinum á meðan það virðist versna hjá öðrum. Sumir læknar segja að það sé gott að hafa ofnæmislyf við höndina og fá sér eina töflu fyrir samfarir. Ef lyf og smokkar henta ykkur ekki þá er spurning að hafa samband við ofnæmissérfræðing. Gangi ykkur vel.

**KYNLÍF TAKTU ÞÁTT!**



Sendu Siggu Dögg póst og segðu henni frá vandamáli úr bólinu. Lausnin gæti birst í Fréttablaðinu.

kynlif@frettabladid.is

Nýtt kortatímabil!

# Fyrir barnið

**nettó**
*Kræsingar & kostakjör*

Markhonnun ehf




Minnum á Änglamark bleyjuleikinn!

**DREGIÐ 1.NÓV**

FIXONI
Mjúkar og góðar samfellur úr lífrænni bómull

Einnig til í hvítu

coop ÄNGLAMARK

www.facebook.com/netto.island

**Tilboðin gilda 17. - 20. október**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

# Nýtt frá Ocean

## Frank Ocean sendir frá sér nýja tónlist næsta sumar.

Þetta sagði hann á Tumblr-bloggsíðu sinni er hann svaraði spurningu aðdáanda. Fyrsta plata hans, Channel Orange, kom út í fyrra.

Stutt er síðan Ocean sagðist í viðtali við Oyester Magazine hafa selt krakk og kókaín þegar hann var í skóla. „Ég var bófi. Ég seldi mikið af krakki og kókaíni.“ Ocean spilar næst í Los Angeles 9. nóvember. Þetta verða fyrstu tónleikar Oceans síðan hann varð að hætta tónleikaferð sinni um Ástralíu í lok júlí eftir að hafa skaddað raddböndin.



**FRANK OCEAN** Tónlistarmaðurinn ætlar að senda frá sér ný lög næsta sumar. NORDICPHOTOS/GETTY

# Hannar barnafatalínu

## Raunveruleikastjarnan Kim Kardashian hannar sína fyrstu barnafatalínu.

Kim Kardashian hyggst hanna barnafatalínu fyrir tilstuðlan kærasta síns, rapparans Kanye West. Samkvæmt heimildum Radaronline hefur West þó yfirumsjón með verkefninu.

„Hann vill stjórna öllu og leyfir Kim ekki að stýra hönnunarferlinu einni. Hann opnaði dyrnar fyrir hana en þetta gerir Kim brjálaða,“ hafði vefsíðan eftir heimildarmanni sínum.

„Honum finnst Kim ekki nógu smekkleg til að sjá um þetta ein. Eftir fyrirlestur Kanyes er Kim allt í einu farin að hanna einfaldan barnafatnað með hreinar línur, sem er einmitt stíllinn sem Kanye hrífst af.“

Parið eignaðist sitt fyrsta barn saman í júní á þessu ári og nefndu stúlkubarnið því skemmtilega nafni North West.



**HANNAR BARNAFÖT** Kim Kardashian hannar barnafatalínu. NORDICPHOTOS/GETTY




# HERRAR GRÁTT DÖMUR VÍTT

Hausttískan verður fjölbreytileg í ár. Herrarnir skulu klæðast gráu en dömurnar skósíðum buxum og stórum peysum. Klæðaburður fólks tekur breytingum samhliða árstíðaskiptunum. Í haust og vetur verða nokkrir tískustraumar sérlega áberandi og fór Fréttablaðið yfir þá helstu.

➜ VÍTT OG ÞÆGILEGT
Hólkvíðar og skósíðar buxur verða áberandi í **dömutískunni** í haust og vetur. Þessar buxur eru þó úr vorlínu **Stellu McCartney** 2014.

➜ GRÁTT VINSÆLT
Fatahönnuðurinn **Damir Doma** notaði gráa litinn mikið í haustlínu sinni fyrir **karla** þetta haust.



NORDICPHOTOS/GETTY

### DÖMUR

Þegar kemur að dömutískunni eru skósíðar og hólkvíðar dragtarbuxur sérlega vinsælar, bæði til hversdagsbrúks og sem spariklæðnaður. Dökkblár litur, eða „navy“ eins og hann kallast á ensku, verður sömuleiðis áberandi í vetur. Sá litur gæti hentað þeim sem kjósa helst svartar flíkur því dökkblá flík mun lífga upp á heildarútlitið án þess að draga að sér of mikla athygli. Stórar peysur, og þá sérstaklega kragapeysur, sáust einnig víða á tískupöllunum fyrir veturinn. Slíkar peysur koma sér sannarlega vel á köldum, íslenskum vetrardögum.

### HERRAR

Hvað herrana varðar verður grái liturinn í forgrunni í vetur, sem og vínrauðir og dökkbláir litatónar. Bomber-jakkinn svonefndi heldur vinsældum sínum inn í mitt næsta ár. Gönguskór í öllum stærðum og gerðum verða einnig áberandi og sé tekið mið af tískusýningum stóru tískuhúsanna má nota þann fótabúnað hvort heldur við jakkaföt eða gallabuxur.



**NIRVANA** 25 ár verða liðin á næsta ári síðan rokksveitin gaf út Bleach.

## Nirvana fékk tilnefningu

Nirvana, The Replacements, Linda Ronstadt og Peter Gabriel eru á meðal þeirra flytjenda sem hafa verið tilnefndir í fyrsta sinn til innvígslu í Frægðarhöll rokksins í Bandaríkjunum fyrir árið 2014.

Aðrir á listanum sem hafa áður verið tilnefndir en ekki fengið inngöngu eru Kiss, LL Cool J, NWA, Cat Stevens, Deep Purple og Chic.

Aðeins er hægt að tilnefna þá sem gáfu út sína fyrstu plötu fyrir 25 árum. Fyrsta plata Nirvana, Bleach, kom út 1989 og hefur rokksveitin fræga því verið tilnefnd við fyrsta mögulega tækifæri.



**JULIAN CASABLANCAS** Söngvarinn Casablancas og félagar ætla að „snúa aftur“ á næsta ári. NORDICPHOTOS/GETTY

## Snúa aftur á næsta ári

Hljómsveitin The Strokes ætlar að „snúa aftur á sjónarsviðið“ árið 2014. Þetta kemur fram í fréttabréfi frá New York-rokkurunum til aðdáenda sinna í tilefni af útkomu nýrrar sólóplötu gítarleikarans Alberts Hammond Jr.

Síðasta plata The Strokes, Comedown Machine, kom út í mars síðastliðnum. Skömmu síðar lét bassaleikarinn Nikolai Fraiture hafa eftir sér að hljómsveitin hefði ekki í hyggju að fylgja henni eftir með tónleikaferð. Núna hefur Albert Hammond Jr. sagt að tíu plötur með Strokes muni mögulega koma út í framtíðinni enda séu þeir allir mjög góðir vinir og vilji starfa sem mest saman.



**METALLICA** James Hetfield segir að hljómsveitin hefji upptökur á næsta ári.

## Upptökur á næsta ári

James Hetfield, söngvari Metallica, segir að hljómsveitin ætli að hefja upptökur á nýrri plötu snemma á næsta ári. Fimm ár eru liðin frá því síðasta plata, Death Magnetic, kom út.

„Ég iða í skinninu. Ég veit að við þurfum bara nokkur lög en þarna eru 800 „riff“ sem við þurfum að fara í gegnum. Þetta er hálfgerð klikkun,“ sagði Hetfield í viðtali við The Oakland Press.

Metallica er í hvíld þessa dagana eftir að hafa unnið hörðum höndum að þrívíddarmyndinni Metallica: Through The Never, sem kom út 4. október.

# Yngst vinningshafa frá upphafi

Eleanor Catton, 28 ára, hlaut Man Booker-verðlaunin fyrir bók sína The Luminaries.

Eleanor Catton hlaut Man Booker-bókmenntaverðlaunin í gær fyrir bók sína The Luminaries.

Catton er 28 ára gömul sem gerir hana yngsta viðtakanda verðlaunanna frá upphafi.

Booker-verðlaunin svokölluðu eru virtustu bókmenntaverðlaun Breta. Vinningshafi hlýtur fimmtíu þúsund pund fyrir, sem samsvarar tæplega tíu milljónum íslenskra króna.

Þegar verðlaunin voru veitt og í ljós kom að Catton hlyti þau virtist hún mjög hissa. Hún hafði orð á því að bók hennar væri martröð hvers útgefanda, þar sem bókin er 848 blaðsíður og söguþráðurinn í flóknari kantinum.

The Luminaries er þar með einnig lengsta bók til þess að hljóta verðlaunin eftirsóttu.

Hún þakkaði útgefendum sínum kærlega fyrir samstarfið og bætti við að það væru ekki öll útgáfufyrirtæki sem næðu þessu jafnvægi; að búa til peninga og að búa til list.

➜ Fyrsta bók Catton, The Rehearsal, kom út árið 2008.

Aðrir tilnefndir voru NoViolet Bulawayo fyrir bókina We Need New Names, Jim Crace fyrir bókina Harvest, Ruth Ozeki fyrir A Tale for the Time Being, Jhumpa Lahiri fyrir The Lowland og Colm Toibin fyrir The Testament of Mary. - ósk



**848 BLAÐSÍÐUR** The Luminaries er lengsta bók sem hefur hlotið Booker-verðlaunin. AFP/NORDICPHOTOS





**1. ÞEGAR ÞAÐ GERIST** 1998
Unnur Steinsson í hlutverki Lilju strýkur kynfæri hests með hjálp Pálma Gestssonar (Bjarna).



**2. ÓÐAL FEÐRANNA** 1980
Jakob Þór Einarsson í hlutverki Sigga vanar hest ásamt hópi manna.



**3. LAND OG SYNIR 1980**
Persóna Sigurðar Sigurjónssonar, Einar, lógar hestinum sínum sem fellur beint ofan í gröf sína.

# Sjö fræg hestaatriði í íslenskum myndum

Hestar hafa komið við sögu í mörgum íslenskum kvikmyndum í gegnum tíðina en aldrei hafa þeir verið í eins stóru hlutverki og í myndinni Hross í oss, sem nú er sýnd við mjög góða aðsókn. Ef litið er yfir íslenska kvikmyndasögu má telja mörg eftirminnileg hestaatriði til. Fréttablaðið tók saman nokkur þeirra.






**4. MAGNÚS** 1989
Egill Ólafsson í hlutverki Magnúsar strýkur af sjúkrahúsi ríðandi á gráum hesti.



**6. ROKLAND** 2011
Böddi, sem Ólafur Darri Ólafsson túlkar, kemur ríðandi á hesti frá Sauðárkróki á leið sinni suður og stöðvar alla umferð á þjóðveginum.



**5. ENGLAR ALHEIMSINS** 2000
Móður Páls (Ingvars E. Sigurðssonar) dreymir að einn hestur í hestastóði missi máttinn í fótunum og detti. Hesturinn átti að tákna Pál.

## 5 TEKJUHÆSTU HESTAMYNDIR N-AMERÍKU

1. Seabiscuit
2. War Horse
3. The Horse Whisperer
4. Spirit: Stallion of the Cimarron
5. Hidalgo




**7. DALALÍF** 1984
Hallbjörn Hjartarson á „sebrahestinum“ í Dalalífi.

# Sitja í sólarhring og framleiða myndlist

Þær Harpa Einarsdóttir og Inga María Brynjarsdóttir halda myndlistarmaraþon laugardaginn 19. október.

„Það eru mörg járn í eldinum eins og oft áður en ég er að fókusera á myndlist þessa dagana,“ segir Harpa Einarsdóttir listakona. Hún heldur myndlistarmaraþon laugardaginn 19. október næstkomandi ásamt Ingu Maríu Brynjarsdóttur. „Þannig munum við sitja við í sólarhring og framleiða myndlist þar til við dettum niður og á meðan getur fólk komið við og keypt af okkur verk á hálfvirði,“ útskýrir Harpa. „Við erum með vinnustofu í Skipholti 11-13 og þangað eru allir velkomnir að kíkja á okkur í næstu viku. Við stefnum á að byrja um 10 á laugardagsmorgninum,“ segir Harpa jafnframt.

Harpa virðist aldrei sitja auðum höndum en hún er hluti af YZ Creation, ásamt Ýri Þrastardóttur, og er með eigin fatalínu sem hún selur í LA og ber heitið Ziska.

Um þessar mundir er Harpa að safna fyrir „alvöru“ myndlistarsýningu.

„Ég stefni að því að halda sýningu í vor eða í haust, sem fer bara eftir því hvernig fjármögnun gengur. Stefnan er að gera magnað vídeóverk og stór olíumálverk ásamt skúlptúrum,“ útskýrir Harpa. „Það er dýrt að gera svona og gera það vel en mig hefur lengi dreymt um að taka að minnsta kosti hálft ár í að skapa sýningu. Hingað til hefur mig skort bæði tíma og pening,“ segir Harpa létt í bragði.

„Ég vona að nú bráðlega verði breyting á,“ segir hún að lokum.

- ósk



**MEÐ FÓKUSINN Á MYNDLIST UM ÞESSAR MUNDIR** Harpa hefur í nægu að snúast og heldur meðal annars úti eigin fatalínu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Kate Winslet segir börnin búa hjá sér

Kate Winslet segir börn sín tvö búa aðeins hjá sér. Hún og feður barna hennar deila ekki forræði.

„Fólk segir: Guð minn góður! Aumingja börnin, þau hljóta að hafa gengið í gegnum svo margt.

Segir hver? Þau eru alltaf hjá mér,“ segir leikkonan Kate Winslet í nýju viðtali við Vogue. Þar ræddi hún meðal annars um móðurhlutverkið, en leikkonan á tvö börn.

„Börnin mín flakka ekki á milli mín og pabba sinna – þau búa hjá mér. Þannig er það,“ sagði hún einnig.

Winslet á tvö börn, dótturina Miu Honey með leikstjóranum Jim Threapleton og soninn Joe Alfie með leikstjóranum Sam Mendes. Winslet á von á sínu þriðja barni með þriðja eiginmanni sínum, Ned Rocknroll.



**BÖRNIN HJÁ HENNI** Leikkonan Kate Winslet segir börn sín búa hjá sér, ekki feðrum sínum. NORDICPHOTOS/GETTY

# DEBENHAMS







# BIOTHERM BOMBA

## Í DEBENHAMS 17. – 23. OKTÓBER.

**20% kynningarafsláttur** af Blue Therapy SERUM-IN-OIL næturolíu, serumdropum og Beurre Corporel body kremi.

**30% kynningarafsláttur** af Firm Corrector styrkjandi body kremi.

**400 ml body lotion** með pumpu á sama verði og 200 ml.

Glæsilegir kaupaukar* þegar þú kaupir vörur fyrir 7.900 kr eða meira

- Aquasource rakakrem 15 ml
- Aqasource næturkrem 15 ml
- Biosource andlitshreinsir 20 ml
- Biosource andlitsvatn 30 ml
- Lait Corporel húðmjólk 125 ml
- Eau Océane ilmur 1,5 ml




Finndu okkur á facebook

Gerðu lífið skemmtilegra

DEBENHAMS – SMÁRALIND

KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR

# Varúð! Brasilíu-jinx! Ekki lesa!

BAKÞANKAR
Bergs Ebba Benediktssonar



**ÓÐUR** maður skrifar. Ég eyddi öllum gærdeginum í að þvælast á milli sportvöruverslana í leit að sundskýlu í fánalitunum til að taka með til Brasilíu næsta sumar. Strax og flautað var til leiksloka á þriðjudagskvöld fór ég inn á expedia.com og tékkaði á flugi til Ríó. Ódýrasta flugið er á 2.049 Bandaríkjadali (rúman 240 þúsund kall) sem er fullmikið en þó vel sloppið miðað við að ég tékkaði líka á flugi til borgarinnar Natal þar sem leikir í A-riðli munu fara fram og flugið þangað kostar 4.182 dali eða ríflega hálfa milljón. Hvað þá ef við lendum í B-riðli og munum keppa í borginni Porto Alegre í Suður-Brasilíu. Ódýrasta flugið þangað kostar 6.363 dali! Þetta er alltof dýrt, enda allt flókin tengiflug. Það er örugglega ódýrara að leigja flugvél og selflytja Íslendinga þarna suður eftir í einum rykk.

**ÞAÐ** eru 9.813 kílómetrar frá Reykjavík til Ríó en það myndi þýða tæplega 13 klukkustunda flug. Það er því ljóst að það myndi ekki duga að leigja Boeing 737, 757 eða álíka smáskutlur í verkefnið (svoleiðis fuglar hafa ekki drægni nema rétt suður undir miðbaug). Til að dæmið gangi upp fjárhagslega þurfum við að ræsa hreyflana á almennilegum langdrægum háloftastrætó sem er belgvíður að auki. Best væri náttúrulega að fá júmbóið, vinnuhestinn 747, sem er með drægni í námunda við 15 ká-ká-emm (sem gæti auðveldlega skilað okkur til Porto Alegre) og getur hesthúsað allt að 570 manns ef við sleppum öllum farangri og gerum ráð fyrir að farþegar séu bara í sundskýlum svo hægt sé að þjappa. Mikilvægt er einnig að gera góða viðskiptasamninga við Brasilíu svo vélarnar fljúgi ekki tómar heim. Spurning um að fylla þær af goji-berjum og nikkeli fyrir heimleiðina (við mixum svo einhverja viðskiptasnilld út úr því seinna). Ég held að það verði hægt að ná fargjaldinu niður í 50 þúsund kall á haus miðað við 600 ferðir og síðasti maður frá Íslandi slökkvi ljósin. Þetta getur ekki klikkað!!!

# Allir geta búið til tónlist

Intro Beats og Guðni Impulze segja það enga afsökun að eiga ekki dýrustu og flottustu græjurnar. Þeir heimsækja misþekkta tónlistarmenn í stúdíó þeirra.

„Við erum að frumsýna þættina okkar, Á bak við borðin, á morgun. Í þáttunum heimsækjum við misþekkta tónlistarmenn í stúdíóin þeirra og grennslumst fyrir um vinnuferli þeirra og hvernig þeir búa til músík. Það geta allir sem vilja búið til músík í dag,“ segir Ársæll Þór Ingvason, betur þekktur sem tónlistarmaðurinn Intro Beats.

„Hugmyndin er að skýra fyrir áhugafólki um tónlist að það skipti engu máli hvort þú ert með fartölvu og forrit sótt með vafasömum hætti eða langdýrustu græjurnar,“ bætir hann við.

„Við stefnum á átta til tíu þætti og heimsækjum tónlistamenn á borð við Natalie Gunnarsdóttur, betur þekkta sem DJ Yamaho, Friðfinn Sigurðsson, eða Oculus, og fleiri,“ segir Ársæll.

„Svo ætlum við Guðni að vera duglegir með kennslumyndbönd og alls konar þætti. Við ætlum að hvetja alla til að búa til tónlist,“ heldur Ársæll áfram.

Þættirnir eru gerðir í samstarfi við Hljóðheima, sem er hugarfóstur Guðna Impulze Einarssonar. „Þetta er stúdíó sem er líka skóli. Það er boðið upp á DJ-námskeið og alls konar námskeið, til að mynda á forritið Ableton Live, sem margir frægir tónlistarmenn vinna á,“ segir Ársæll að lokum.

**- ósk**



**INTRO BEATS OG GUÐNI IMPULZE** „Það skiptir engu máli hvort þú ert með forrit sótt með vafasömum hætti eða langdýrustu græjurnar.“ FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# Paul McCartney ver Miley Cyrus

McCartney finnst lítið tilefni til gagnrýni á framkomu Cyrus á VMA-hátíðinni.

Miley Cyrus fékk stuðning úr óvæntri átt í vikunni þegar Paul McCartney tók upp hanskann fyrir söngkonuna ungu.

Í samtali við Sky News sagði McCartney ekkert að umdeildri framkomu Miley Cyrus á VMA-verðlaunahátíðinni fyrir skemmstu.

„Maður sá ekki neitt,“ sagði McCartney. „Hún var bara að prófa sig áfram. Hún er að dansa með Robin Thicke, og hvað? Kommon, við höfum séð það verra!“ Bítillinn fyrrverandi sagði jafnframt í viðtalinu að hann væri ánægður með að tíu ára dóttir hans horfði á Miley og lærði að dansa eins og hún.

„Ég horfði á þetta í tilraunaskyni og það eina sem kom mér í huga var, hvað er fólk eiginlega að tala um? Það er ekkert að þessu.“

Skoðun McCartney á Miley var þó ekki ástæða viðtalsins, en hann er nú í kynningarherferð fyrir nýjustu plötu sína, New. Platan er sextánda sólóplata tónlistarmannsins. Hann sagði ekki erfitt að brydda upp á nýju efni. „Það er hins vegar erfitt að brydda upp á nýju efni sem er gott vegna þess að það miðast allt við það gamla sem maður hefur gert. Maður verður bara að gleyma því,“ sagði McCartney jafnframt.

„Ég elska að búa til tónlist. Ég elska það svo mikið að ég get ekki hætt,“ sagði Bítillinn fyrrverandi að lokum.

**- ósk**



**GEFUR ÚT SEXTÁNDU SÓLÓPLÖTUNA** Paul McCartney segist ekki geta hætt að búa til tónlist. AFP/NORDICPHOTOS


SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ




SMÁRABÍÓ (Aukakrónur 5%)

| | | |
|---|---|---|
| MÁLMHAUS | KL. 3.30 - 5.45 - 8 - 10.15 | 12 |
| MÁLMHAUS LÚXUS | KL. 3.30 - 5.45 - 8 - 10.15 | 12 |
| TÚRBÓ 2D ÍSL.TAL | KL. 3.30 - 5.40 | L |
| TÚRBÓ 3D ÍSL.TAL | KL. 3.30 | L |
| ABOUT TIME | KL. 8 - 10.40 | 10 |
| RUNNER RUNNER | KL. 10 | 12 |
| HROSS Í OSS | KL. 6 - 8 | 12 |
| AULINN ÉG 2 2D | KL. 3.30 - 5.45 | L |
| 2 GUNS | KL. 10.15 | 14 |

HÁSKÓLABÍÓ (Aukakrónur 5%)

| | | |
|---|---|---|
| MÁLMHAUS | KL. 5.45 - 8 - 10.15 | 12 |
| LA VIE D'ADELE | KL. 5.30 - 9 | 16 |
| SVONA ER SANLITUN | KL. 8 - 10.15 | L |
| BLUE JASMIN | KL. 5.30 | 10 |
| HROSS Í OSS | KL. 6 - 8 - 10 | 12 |

BORGARBÍÓ — NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| MÁLMHAUS | KL. 6 - 8 - 10 | 12 |
| ABOUT TIME | KL 8 (10) / RUNNER RUNNER KL. 10.10 | 12 |
| TURBO 3D | KL.6 | L |

Miðasala á: midi.is og eMiði

midi.is Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075 Aukakrónur 5%




| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| MÁLMHAUS | 5:50, 8, 10:10 | 12 |
| ABOUT TIME | 9 | 10 |
| TÚRBÓ - ÍSL | 5:50 3D | L |
| DIANA | 8 | 12 |
| DESPICABLE ME 2 - ENS | 5:50 2D | L |
| MALAVITA | 10:30 | 16 |

SAMBÍÓIN
KVIKMYNDAÚRVALIÐ ER Í SAMBÍÓUNUM
SAMBÍÓIN Á TOPPNUM Í 30 ÁR
KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ Á SAMbio.is




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| RUSH | KL. 5:20 - 8 - 10:40 | 12 |
| RUSH VIP | KL. 5:20 - 8 - 10:40 | VIP |
| PRISONERS | KL. 6 - 8 - 9 - 10 | 16 |
| TÚRBÓ ÍSL.TAL 3D | KL. 5:50 | L |
| TÚRBÓ ÍSL.TAL 2D | KL. 5:50 | L |
| DON JON | KL. 8 - 10:20 | 16 |
| AULINN ÉG ÍSL.TAL 2D | KL. 5:50 | L |
| WE'RE THE MILLERS | KL. 8 | 12 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| RUSH | KL. 8 - 10:30 | 12 |
| PRISONERS | KL. 10:10 | 12 |
| MÁLMHAUS | KL. 8 | 16 |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| RUSH | KL. 5:25 - 8 - 10:35 | 12 |
| PRISONERS | KL. 5 - 8 - 10:10 | 16 |
| TÚRBÓ ÍSL.TAL 2D | KL. 5:50 | L |
| DON JON | KL. 5:50 - 8 - 11 | 16 |
| RIDDICK | KL. 8 | 16 |
| THE CONJURING | KL. 10:30 | 16 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI — NÚMERUÐ SÆTI

| | | |
|---|---|---|
| RUSH | KL. 5:20 - 8 - 10:40 | 12 |
| PRISONERS | KL. 5 - 8 - 10:40 | 16 |
| THE BUTLER | KL. 5:20 - 8 | 14 |
| DON JON | KL. 11 | 16 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| RUSH | KL. 5:30 - 8 - 10:40 | 12 |
| PRISONERS | KL. 5:30 - 8:30 | 16 |

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á SAMbio.is

BÍÓ★PARADÍS EUROPA CINEMAS




SJÁ SÝNINGARTÍMA Á WWW.BIOPARADÍS.IS - Miðasala: 412 7711 - Hverfisgata 54 - bioparadis.is - Hluti af Europa Cinemas

# HLAUPTU NÚ!

FYRIR BYRJENDUR OG LENGRA KOMNA




Glæsileg og gagnleg bók fyrir allt áhugafólk um hlaupaíþróttina

Ertu á leiðinni út í góða veðrið að hlaupa? Deildu því með okkur á Instagram með því að merkja myndina með #utadhlaupa







VAKA-HELGAFELL

*www.forlagid.is – alvöru bókabúð á netinu*

## Eyjamenn í viðræðum við Sigurð Ragnar

„Við erum í viðræðum við Sigurð Ragnar [Eyjólfsson] en í raun hafa þær ekki náð langt. Það er enn verið að spjalla um málin,“ segir Óskar Örn Ólafsson, formaður knattspyrnudeildar ÍBV.

Sigurður Ragnar Eyjólfsson, fyrrverandi landsliðsþjálfari kvennaliðs Íslands, er í viðræðum við forráðamenn ÍBV um að taka við liðinu.

„Vonandi liggur þetta fyrir í lok vinnuvikunnar en í Eyjum endar hún á sunnudögum,“ segir Óskar léttur.

Hermann Hreiðarsson hætti með liðið á dögunum en ástæðan fyrir brotthvarfi hans var persónuleg. Eyjamenn hófu þá strax leit að nýjum þjálfara og stendur sú leit enn yfir.

„Það hefur verið venjan hjá okkur í ÍBV að ræða aðeins við einn aðila í einu og við bregðum ekki út af vananum í þessu tilviki.“ -sáp



## Misstu hausinn við fyrsta markið

**FÓTBOLTI** Þór/KA féll í gær úr leik í 32-liða úrslitum Meistaradeildar Evrópu eftir tap, 4-1, gegn Zorkiy í Rússland. Þór/KA tapaði rimmunni því samanlagt 6-2.

Fyrri leik liðanna lyktaði með 1-2 sigri rússneska liðsins.

Arna Sif Ásgrímsdóttir gerði eina mark Þórs/KA í leiknum og kom það í síðari hálfleiknum.

„Við misstum enn einu sinni hausinn í upphafi leiksins,“ segir Jóhann Kristinn Gunnarsson, þjálfari Þór/KA, eftir leikinn í gær.

„Við ætluðum að mæta grimmar til leiks og koma Rússunum á óvart með pressu. Liðið hélt út í um tuttugu mínútur en þá fengum við á okkur algjört klaufamark og þar gerði markvörður okkar mikil mistök.“

Rússneska liðið gerði úti um leikinn á tólf mínútna kafla í fyrri hálfleiknum þegar liðið gerði þrjú mörk í röð.

„Það er ekki svona mikill getumunur á þessum liðum en við erum að berjast við andlega þáttinn og einbeitingarskort.“

Þór/KA hafði einu sinni áður tekið þátt í keppninni.

„Þetta var vissulega mikið ævintýri og gaman að koma til Rússlands.“ sáp



**SÚRT** Þór/KA réð ekki við rússneska liðið í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL






**BJARTSÝNN** Íslenska karlalandsliðið í knattspyrnu hefur unnið hug og hjörtu allra landsmanna. Umspilsleikir eru fram undan og því þarf formaðurinn að huga að mörgu. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# Einn milljarður undir

**Geir Þorsteinsson þarf að huga að mörgu fyrir umspilsleikina í nóvember en formaðurinn leggur mikla áherslu á að halda í Lars Lagerbäck. Íslenska landsliðið fær líklega yfir einn milljarð íslenskra króna komist það á HM.**

**FÓTBOLTI** „Við fórum strax í vor í viðræðum við Lars Lagerbäck um að halda áfram með liðið og munum eflaust ræða nánar við hann á næstu misserum,“ segir Geir Þorsteinsson, formaður KSÍ.

Svíinn var ráðinn landsliðsþjálfari Íslands þann 14. október árið 2011 og hefur náð hreint mögnuðum árangri með íslenska landsliðið. Ísland komst á þriðjudagskvöldið í umspil um laust sæti á HM í Brasilíu árið 2014 og hefur enginn annar landsliðsþjálfari náð slíkum árangri með karlaliðið.

„Þessi árangur er ótrúlegur hjá liðinu. Það er mitt mat að ákveðinn grunnur hafi verið lagður að þessum hóp þegar sú ákvörðun var tekin að láta ákveðna leikmenn spila með U-21 landsliðinu þegar liðið átti möguleika á að komast á Evrópumótið í Danmörku. Sú ákvörðun var vissulega umdeild en eftir á að hyggja rétt.“

Ísland komst á lokamót Evrópukeppni U-21 árs landsliða árið 2011 og fengu nokkrir leikmenn núverandi A-landsliðs ómetanlega reynslu í aðdragandanum og á sjálfu mótinu. Þeir Kolbeinn Sigþórsson, Aron Einar Gunnarsson, Jóhann Berg Guðmundsson, Birkir Bjarnason og Gylfi Þór Sigurðsson voru með U-21 landsliðinu á lokamótinu árið 2011 en þeir voru allir í byrjunarliði Íslands gegn Kýpur og Norðmönnum á dögunum.

„Það hefur alltaf verið draumur okkar innan sambandsins og sennilega allra Íslendinga að komast í úrslitakeppni stórmóts. Það hvarflaði kannski ekki að mörgum að liðið yrði svona nálægt því en staðreyndin er sú að við erum alltaf að færast nær þessum lokamótum.“

Evrópumótið í Frakklandi árið 2016 verður með breyttu sniði en þá munu 24 taka þátt. Áður hafa aðeins 16 lið komist á mótið.

„Eftir því sem landsliðið verður betra verða möguleikar okkar á að komast í lokakeppni óhjákvæmilega meiri. Það verða að öllum líkindum níu riðlar í undankeppni Evrópumótsins árið 2016 og líklega fara tvö efstu liðin beint á lokamótið og þriðja sætið gefur umspilsrétt.“

Knattspyrna í heiminum veltir gríðarlegum fjármunum á ári hverju en tryggði KSÍ sér einhverjar tekjur á því að komast í umspilið um sætið á HM í Brasilíu?

„Við fáum engar tekjur frá Alþjóða knattspyrnusambandinu vegna þessara leikja og engar tekjur vegna sjónvarpsréttar en umspil er hluti af þeim samningi sem við gerðum við núverandi rétthafa, Sport Five.“

Miðaverð á landsleiki Íslands hefur verið með sanngjörnu móti í núverandi undankeppni en verðið hefur verið frá 1.500 krónum upp í 3.500 krónur í forsölu.

„Við höfum tekið þá ákvörðun að undanförnu að vera sanngjarnir varðandi miðaverð. Miðaverðið á umspilsleikina hefur ekki verið rætt en það mun aldrei koma til gríðarlegrar hækkunar, kannski einhverjar 500 krónur.“

Umspilsleikir Íslands um sætið á HM í Brasilíu fara fram þann 15. og 19. nóvember en leikið verður á Laugardalsvelli á öðrum hvorum deginum. Völlurinn tekur tæplega tíu þúsund manns og verður án efa uppselt á heimaleik Íslands. Hvað er til ráða ef völlurinn verður hreinlega dæmdur óleikhæfur vegna frosts í jörðu?

„Við verðum vissulega að skoða þann möguleika. Fyrsta sanngirniskrafa okkar yrði þá að láta færa leikinn á annan dag en ég mun funda með starfsmönnum FIFA í Zürich í næstu viku og ræða þar alla möguleika. Það hefur alltaf verið á stefnuskránni að leggja hitakerfi undir völlinn en hann hefur samt sem áður verið í frábæru standi undanfarin ár.“

Takist Íslandi að komast á lokamótið í Brasilíu eftir umspil mun Knattspyrnusamband Íslands fá gríðarlega háa fjárhæð frá FIFA fyrir vikið en upphæðin er samt sem áður óljós.

„Við viljum helst halda okkar við umræðu um íþróttina sjálfa innan sambandsins og lítið ræða peningamál en ég get samt sem áður sagt að þau lið sem féllu úr leik í riðlakeppninni á heimsmeistaramótinu í Suður-Afríku árið 2010 fengu öll níu milljónir Bandaríkjadala.“

Níu milljónir dala eru rúmlega einn milljarður íslenskra króna og því er mikið undir.

stefanp@365.is

FYLGIST MEÐ Á FACEBOOK

NÝTT TILBOÐ Á HVERJUM DEGI

# TILBOÐ DAGSINS

*Gerðu dúndur kaup!*




**TILBOÐ**
**99.989**

**VERÐ ÁÐUR**
**119.989**

39" Full HD LED sjónvarp með DVB-T, DVB-T/2, DVB-C, Wifi, DLNA, Skype, opinum vafra, 4x HDMI, SCART, Component, VGA, 2 x USB, Optical út og USB upptökumöguleika.

max.is

Verðvernd Max
33 DAGAR

Skilaréttur Max
33 DAGAR

FYLGIST MEÐ TILBOÐI DAGSINS Á FACEBOOK
facebook.com/maxraftaeki

MAX RAFTÆKI

TILBOÐIÐ GILDIR 17. OKTÓBER EÐA MEÐAN BIRGÐIR ENDAST!

Opið mán. - fös. kl. 11-19
Laugardaga kl. 11-18
Sunnudaga kl. 12-18

SÍMI 412 2200

BEINT Á MÓTI IKEA

VERJA ÞARF LAUGARDALSVÖLLINN FRAM AÐ UMSPILI, 15. NÓVEMBER




## LOFTBÓLUHÚS EINN MÖGULEIKINN



Loftbóluhúsið í Hveragerði hefur staðið af sér íslenskt veður. Ekki er þó möguleiki að festa slíkt hús eins vel á Laugardalsvelli. Engu að síður er verið að skoða möguleikann á að setja svona hús yfir völlinn.

# GÆTI FOKIÐ TIL FÆREYJA

**Jóhann G. Kristinsson, vallarstjóri Laugardalsvallar, og félagar fá það verðuga verkefni að halda Laugardalsvelli leikhæfum einn mánuð í viðbót. Margar hugmyndir eru á lofti.**

**FÓTBOLTI** „Það er verið að afla gagna núna svo hægt sé að taka einhverjar ákvarðanir með framhaldið,“ segir Jóhann G. Kristinsson, vallarstjóri Laugardalsvallar. Það verður nóg að gera hjá honum næstu vikurnar svo hægt verði að spila landsleik á vellinum um miðjan nóvember.

Völlurinn er ekki upphitaður og það eina sem KSÍ á til þess að verja hann er dúkur. Hann mun líklega duga skammt ef það fer að frysta hraustlega.

„Það er erfitt að festa dúkinn almennilega niður. Það fara bara litlir hælar í hann. Dúkurinn gæti farið fljótt út í Laugardalslaug. Það hafa komið ýmsar hugmyndir á borðið sem verið er að skoða. Þó svo að það sé hægt að gera eitthvað í einu landi er ekki þar með sagt að hægt sé að gera slíkt hið sama á Íslandi.“

Jóhann varðist allra frétta varðandi þær hugmyndir sem menn eru að skoða en gaf þó eina upp. Sú hugmynd kom nefnilega upp að setja loftbóluhús yfir völlinn sem gæti haldið honum heitum. Slíkt hús má meðal annars finna í Hveragerði.

„Það er hægt að fá svona loftbóluhús frá útlöndum. Það er samt ekkert víst að það sé lausn fyrir okkur hérna heima. Það fer mikill tími í að setja það upp og taka það niður,“ segir Jóhann.

Hann bætir við að erfitt yrði að festa húsið niður og ekki sé hægt að steypa það eins og í Hveragerði.

„Ef það kemur íslenskt rok gætum við hreinlega fundið þetta hús í Færeyjum.“

Jóhann reiknar með að þeir setji dúkinn á völlinn til þess að byrja með. Vallarstjórinn sjálfur er pollrólegur og er ekki andvaka af áhyggjum.

„Ég sef alveg. Þetta er bara áskorun og það er gott teymi að vinna í þessu máli. Svo tökum við sameiginlega ákvörðun um hvað skal gera. Við verðum að standa og falla með því.“

Þetta verður í fyrsta skipti sem knattspyrnulandsleikur fer fram á vellinum í nóvember. Aðeins einu sinni hefur verið spilað á vellinum í nóvember en það var ekki svona seint.

„Það var Evrópuleikur á milli Fram og Rapid Vín þarna 6. nóvember árið 1985. Þá var völlurinn frosinn og hann var aðeins loðnari.“

Fram vann leikinn, 2-1, á snævi þöktum vellinum.

henry@frettabladid.is

FORD Á ÍSLANDI
100 ÁRA AFMÆLI 1913 - 2013

AFMÆLISPAKKI AÐ VERÐMÆTI 520.000 KR. FYLGIR FORD KUGA Í OKTÓBER

Komdu núna og kynntu þér 100 ára afmælistilboð Ford. Gerðu líf þitt þægilegra með Ford Kuga. Skynvætt fjórhjóladrif er staðalbúnaður ásamt Ford SYNC samskiptakerfinu. Með raddstýringu getur þú hringt og beðið um óskalög. Í neyð hringir kerfið sjálfkrafa eftir aðstoð. Ford Kuga er svo snjall að í raun er hann snjalljeppi. Komdu og prófaðu.




FORD KUGA
MEÐ DÍSILVÉL FRÁ
5.790.000 KR.
MEÐ BENSÍNVÉL FRÁ
6.190.000 KR.

brimborg
Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16
Aukin þjónusta Bíldshöfða 6: Varahlutaverslun og verkstæðismóttaka er einnig opin laugardaga kl. 12-16

ford.is

Ford Kuga AWD 2,0 TDCi dísil 140 hö. 6 gíra beinsk./sjálfskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 5,9/6,2 l/100 km. Losun koltvísýrings CO2 154/162 g/km. Ford Kuga AWD 1,6i EcoBoost bensín 182 hö. sjálfskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 7,7 l/100 km. Losun koltvísýrings CO2 179 g/km. Tökum allar tegundir bíla upp í nýja. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður og gerð getur verið frábrugðin mynd í auglýsingu.


NÝR 16BLS
BÆKLINGUR
ÓTRÚLEG NÝ TILBOÐ Í STÆRSTU TÖLVUVERSLUNUM LANDSINS
FRAMÚRSKARANDI FYRIRTÆKI
Stærsta tölvuverslun landsins Hallarmúla 2
Opnunarhátíðin er á Facebook
ÓTRÚLEG TILBOÐ
ÓTRÚLEG NÝ TILBOÐ Í STÆRSTU TÖLVUVERSLUNUM LANDSINS
0% VEXTIR
ALLAR VÖRUR VAXTALAUST Í 12 MÁNUÐI
NÝ VERSLUN
ÓTRÚLEGT TILBOÐ
1.990
McAfee
SMELLTU Á KÖRFUNA
NETBÆKLINGUR Á WWW.TOLVUTEK.IS MEÐ GAGNVIRKUM KÖRFUHNAPP
TÖLVUTEK
TENGDU ALLT VIÐ TÖLVUNA
FLOTTUSTU TÖLVURNAR
SPJALDTÖLVUR Í MIKLU ÚRVALI
GÆÐAMERKI Á BETRA VERÐI
UPPFÆRÐU MEÐ STÆL
ÚRVALIÐ ER HJÁ OKKUR
HÉR ER SJÓN SÖGU RÍKARI
OPNUNARTÍMAR
Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00
TÖLVUTEK
Reykjavík • Hallarmúla 2 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900
acer ASUS DELL hp lenovo packard bell SAMSUNG TOSHIBA
BIRT MEÐ FYRIRVARA UM BREYTINGAR, PRENTVILLUR OG MYNDABRENGL

# DAGSKRÁ

## Í KVÖLD



### Stöð 2 kl. 19.20
**Meistaramánuður**

Skemmtilegur og hvetjandi þáttur þar sem fylgst er með völdum þátttakendum Meistaramánaðar setja sér markmið og fylgja þeim eftir. Rætt verður við sérfræðinga og farið verður yfir það hvernig hægt er að taka markmið Meistaramánaðar út í lífið. Þáttarstjórnendur eru Karen Kjartansdóttir og Þorsteinn Kári.



### Flashpoint – lokaþáttur
**SKJÁR EINN KL. 22.00** Spennandi þáttaröð um sérsveit lögreglunnar sem er kölluð út þegar hættu ber að garði.

TV.COM 8,3 IMDb 7,1



### Hulli
**SJÓNVARPIÐ KL. 21.35** Hulli er teiknuð útgáfa af höfundi þáttanna, Hugleiki Dagssyni. Hann býr í Reykjavík og er listamaður á niðurleið. Dónalegar myndasögur hans, sem hafa notið töluverðrar velgengni, eru hættar að seljast.



### Dumb and Dumber
**STÖÐ 3 KL. 19.45** Frábær gamanmynd um erkiaulann Lloyd Christmas sem starfar sem leigubílstjóri. Þegar hann keyrir eina draumadísina á flugvöllinn verður hann ástfanginn og þá er ekki að sökum að spyrja.

TV.COM 8,4 IMDb 7,2

### FM957 kl 16.00
**FM95Blö**



FM95BLÖ er í umsjón Auðuns Blöndal alla virka daga kl. 16-18 á FM957. Með Auðda í þættinum eru nokkrir góðir vinir hans. Björn Bragi er á mánudögum, Sveppi á þriðjudögum og Hjöbbi Ká á fimmtudögum. Það vill enginn missa af þessum þætti – það er bara þannig.


## DAGSKRÁ LESTRARHÁTÍÐAR VIKUNA 17. – 23. OKTÓBER

„Lykillinn að hamingjunni felst í litlum sopum," segir þú. Og varst ekkert að grínast.

Huldar Breiðfjörð: **Litlir sopar**

FIMMTUDAGUR **17.** OKTÓBER

**SKÁL AF LJÓÐUM**
KL. 12-13 – SKÁL AF LJÓÐUM – BORGARBÓKASAFN, AÐALSAFN.
Borgarbókasafn Reykjavíkur býður upp á leikræna hádegisdagskrá sem helguð er ljóðum í umsjón Jakobs S. Jónssonar. Súpa frá Kryddlegnum hjörtum á góðu verði. Allir eru velkomnir.

**INNVOLS, ÚTGÁFUHÓF**
KL. 17-19 – ÚTÚRDÚR, HVERFISGÖTU 42.
Í tilefni útgáfu ljóðabókarinnar Innvols, sem geymir skáldskap eftir hóp kvenna, verður blásið til fagnaðar í húsakynnum Útúrdúrs. Skáldkonurnar mun lesa úr verkinu og boðið verður upp á léttar veigar. Allir eru velkomnir.

**BARSVAR**
KL. 20 – CAFÉ MEZZO, LÆKJARGÖTU 2A, IÐUHÚSI.
Félagarnir Davíð Kjartan Gestsson og Björn Unnar Valsson bókmenntafræðingar stýra pöbb-kviss kvöldi í Bókmenntaborg með ljóðrænu ívafi á Lestrarhátíð. Sælustund með hvítvíni og bjór. Allir eru velkomnir.

LAUGADAGUR **19.** OKTÓBER

**LJÓÐASTUND FYRIR FJÖLSKYLDUR**
KL. 14 – BORGARBÓKASAFN, GERÐUBERGSSAFN. GERÐUBERGI 3-5
Björk bókavera flytur söguljóð og klippiljóðagerð verður í boði fyrir hugmyndaríka krakka. Allir eru velkomnir.

**ÞORPARINN**
KL. 20 – SILFURBERG, HARPA
Einn ástsælasti söngvari landsins Pálmi Gunnarsson heldur tónleika í Silfurbergi þar sem hann fer yfir langan feril ásamt einvalaliði tónlistarmanna. Allir velkomnir.

SUNNUDAGUR **20.** OKTÓBER

**GRANNMETI OG ÁTVEXTIR**
KL. 14.30 – BORGARBÓKASAFN AÐALSAFN, TRYGGVAGÖTU 15
Dagskrá í tilefni endurútgáfu Grannmetis og átvaxta Þórarins Eldjárns. Ljótikór flytur með tilþrifum lög Hauks Tómassonar við nokkur ljóð úr bókinni og Þórarinn og Sigrún Eldjárn stýra ljóða- og myndasmiðju.

**LESTRARVIKA ARION BANKA HEFST**
Krakkar á öllum aldri eru hvattir til að lesa og skrá lestur sinn á vef Arion banka. Allir sem skrá lestur fá viðurkenningu frá bankanum og Eddu útgáfu. Allir eru velkomnir.

MIÐVIKUDAGUR **23.** OKTÓBER

**ÆÐASLÁTTUR BORGARINNAR**
KL. 20-21.30 – MENNINGARMIÐSTÖÐIN GERÐUBERG, GERÐUBERGI 3-5
Sigurbjörg Þrastardóttir rithöfundur flytur eigin ljóð og annarra skálda um Reykjavík og aðrar borgir sem ort voru í tengslum við alþjóðlega ljóðaverkefnið Metropoetica: Women Writing Cities og kynnir verkefnið fyrir áheyrendum. Allir velkomnir.

**SÚPUSKÁL:D**
KL. 12.15 – SÚFISTINN, BÓKABÚÐ MÁLS OG MENNINGAR LAUGAVEGI 18
Anton Helgi Jónsson les og ræðir ljóð sín á meðan gestir gæða sér á ilmandi súpu úr eldhúsi Súfistans. Allir eru velkomnir.

Sjá alla dagskrá Lestrarhátíðar á vef Bókmenntaborgarinnar
**bókmenntaborgin.is**

DYNAMO REYKJAVÍK

LJÓÐ Í LEIÐINNI
Lestrarhátíð í Bókmenntaborg

Reykjavík Bókmenntaborg UNESCO


## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.10 Malcolm in the Middle**
**08.30 Ellen**
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 Doctors**
**10.15 60 mínútur**
**11.00 Touch**
**11.50 Hell's Kitchen**
**12.35 Nágrannar**
**13.00 The New Normal**
**13.25 Chronicles of Narnia, The. The Voyage of the Dawn Treader**
**15.15 Ozzy And Drix**
**15.35 Ofurhetjusérsveitin**
**16.00 Tasmanía**
**16.25 Ellen**
**17.10 Bold and the Beautiful**
**17.32 Nágrannar**
**17.57 Simpson-fjölskyldan**
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Meistarmánuður** *(4:6)* Skemmtilegur og hvetjandi þáttur þar sem fylgst er með völdum þátttakendum Meistaramánaðar setja sér markmið og fylgja þeim eftir.
**19.40 The Big Bang Theory** *(13:24)*
**20.05 Sælkeraferðin** *(5:8)* Glæsilegir og gómsætir þættir þar sem sjónvarpskonan Vala Matt ferðast í kringum Ísland og heimsækir sælkera, veitingahúsafólk og sveitamenn.
**20.25 Masterchef USA** *(15:20)*
**21.10 The Blacklist** *(4:13)*
**21.55 NCIS. Los Angeles** *(10:24)*
**22.40 Person of Interest** *(10:22)*
**23.25 The Runaways**
**01.15 Ástríður**
**01.40 Spaugstofan**
**02.10 Homeland**
**03.00 Boardwalk Empire**
**03.55 College**
**05.30 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT
*besta sætið*

**16.20 Þýski handboltinn 2013/2014** Útsending frá leik Gummersbach og Flensburg í þýska handboltanum.
**17.40 Meistaradeild Evrópu. Man. City - Bayern Munchen**
**19.25 Liðið mitt** Sverrir Bergmann kynnist öllum liðunum í Dominos-deild karla í körfuknattleik.
**19.55 England - Pólland**
**21.35 Brasilía - Zambia**
**23.20 Evrópudeildarmörkin**

## SPORT 2
*enski boltinn*

**18.15 Man. Utd. - Liverpool**
**19.55 Season Highlights 2003/2004**
**20.50 Football League Show 2013/14**
**21.20 PL Classic Matches. Blackburn - Liverpool, 1995**
**21.50 Premier League World**
**22.20 Arsenal - Tottenham**

## ÍNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** Auðlindakistan **21.30** Fiskikóngurinn

## STÖÐ 3

**16.45 The Great Escape**
**17.25 Smash**
**18.10 Super Fun Night**
**18.35 Game tíví**
**19.00 Bunheads** *(6:18)*
**19.45 Dumb and Dumber**
**21.35 Shameless** *(6:12)*
**22.25 Banshee** *(6:10)* Magnaðir spennuþættir um Lucas Hood sem er fyrrverandi fangi og afar útsmoginn þjófur. Hann tekur upp nafn og starf látins lögregluvarðstjóra í Amish-bænum Banshee í Pennsylvaníu og heldur þar áfram á glæpabrautinni í skjóli starfs síns.
**23.20 Hunted** *(4:10)* Bresk spennuþáttaröð af bestu gerð.
**00.20 Strike back**
**01.05 Bunheads**
**01.50 Dumb and Dumber**
**03.40 Shameless**
**04.30 Banshee**
**05.20 Tónlistarmyndbönd**

## Krakkastöðin

**07.00** Dóra könnuður **07.23** Svampur Sveinsson **07.46** Doddi litli og Eyrnastór **08.00** Áfram Diego, áfram! **08.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **08.46** Latibær **09.00** Strumparnir **09.25** Ævintýri Tinna **09.47** Skoppa og Skrítla **10.00** Lukku láki **10.24** Ofurhundurinn Krypto **10.45** UKI **10.50** Hvellur keppnisbíll **11.00** Dóra könnuður **11.23** Svampur Sveinsson **11.46** Doddi litli og Eyrnastór **12.00** Áfram Diego, áfram! **12.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **12.46** Latibær **13.00** Strumparnir **13.25** Ævintýri Tinna **13.47** Skoppa og Skrítla **14.00** Lukku láki **14.24** Ofurhundurinn Krypto **14.45** UKI **14.50** Hvellur keppnisbíll **15.00** Dóra könnuður **15.23** Svampur Sveinsson **15.46** Doddi litli og Eyrnastór **16.00** Áfram Diego, áfram! **16.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **16.46** Latibær **17.00** Strumparnir **17.25** Ævintýri Tinna **17.47** Skoppa og Skrítla **18.00** Lukku láki **18.24** Ofurhundurinn Krypto **18.45** UKI **18.50** Hvellur keppnisbíll **19.00** Ævintýri Samma **20.25** Sögur fyrir svefninn

## GULL

**17.55 Strákarnir**
**18.25 Friends**
**18.45 Seinfeld**
**19.10 Modern Family**
**19.35 Two and a Half Men** *(4:16)* Áttunda sería þessa bráðskemmtilega þáttar um bræðurna Charlie og Alan.
**20.00 Fóstbræður** *(6:7)*
**20.30 Mið-Ísland** *(7:8)*
**20.55 Steindinn okkar** *(7:8)*
**21.20 The Drew Carey Show** *(11:24)*
**21.45 Curb Your Enthusiasm** *(6:10)*
**22.15 Twenty Four** *(5:24)*
**23.00 Game of Thrones** *(4:10)*
**23.55 A Touch of Frost**
**01.40 Fóstbræður**
**02.10 Mið-Ísland**
**02.40 The Drew Carey Show**
**03.00 Steindinn okkar**
**03.20 Curb Your Enthusiasm**
**03.55 Tónlistarmyndbönd**

## BÍÓ

**11.45 Love and Other Drugs**
**13.35 Dolphin Tale**
**15.25 Splitting Heirs**
**16.55 Love and Other Drugs**
**18.45 Dolphin Tale**
**20.35 Splitting Heirs**
**22.05 Contagion**
**23.50 Safe House**
**01.45 The Matrix**
**04.00 Contagion**

## RÚV

**15.45 Kiljan**
**16.30 Ástareldur** *(Sturm der Liebe)*
**17.20 Franklín og vinir hans**
**17.43 Hrúturinn Hreinn**
**17.50 Stundin okkar**
**18.25 Táknmálsfréttir**
**18.35 Melissa og Joey** *(6:16) (Melissa & Joey)* **Bandarísk gamanþáttaröð.**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.05 Gunnar á völlum - Maður í bak** Gunnar Sigurðarson spjallar við íþróttafólk af hóflegri alvöru.
**20.15 Fagur fiskur** *(7:8) (Krabbi)*
**20.50 Sönnunargögn** *(13:13) (Body of Proof)*
**21.35 Hulli** *(7:8) (Sjöundi þáttur)* Hulli er teiknuð útgáfa af höfundi þáttanna, Hugleiki Dagssyni. Hann býr í Reykjavík og er listamaður á niðurleið.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Djöflar Da Vincis** *(5:8) (Da Vinci's Demons)* Þáttaröð um snillinginn Leonardo Da Vinci og ævintýri hans þegar hann var ungur maður í Flórens á endurreisnartímanum.
**23.20 Hálfbróðirinn** *(7:8) (Halvbroren)*
**00.05 Kynlífsráðuneytið** *(12:15) (Sex ministeriet)*
**00.35 Kastljós**
**01.00 Fréttir**
**01.10 Dagskrárlok**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Cheers**
**08.25 Dr.Phil**
**09.05 Pepsi MAX tónlist**
**12.00 Árshátíðarsjónvarp Skólafélags MR**
**12.30 Pepsi MAX tónlist**
**15.40 The Voice**
**17.10 Gordon Ramsay Ultimate Cookery Course**
**17.40 Dr.Phil**
**18.20 America's Next Top Model**
**19.05 America's Funniest Home Videos**
**19.30 Cheers** *(23:26)*
**19.55 Solsidan** *(10:10)*
**20.20 Save Me** *(4:13)*
**20.45 30 Rock** *(4:13)***21.10 Happy Endings** *(8:22)*
**21.35 Parks & Recreation** *(8:22)*
**22.00 Flashpoint - LOKAPÁTTUR** *(18:18)* Spennandi þáttaröð um sérsveit lögreglunnar sem er kölluð út þegar hættu ber að garði.
**22.45 Under the Dome** *(4:13)* **23.35 Excused**
**00.00 Unforgettable**
**01.20 Flashpoint**
**02.05 Blue Bloods**
**02.55 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** Eurosport **10.00** Frys.com Open 2013 **13.00** Ryder Cup Official Film 2002 **15.00** Frys.com Open 2013 **18.00** Frys.com Open 2013 **19.40** PGA Tour - Highlights **20.35** Inside the PGA Tour **21.00** Children´s Miracle Classic 2013 **00.00** Children´s Miracle Classic 2013 **03.00** Eurosport

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** Kaninn
**FM 102,2** Útv. Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun

# BLANDAÐU GEÐI VIÐ RUSSELL HOBBS

Russell Hobbs

Glæsilegur 750W blandari með glerkönnu úr vinsælu Desire-línunni frá Russell Hobbs.




**9.746**

VERÐ ÁÐUR ~~12.995~~

**25%** afsláttur af öllum Russell Hobbs vörum

**NÁNARI UPPLÝSINGAR**

- 750W blandari
- 1,5 lítra glerkanna
- 2 hraðastillingar ásamt „pulse" takka
- Gúmmí undir blandara sem heldur honum stöðugum
- Hægt að opna lítil op í lokinu til að bæta ofaní blandarann á meðan hann er í gangi

PIPAR\TBWA • SÍA • 132989

## Brot af vöruúrvali okkar

| Vara | Tilboð | Verð áður |
|---|---|---|
| …esire hrærivél | | ~~33.900~~ |
| Russell Hobbs Desire matvinnsluvél | 12.675 | ~~16.900~~ |
| Russell Hobbs Desire safapressa | 14.925 | ~~19.900~~ |
| Russell Hobbs salt/pipar – rafhlöðu | 5.993 | ~~7.990~~ |
| Russell Hobbs Deluxe kaffivél | 10.425 | ~~13.900~~ |
| Russell Hobbs Desire töfrasproti | 7.118 | ~~9.490~~ |
| Russell Hobbs h… | 8.175 | |



**SENDUM FRÍTT HEIM STRAX Í KVÖLD**

innan höfuðborgarsvæðisins*

## Risa vefverslun – aukin þjónusta



Frá því Heimkaup hófu göngu sína hafa þúsundir Íslendinga nýtt sér hversu þægilegt og fljótlegt er að versla á heimkaup.is, enda bjóðum við mikið úrval af vörum á frábæru verði.

Við sendum vöruna til þín frítt* hvert á land sem er og komum vörum til skila sama kvöld ef pantað er fyrir kl. 18. Við bjóðum viðskiptavini líka velkomna í sýningarsal okkar í Turninum, Kópavogi þar sem hægt er að kaupa vörur á staðnum eða sækja vörur sem keyptar eru í vefversluninni.

*Sjá nánar um sendingarmöguleika og skilmála um heimsendingar á heimasíðunni, www.heimkaup.is

Smáratorgi 3 / 201 Kópavogi / 550 2700

heimkaup.is

Örugg vefverslun | Hagstætt verð | Hraðsending | Sendum um allt land

HEIMKAUP

## BESTI BITINN Í BÆNUM



**„Kryddlegin hjörtu við Skúlagötu er frábær staður. Þar fær maður frábærar súpur, salöt og fiskrétti, allt lífrænt og virkilega gott.“**

Gunnlaugur Briem tónlistarmaður

# Skrifaði heiðarlega bók um hrunið

Bók um reynslu þingmannsins Steingríms J. Sigfússonar af hruninu kemur út um mánaðamótin.

„Af minni hálfu lagði ég áherslu á að segja mína sögu heiðarlega,“ segir þingmaðurinn Steingrímur J. Sigfússon.

Um næstu mánaðamót kemur út bókin Steingrímur J – Frá hruni og heim, á vegum Bjarts. Þar ræðir fjármálaráðherrann fyrrverandi við Björn Þór Sigbjörnsson um hvernig það var að vera í forystu við að reisa landið úr rústum hrunsins, tildrög þess að stjórn Samfylkingarinnar og Vinstri grænna tók við árið 2009, þungbærum deilum við samherja og gerir upp hin miklu hitamál þessara ára.

„Það er nokkuð um liðið síðan ég lauk mínum þætti í þessu. Þetta var bara ánægjuleg glíma við að koma þessu saman með mjög öflugum og samviskusömum skrásetjara,“ segir Steingrímur, spurður út í bókina. „Ég vona að þetta standi undir væntingum og veiti fróðlega innsýn.“

Hann bætir við: „Ég vildi ekkert hlífa mér við að greina frá minni sýn á hlutina, jafnvel þó að ég viti að í einhverjum tilvikum er hún önnur en annarra og einhverjir verða kannski fúlir,“ segir hann. „Auðvitað er maður í návígi við mikla atburði og er einn eða einn af fáum sem eru til vitnis um ýmsa hluti sem skiptu miklu máli fyrir landið á þessum tímum.“

Steingrímur vildi gefa bókina út fyrr en seinna á meðan atburðirnir væru honum enn ferskir í minni og á meðan málefni hrunsins væru enn til umfjöllunar hjá þjóðinni. - fb



**BÓK UM HRUNIÐ** Steingrímur J. Sigfússon hefur skrifað heiðarlega bók um hrunið. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA








**ÓHEFÐBUNDIN NAFNAVEISLA** Þau Maríjon Nóadóttir og Reynald Hinriksson ásamt Karítas, dóttur sinni. létu útbúa köku Maríjon og Reynald lágu yfir nafnalistum og ákváðu að lokum að plata vini og vandamenn og segja að frumburðurinn fengi nafnið Blíða Charlotte Reynaldsdóttir. MYND/ÚR EINKASAFNI

# Hrekktu fjölskyldu og vini í nafnaveislunni

Maríjon Nóadóttir og Reynald Hinriksson lugu til um nafn dóttur sinnar í nafnaveislu í september. Viðbrögð vina og vandamanna voru á ýmsa vegu.

„Þar sem það er enginn prestur í nafnaveislum þurftum við að huga að því hvernig við vildum tilkynna nafnið. Hvorugt okkar er eitthvað hrifið af því að halda ræður – þannig að við ákváðum að tilkynna nafnið með kökunni,“ segir Maríjon Ósk Nóadóttir, en hún og sambýlismaður hennar, Reynald Hinriksson, buðu til nafnaveislu til heiðurs frumburðinum í lok september og ákváðu að hrekkja fjölskyldu sína og vini í veislunni.

„Okkur datt í hug að hafa grínköku, með einhverju öðru nafni en því sem við höfðum valið á dóttur okkar,“ útskýrir Maríjon.

Þau Maríjon og Reynald lögðust yfir nafnalista og völdu tvö nöfn sem þeim fannst fyndin og hallærisleg saman og varð nafnið Blíða Charlotte fyrir valinu.

„Við höfðum undirbúið nokkra veislugesti með því að segja þeim að eitt nafnið yrði íslenskt en hitt alþjóðlegt,“ heldur Maríjon áfram.

Því létu þau útbúa köku með nöfnunum Blíða Charlotte á og tilkynntu fjölskyldu og vinum í veislunni að stúlkan kæmi til með að bera það nafn.

„Viðtökurnar voru mjög vandræðalegar. Fyrst sló þögn á hópinn og svo kallaði mamma fram í hópinn: Ha, Blíða? Svo klöppuðu allir vandræðalega og hrósuðu okkur fyrir valið. Ég held að fæstir hafi meint það þegar þeir sögðu nafnið fallegt. Sem dæmi sagði einn fjölskyldumeðlimur að hann hefði hugsað að þetta væri mjög sérstakt nafn en vonaði að það myndi venjast með tímanum. Svo byrjuðum við að hlæja og fólk var frekar lengi að taka við sér, að uppgötva að þetta væri grín,“ bætir hún við og hlær.

Gestirnir önduðu þó léttar þegar í ljós kom að stúlkan myndi ekki bera nafnið Blíða Charlotte, heldur Karítas. „Við heitum bæði svo erfiðum nöfnum að barnið okkar varð að fá hefðbundið nafn. Hún heitir Karítas Reynaldsdóttir,“ segir Maríjon að lokum. olof@frettabladid.is




# Andrea með innsetningu í London

Fékk algjört frelsi til að hanna gluggainnsetningu í Fenwicks, virtri stórverslun.

Myndlistarmaðurinn og ilmhönnuðurinn Andrea Maack lauk nýverið við að setja upp stóra gluggainnsetningu í stórversluninni Fenwicks á Bond Street í London. „Þetta er stærsti glugginn okkar hingað til og jafnframt í fyrsta sinn sem Fenwicks gefur myndlistarmanni algjört frelsi til að hanna glugga,“ segir Andrea. Fenwicks er þekkt stórverslun í Bretlandi sem selur tískuvörur og fylgihluti frá stórum hönnunarfyrirtækjum á borð við Stella McCartney, Kenzo, Missoni og Paul Smith. „Þetta er rosalega skemmtilegt verkefni og jafnframt mikill heiður fyrir mig,“ heldur Andrea áfram.

Andrea býr og starfar á Ítalíu um þessar mundir þar sem hún vinnur að nýrri ilmvatnslínu, en ilmvötn Andreu hafa farið sigurför um heiminn og eru fáanleg í yfir tuttugu löndum, í Bandaríkjunum, Evrópu, Mið-Austurlöndum og á Íslandi.

Andrea hefur verið iðin við kolann undanfarið ár. Hún hefur vakið mikla athygli í erlendri pressu og fjallað hefur verið um hana í glanstímaritum á borð við Vogue, Marie Claire, Costume og Elle svo einhver séu nefnd. Auk þess opnaði Andrea sýninguna Kaflaskipti, ásamt Hugin Þór Arasyni, í Hafnarhúsinu síðastliðið vor, en þar mættust tíska og myndlist á einni sýningu. - ósk




**FÆR ALGJÖRT FRELSI** Andrea Maack sést hér vinna að gluggainnsetningunni í London. MYND/SAGA SIG

# *Opið til kl. 21 í kvöld!*

## *25% afsl. af öllum vörum frá* LSA




Kanna 8.300,-
nú 6.225,-

Hunangskrukka 8.400,-
nú 6.300,-

Blómavasi 4.900,-
nú 3.675,-

Diskur m/hjálmi 8.500,-
nú 6.375,-

Diskur m/hjálmi 13.200
nú 9.900,-

Kökudiskur 9.900,-
nú 7.425,-

Krús m/loki 7.800,-
nú 5.850,-

Skál 12.600,-
nú 9.450,-

Karafla 7.900,-
nú 5.925,-

Fat 8.300,-
nú 6.225,-

Skálar 4stk. 11.400,-
nú 8.550,-

Bakki 7.200,-
nú 5.400,-

Litlar skálar m/skeið 2. stk. 7.400,-
nú 5.550,-

# HEIMAHÚSIÐ

Ármúla 8 - 108 Reykjavík - Sími 568 42 42 - www.heimahusid.is. Opið virka daga 10 -18, laugardaga 11 -16

# FRÉTTABLAÐIÐ

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 **VÍSIR**

**RITSTJÓRN** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



OPIÐ 24 TÍMA
Nú er opið allan sólarhringinn í Engihjalla
Iceland


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Hrósar Hjaltalín-mynd

Þögla kvikmyndin Days of Gray, þar sem tónlist **Högna Egilssonar** og félaga í Hjaltalín skipar stóran sess, fær góða dóma á hinni virtu vefsíðu Hollywood Reporter. Þar segir að leikstjórinn Ani Simon-Kennedy noti á fagmannlegan hátt ósnortið landslag Íslands og geri tónlist Hjaltalín góð skil í leiðinni. Gagnrýnandinn bætir við að myndin ætti að vekja athygli á kvikmyndahátíðum víða um heim og ætti einnig að vekja áhuga tónlistaráhugamanna á Hjaltalín. Hann segir tónlist hljómsveitarinnar við myndina framúrskarandi og að hún styðji vel við leik barnanna sem eru í aðalhlutverkunum. *- fb*



### Breytingar fram undan

**Ása Ninna Pétursdóttir** og maður hennar Guðmundur Hallgrímsson eigendur GK-Reykjavík hafa sett hús sitt á sölu. Húsið sem stendur við Ásvallagötu er 218 fermetrar að stærð og er ásett verð 108 milljónir. Miklir flutningar eru á þeim þessa dagana því samkvæmt heimildum er GK að flytja af Laugavegi í nýtt húsnæði auk þess sem þau hyggjast opna nýja verslun á Skólavörðustíg undir nafni danska fatamerkisins Suit.



## Mest lesið VÍSIR

1. Ræða borgarstjóra vekur kátínu: Vefmyndavélar í augu Ólafs Thors
2. Aron þjóðhetja í Mexíkó | Myndband
3. Bakarameistarinn vildi alls ekki baka nein vandræði
4. Tvær nýjar ákærur sameinaðar Stokkseyrarmálinu
5. Vakin upp á táknrænan hátt - Landspítalann vantar þrjá milljarða


NOTALEG NOSTALGÍA




Fjörug saga úr nálægum en þó framandi tíma
www.forlagid.is



Kringlukast



40% AFSLÁTTUR
JAKKAFÖT
PETER VAN HOLLAND
FINUCCI collezione
VAN KOLLEM MADISON PARK • NY
VERÐ ÁÐUR KR. ~~59.980~~ & KR. ~~69.980~~
VERÐ NÚ KR. 35.988
& KR. 41.988

40% AFSLÁTTUR
ÚTIJAKKAR
FINUCCI collezione
VERÐ ÁÐUR KR. ~~49.980~~
VERÐ NÚ KR. 29.988

40% AFSLÁTTUR
PEYSUR
FINUCCI collezione
VERÐ ÁÐUR KR. ~~19.980~~ & KR. ~~14.980~~
VERÐ NÚ KR. 8.988
& KR. 11.988

2 fyrir eina
SKYRTUR
Bruun & Stengade
VERÐ ÁÐUR KR. ~~29.960~~
VERÐ NÚ KR. 14.980
VERÐ ÁÐUR KR. ~~39.960~~
VERÐ NÚ KR. 19.980

herra GARÐURINN
-klæðir þig vel
KRINGLAN
568 9234